

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL

EVVRÓPU 2007

Dómareifanir

1. hefti 2007 (janúar – júní)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Ritstjóri: Björg Thorarensen
Ritnefnd: Oddný Mjöll Arnardóttir
Skúli Magnússon

Mannréttindadómstóll Evrópu
Dómareifanir
1. hefti 2007 (janúar – júní)

© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands
ISSN 1670-6145
Ljósmynd á kápu er fengin frá Evrópuráðinu
Prentun Gutenberg

Útgáfan er styrkt af dómsmálaráðuneytinu

Frá ritstjóra

Nokkrir dómur og ákvarðanir Mannréttindadómstóls Evrópu frá fyrri hluta ársins 2007 hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenskan rétt. Þar má fyrst nefna ákvörðun í máli Jóhanns Sigurðar Kristjánssonar og Bóasar Kristins Bóassonar gegn Íslandi frá 10. apríl 2007. Kæruefni þeirra var að takmarkanir íslenskra réttarfarslaga á því að áfrýja refsisdómum til Hæstaréttar brytu í bága við rétt til áfrýjunar sakamála samkvæmt 2. gr. 7. viðauka við Mannréttindasáttmálann. Kærendur höfðu verið dæmdir til greiðslu sektar, hvor um sig að fjárhæð 50 þúsund krónur, fyrir brot á veiðilöggjöf auk þess sem þeir voru sviptir veiðileyfi og skotvopnum og veiði gerð upptæk. Hæstiréttur synjaði þeim um áfrýjunarleyfi í ljósi þess að fjárhæð sekta var undir þeirri áfrýjunarfjárhæð sem áskilin er í lögum um meðferð opinberra mála. Í kærumálinu fyrir Mannréttindadómstólnum reyndi einkum á túlkun 2. mgr., 2. gr. viðaukans sem setur þann fyrirvara við réttinn til áfrýjunar í sakamállum að hann eigi ekki forstakslaut við um minniháttar mál. Í ákvörðun sinni lýsir dómstóllinn rökum að baki þessari undantekningu og bendir jafnframt á að aðildarríki hafi nokkuð svigrúm til að ákveða hvaða reglur gildi um rétt til áfrýjunar. Dómstóllinn benti á að umræddar sektir teldust minniháttar í skilningi ákvæðisins, en mat þó engu að síður hvort synjun um áfrýjunarleyfi í málum kærenda hefði stefnt að lögmeðu markmiði og hvort vegið hefði verið að kjarna réttarins til aðgangs að dómstólum. Niðurstaðan varð að þessi takmörkun á áfrýjunarrétti kærenda var ekki talin andstæð ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu og vísaði dómstóllinn kærunni frá sem augljóslega illa grundaðri. Af þessu má draga þá ályktun að dómstóllinn lætur ekki formið eitt ráða niðurstöðu, þ.e. þótt mál sé óumdeilanlega minniháttar vegna fjárhæðar sektar, getur takmörkun á áfrýjunarrétti við þær aðstæður engu að síður höggvið að kjarna réttarins.

Nefna má fleiri athyglisverðar niðurstöður sem hér eru reifaðar þar sem túlkun Mannréttindadómstólsins á ákvæðum sáttmálans er stefnumarkandi. Í dómi í máli O'Halloran og Francis gegn Bretlandi frá 29. júní reyndi á hvort lagaskylda eiganda bifreiðar til að veita upplýsingar um ökuþing bifreiðar vegna brots á umferðarlögum, en verða ella sektaður fyrir að neita að upplýsa um það, bryti gegn rétti manns til að fella ekki á sig sök sem nýtur verndar 6. gr. sáttmálans. Yfirdeild dómstólsins rökstuddi ítarlega hvernig þessi undantekning frá þagnarrétti sakbornings stenst skilyrði 6. gr. sáttmálans um réttláta málsmeðferð. Í dóminum er m.a. bent á að þeir sem kjósa að eiga bifreið gangist með því undir ákveðnar reglur sem skilgreina ábyrgð þeirra og skyldur. Ein þeirra sé skylda til að upplýsa um ökuþing bifreiðar. Í ljósi þess að um ræði sérstakt eðli umferðarreglna og takmarkaðra aðstæðna sem þær lúti að taldi dómstóllinn að ekki hefði verið skertur kjarni réttinda kærenda til að fella ekki sök á sjálfan sig. Með þessu er tekið af skarið um að þessi tilhögun við rannsókn umferðarlagabrota sem hefur verið tekin upp í mörgum Evrópuríkjum, þar á meðal í íslensku umferðarlögnum, er ekki andstæð ákvæðum Mannréttindasáttmálans en fram að þessu hafði slík afdráttarlaus lagaskylda vakið upp slíkar spurningar.

Loks má nefna annan dóm, Evans gegn Bretlandi frá 10. apríl. Þar tókst dómstóllinn á við áleitnar siðferðislegar spurningar varðandi rétt konu til að nýta fósturvísa gegn vilja fyrrverandi sambýlismanns sem var hinn kynfrumgjafinn. Var þetta var eini möguleiki kæranda til að eignast barn sem væri líffræðilega skylt henni en ekki var mögulegt að nýta hann samkvæmt breskum lögum gegn vilja fyrrverandi sambýlismannsins. Í málinu vógust þannig á hagsmunir tveggja kynfrumugjafa og hvort bresk löggjöf tæki sanngjarnt tillit til þeirra, en dómstóllinn taldi svo vera. Vafalaust mun reyna á ýmis álitæfni hér á landi og fleiri Evrópuríkjum sem spretta af þeim margvíslegu möguleikum sem læknavísindin veita á þessu sviði. Niðurstaðan sem ræðst af mati á hagsmunum þriggja einstaklinga, móður, föður og barns við þessar aðstæður er ekki alltaf auðfundin eins og glögg sést í þessum dómi og séráliti fjögurra dómara um aðra niðurstöðu.

Sem fyrr hafa dómareifanir í þessu hefti verið unnar af laganemum við laga-deild Háskóla Íslands, þeim Írisi Lind Sæmundsdóttur, Hildigunni Hafsteinsdóttur og Maríu Rún Bjarnadóttur og færir ritstjórnin þeim bestu þakkir fyrir.

Björg Thorarensen

Efnisyfirlit
1. hefti 2007 (janúar – júní)

| | |
|--|-----------|
| 2. gr. Réttur til lífs | 9 |
| Huohvanainen gegn Finnlandi. Dómur frá 13. mars 2007 | |
| <i>Lögregla. Umsátur. Beiting skotvopna</i> | 9 |
| Evans gegn Bretlandi. Dómur frá 10. apríl 2007 (sjá reifun undir 8. gr.)... | 11 |
| Ramsahai o.fl. gegn Hollandi. Dómur frá 15. maí 2007 | |
| <i>Beiting skotvopna. Opinber rannsókn. Opinber málsmeðferð</i> | 12 |
| 3. gr. Bann við pyndingum | 15 |
| Salah Sheekh gegn Hollandi. Dómur frá 11. janúar 2007 | |
| <i>Hælisleitendur. Brottvísun</i> | 15 |
| Wieser gegn Austurríki. Dómur frá 22. febrúar 2007 | |
| <i>Vanvirðandi meðferð. Likamsleit</i> | 16 |
| Erdogan Yagiz gegn Tyrklandi. Dómur frá 6. mars 2007 | |
| <i>Vanvirðandi meðferð. Handjárnun á almannafæri</i> | 18 |
| Gebremedhin gegn Frakklandi. Dómur frá 26. apríl 2007 (sjá reifun undir 13. gr.) | 20 |
| 5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi | 20 |
| Gebremedhin gegn Frakklandi. Dómur frá 26. apríl 2007 (sjá reifun undir 13. gr.)..... | 20 |
| 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi | 21 |
| Boldea gegn Rúmeníu. Dómur frá 15. febrúar 2007 (sjá reifun undir 10. gr.) | 21 |
| Geerings gegn Hollandi. Dómur frá 1. mars 2007 | |
| <i>Sakleysi uns sekt er sönnuð. Eignaupptaka</i> | 21 |
| Vilho Eskelinen o.fl. gegn Finnlandi. Dómur frá 19. apríl 2007 | |
| <i>Réttindi að einkamálarétti. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma</i> | 22 |
| W gegn Finnlandi. Dómur frá 24. apríl 2007 | |
| <i>Réttur til að spyrja vitni. Kynferðisbrot</i> | 24 |
| Ramsahai o.fl. gegn Hollandi. Dómur frá 15. maí 200 (sjá reifun undir 2. gr.) | 25 |
| Wagner og J.M.W.L. gegn Lúxemborg. Dómur frá 28. júní 2007 (sjá reifun undir 8. gr.) | 25 |
| O'Halloran og Francis gegn Bretlandi. Dómur frá 29. júní 2007 | |
| <i>Sönnunargögn. Réttur til að fella ekki á sig sök</i> | 26 |

| | |
|---|-----------|
| 7. gr. Engin refsing án laga | 29 |
| Custers, Deveaux og Turk gegn Danmörku. Dómur frá 3. maí 2007 | |
| <i>Refsiheimildir. Lagastöð. Fyrirsjáanleiki. Varnarsvæði.</i> | 29 |
| 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu | 31 |
| Zavrel gegn Tékklandi. Dómur frá 18. janúar 2007 | |
| <i>Börn. Umgengnisréttur.</i> | 31 |
| Eski gegn Austurríki. Dómur frá 25. janúar 2007 | |
| <i>Börn. Ættleiðing.</i> | 32 |
| Tysiac gegn Póllandi. Dómur frá 20. mars 2007 | |
| <i>Fóstureyðing. Friðhelgi líkama.</i> | 34 |
| Copland gegn Bretlandi. Dómur frá 3. apríl 2007 | |
| <i>Eftirlit með síma- og tölvunotkun á vinnustað.</i> | 36 |
| Evans gegn Bretlandi. Dómur frá 10. apríl 2007 | |
| <i>Tæknifríðgunarmeðferð. Fósturvísar. Samþykki.</i> | 37 |
| Wagner og J.M.W.L. gegn Lúxemborg. Dómur frá 28. júní 2007 | |
| <i>Ættleiðing. Lagaskiláréttur. Rökstuðningur dóma. Stofnun fjölskyldu. Mismunun.</i> | 39 |
| 10. gr. Tjáningarfrelsi | 42 |
| Vereinigung bildender Künstler gegn Austurríki. Dómur frá 25. janúar 2007 | |
| <i>Stjórnmálamenn. Listræn tjáning.</i> | 42 |
| Boldea gegn Rúmeníu. Dómur frá 15. febrúar 2007 | |
| <i>Meiðyrði. Ummæli um fræðilega hæfni. Rökstuðningur dóma.</i> | 43 |
| Ferihumer gegn Austurríki. Dómur frá 1. febrúar 2007 | |
| <i>Meiðyrði. Ummæli um kennara. Staðreyndir og gildisdómar.</i> | 45 |
| Tønsberg Blad AS og Haukom gegn Noregi. Dómur frá 1. mars 2007 | |
| <i>Blaðamenn. Opinberar persónur.</i> | 47 |
| Hachette Filipacchi Associés gegn Frakklandi. Dómur frá 14. júní 2007 | |
| <i>Fjölmiðlar. Myndbirting.</i> | 49 |
| Dupuis o.fl. gegn Frakklandi. Dómur frá 7. júní 2007 | |
| <i>Blaðamenn. Trúnaðarskyldur. Birting ólöglega fenginna gagna.</i> | 51 |
| 11. gr. Funda- og félagafrelsi | 54 |
| Samtök lestarstjóra og slökkviliðsmanna gegn Bretlandi. Dómur frá 27. febrúar 2007 | |
| <i>Réttindi félaga. Brottrekstur úr stéttarfélagi.</i> | 54 |
| Baczowski o.fl. gegn Póllandi. Dómur frá 3. maí 2007 | |
| <i>Mótælafundir. Úrlausn um lögmæti funda. Mismunun.</i> | 56 |
| Þjóðernisflokkur Baska – Svæðisfélag Iparralde gegn Frakklandi. Dómur frá 7. júní 2007 | |
| <i>Fjármál stjórnmálaaflokka</i> | 58 |

| | |
|--|-----------|
| 13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns..... | 60 |
| Salah Sheekh gegn Hollandi. Dómur frá 11. janúar 2007 (sjá reifun undir 3. gr.) | 60 |
| Boldea gegn Rúmeníu. Dómur frá 15. febrúar 2007 (sjá reifun undir 10. gr.)..... | 60 |
| Vilho Eskelinen o.fl. gegn Finnlandi. Dómur frá 19. apríl 2007 | 60 |
| (sjá reifun undir 6. gr.) | |
| Gebremedhin gegn Frakklandi. Dómur frá 26. apríl 2007 | |
| <i>Hælisleitendur. Kæra. Framkvæmd brottvísunar.</i> | 60 |
| Baczkowski o.fl. gegn Póllandi. Dómur frá 3. maí 2007 (sjá reifun undir 11. gr.)..... | 60 |
| 14. gr. Bann við mismunun | 63 |
| Evans gegn Bretlandi. Dómur frá 10. apríl 2007 (sjá reifun undir 8. gr.)... | 63 |
| Baczkowski o.fl. gegn Póllandi. Dómur frá 3. maí 2007 (sjá reifun undir 11. gr.)..... | 63 |
| Runkee og White gegn Bretlandi. Dómur frá 10. maí 2007 | 63 |
| <i>Mismunun á grundvelli kynferðis. Jákvæðar aðgerðir.</i> | 63 |
| Wagner og J.M.W.L. gegn Lúxemborg. Dómur frá 28. júní 2007 | 64 |
| (sjá reifun undir 8. gr.) | |
| 46. gr. Bindandi áhrif dóma og fullnusta þeirra..... | 65 |
| Scordino gegn Ítalíu. Dómur frá 6. mars 2007 | |
| <i>Fyrirmæli um ráðstafanir til leiðréttingar á kerfisbundnum brotum. Bætur fyrir ólögmeta eignasviptingu.</i> | 65 |
| 1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar..... | 67 |
| Anheuser-Busch gegn Portúgal. Dómur frá 11. janúar 2007 | |
| <i>Hugtakið eign. Vörumerki.</i> | 67 |
| Edvaldsson o.fl. gegn Svíþjóð. Dómur frá 13. febrúar 2007 | |
| <i>Félagaskylda. Gjald til stéttarféлага.</i> | 68 |
| Vilho Eskelinen o.fl. gegn Finnlandi. Dómur frá 19. apríl 2007 | 70 |
| (sjá reifun undir 6. gr.) | |
| Runkee og White gegn Bretlandi. Dómur frá 10. maí 2007 (sjá reifun undir 14. gr.) | 70 |
| Paudicio gegn Ítalíu. Dómur frá 24. maí 2007 | |
| <i>Skipulagslöggjöf. Niðurrif mannvirkja.</i> | 70 |
| 2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar | 72 |
| Folgerø o.fl. gegn Noregi, Dómur frá 29. júní 2007 | |
| <i>Grunnskólar. Trúarbragðafræðsla.</i> | 72 |

| | |
|---|----|
| 3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga | 76 |
| Yumak og Sadak gegn Tyrklandi. Dómur frá 30. janúar 2007 | |
| <i>Kosningalöggjöf. Lágmarksatkvæðafjöldi.</i> | 76 |
| 2. gr. 7. viðauka. Réttur til áfrýjunar sakamáls | 78 |
| Jóhann Sigurður Kristjánsson og Bóas Kristinn Bóasson gegn Íslandi. | |
| Ákvörðun um meðferðarhæfi frá 10. apríl 2007 | |
| <i>Áfrýjun sektardóms. Minni háttar brot.</i> | 78 |

2. gr. Réttur til lífs

Huohvanainen gegn Finnlandi

Dómur frá 13. mars 2007

Mál nr. 57389/00

2. gr. Réttur til lífs

Lögregla. Umsátur. Beiting skotvopna.

1. Málsatvik

Kærandi, Kauko Huohvanainen, er fæddur 1965 og búsettur í Liperi í Finnlandi. Málið varðar dauða bróður hans, J, sem skotinn var til bana af lögreglunni. J var þá 27 ára.

Þann 1. desember 1994, daginn eftir að J hafði ógnað leigubifreiðarstjóra með skotvopni, var heimili hans umkringgt af lögreglu. Lögreglunni hafði verið tjáð að J hefði verið viðriðinn vopnað umsátur, að hann væri haldinn ofsóknarbrjálæði og árásargjarn. Einnig var lögreglu tjáð að hann hefði verið vistaður á geðdeild og að honum væri mjög í nöp við lögregluna. Lögreglan hafði ásamt sálfræðingi reynt að ræða við hann í síma en án árangurs. Á hádegi voru 32 lögreglumenn saman komnir við heimili J og síðla dags bættust við 23 sérþjálfaðir lögreglumenn. J hleypti af skotum í átt að lögreglu og neitaði að semja. Lögreglu var tjáð að J væri afbragðsskytta og að hann ætti tiltekna tegundir skotvopna. Rétt eftir það sá lögreglan J með skotvopn og um kl. 22 skaut J nokkrum skotum í loft upp sem og að lögreglunni. Snemma næsta dag beitti lögreglan ýmsum brögðum við að koma auga á J og halda honum innandyra. Þaðan skaut hann nokkrum sinnum að lögreglu. Eftir árangurslausar tilraunir til að semja við J fyrirskipaði lögreglumaður, sem stjórnaði aðgerðum, að nota skyldi táragas til að reyna að yfirbuga J sem þó hafði engin sýnileg áhrif á J. Einnig reyndi lögreglan að ná tali af J í gegnum síma og með gjallarhorni. Hvorugt bar árangur. Seinni part dags skaut J nokkrum skotum og varpaði nokkrum sprengjum að lögreglu, þ.m.t. molotov-kokteilum. Að því er virðist kveikti hann síðan í húsi sínu.

Í ljósi aðstæðna, þ.e. vegna myrkurs og reykjarsvælu, var talið heppilegast að skjóta J í fótinn til að hindra að hann flýði af vettvangi. J var skotinn í hægri hönd og í hægri mjöðm. Honum var skipað að gefast upp.

Klukkustund síðar skreið hann út úr húsinu með tvær tegundir vopna undir höndum. Hann var skotinn tveimur skotum úr brynvörðum bíl af sex metra færi. Skotunum var miðað á öxl hans og handlegg en lentu í höfði hans og urðu honum að bana.

Atburðarás umsátursins var skráð jafnóðum sem og allar ákvarðanir og aðgerðir því tengdar. Í kjölfar þess var öllum upplýsingum safnað saman varðandi öll þau skot sem hleypt var af. Stjórnvald sem fór með rannsókn slíkra mála hóf um leið rannsókn á málinu. Í kjölfar beiðni frá fjölskyldu J beindist rannsókn málsins einnig að öðrum þáttum þess. Skjöl tengd krufningu, réttarrannsókn og atburðarás

2. gr. Réttur til lífs

umsáturs voru meðal þeirra sem skoðuð voru auk vitnisburða ýmissa aðila. Í byrjun febrúar 1995 var ákveðið að beina rannsókn málsins að því hvort umsátrið eða þáttur einhvers í því gæti talist ólögmaður. Sama ár skipaði innanríkisráðuneytið starfshóp sem rannsaka skyldi málið. Starfshópurinn skilaði skýrslu innan árs.

Innan við ári eftir umsátrið var refsímál höfðað gegn H, yfirmanni sérsveitar lögreglunnar. Hann var borinn sökum um manndráp af gáleysi og um að hafa brotið í bága við starfsskyldur sínar. Fyrir dóminn voru lagðar réttarrannsóknir sem og vitnisburður tekinn m.a. af þeim lögreglumönnum sem þátt tóku í umsátrinu. H var sýknaður. Málinu var áfrýjað en niðurstaða undirréttar var staðfest. Enginn annar en H var saksóttur vegna málsins.

Málsvara fjölskyldunnar var gefinn kostur á að gæta hagsmuna hennar við málaferlin. Lögfræðingi kæranda var gefinn kostur á að spyrja lykilvitni málsins, þar á meðal þá lögreglumenn sem hleyptu af skotum og eins þá sem stjórnuðu aðgerðum. Einnig var honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum undir rekstri málsins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að valdbeiting sem leiddi til dauða bróður hans hefði brotið í bága við 2. gr. sáttmálans enda ekki verið nauðsynlegt úrræði miðað við aðstæður.

Niðurstaða

Um skot að J: Dómstóllinn dró ekki í efa að lögreglan hefði talið það eina kostinn að grípa til skotárásar til að vernda starfsfélaga sína sem voru berskjaldaðir fyrir utan brynvarið farartækið. Dómstóllinn minnti á að notkun valds gæti talist réttlæt看leg samkvæmt 2. gr. sáttmálans ef slíkt væri í góðri trú sem teldist af góðum og gildum ástæðum eiga rétt á sér á þeim tíma sem um ræddi þrátt fyrir að annað kæmi í ljós eftir á. Ef slíkt teldist ekki réttlæt看legt væri annars mikil byrði lögð á aðildarríki og löggæslumenn sem gæti mögulega leitt til tjóns eða jafnvel dauða þeirra eða annarra. Dómstóllinn bætti við að ekki væri unnt að meta aðstæður í sama ljósi og lögreglumaður sem þyrfti að bregðast við í hita leiksins, jafnvel gagnvart því sem hann teldi raunverulega ógn við líf sitt eða annarra. Lögreglumennirnir sem um ræddi hefðu staðið andspænis manni, sem var vopnaður tveimur skotvopnum og hafði þar að auki skotið að lögreglu nokkrum sinnum á meðan á tveggja daga umsátri stóð. J hafði komið út vopnaður, hann hafði hunsað umleitanir lögreglu um að gefast upp og hafði skotið að lögreglu. Þá hefði ætlun lögreglu ekki verið að drepa hann heldur skerða hreyfingu hans. Í ljósi aðstæðna taldi dómstóllinn að notkun skotvopna hefði ekki brotið í bága við meðalhófsregluna og hefði ekki falið í sér neitt sem teldist umfram það sem, að mati lögreglumanna, hefði verið nauðsynlegt í ljósi raunverulegrar og aðkallandi ógnar gagnvart lífi samstarfsmanna þeirra.

Dómstóllinn leit einnig til þess hvort nægilegrar varkárni hefði verið gætt við skipulag og stjórn aðgerðarinnar. Var sérstaklega litið til þess hvort reynt var

2. gr. Réttur til lífs

eftir fremsta megni að draga úr hættu á því að J léti lífið og að gáleysi hefði ekki ráðið við val á aðgerðum sem gripið var til. Dómstóllinn benti á að umsátrinu hefði verið stjórnað af yfirmönnum og að allar þær aðgerðir sem gripið var til hefðu þeir samþykkt. Ekki væri unnt að draga í efa það mat lögreglu að nauðsynlegt hefði verið í stöðunni að vernda almenning með því að koma í veg fyrir að vopnaður maður slyppi. Lögreglan hafði einkum reynt að leysa málið með samstarfi við J, m.a. með því að telja J trú um að gefast upp. Einnig var reynt að ræða við hann í síma auk þess sem sérstakur málamiðlari var fenginn til að reyna að ræða við hann. Allar tilraunir lögreglu reyndust hins vegar árangurslausar. Í ljósi aðstæðna taldi dómstóllinn að ekki væri hægt að áfella yfirmenn fyrir að hafa ekki dregið sveitir lögreglu til baka frá heimili J. Jafnvel þó að kærandi hafi talið viðveru þeirra ögra bróður sínum þá hefði ekki verið svo auðvelt að draga sveitirnar til baka.

Valdbeiting lögreglu og notkun skotvopna í aðgerðum eins og um ræddi byggðist á lagafyrirmælum sem og reglum sem tryggja áttu að ekki yrði gripið til handahófskenndra aðgerða að þessu leyti. Allir þeir lögreglumenn sem hlut áttu að máli höfðu hlotið sérþjálfun í meðhöndlun skotvopna og aðgerðir þeirra voru undir stjórn og eftirliti yfirmanna þeirra. Dómstóllinn taldi að þær aðstæður sem leiddu til dauða J hefðu verið vegna valdbeitingar sem var ekki meiri en nauðsynleg taldist til að standa vörð um líf þeirra lögreglumanna sem stóðu fyrir utan brynvarða farartækið. Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að aðgerðirnar hefðu ekki brotið í bága við 2. gr. sáttmálans.

Um rannsókn málsins: Hvað varðaði rannsókn málsins benti dómstóllinn á að allar aðgerðir hefðu verið skráðar. Rannsókn málsins í kjölfarið hefði einnig verið stjórnað af þar til bæru stjórnvaldi sem sérhæfði sig í rannsóknum alvarlegra afbrota. Ekkert í málinu gæfi til kynna að rannsakendur hafi ekki verið óháðir þeim sem þátt áttu í umsátrinu. Rannsókn á ólögmati aðgerða hefði einnig farið fram en auk þess hefði innanríkisráðuneytið komið á fót starfshópi sem skilaði skýrslu um málið innan við ári frá því að umsátrið átti sér stað. Einnig benti dómstóllinn á að fjölskyldunni hefði verið gefinn kostur á að koma að málinu við opinber málaferli og að hagsmuna hennar hefði verið gætt með fullnægjandi hætti.

Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að rannsókn á dauða J hefði ekki brotið í bága við 2. gr. sáttmálans. Sú niðurstaða byggðist einkum á þeim fjölda vitna sem gaf skýrslu við rannsókn málsins, að skýrslur varðandi réttarrannsókn málsins hefðu verið skoðaðar, að lögmanni kæranda hefði verið gefinn kostur á að fara fram á frekari rannsóknaraðgerðir sem og að munnlegar skýrslur hefðu verið teknar af lykilvernum málsins fyrir dómi.

Evans gegn Bretlandi

Dómur frá 10. apríl 2007 – Yfirdeild

Mál nr. 6339/05

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Tæknifrjóvgunarmeðferð. Fósturvísar. Samþykki.

Ramsahai o.fl. gegn Hollandi

Dómur frá 15. maí 2007 - Yfirdeild

Mál nr. 52391/99

2. gr. Réttur til lífs

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Beiting skotvopna. Opinber rannsókn. Opinber málsmeðferð.

1. Málsatvik

Kærandur eru þrír hollenskir ríkisborgarar og ættingjar Moravia Ramsahai sem fæddist árið 1979, en var skotinn til bana af lögreglumanni í júlí 1998. Renee og Midred Ramsahai eru fædd 1938 og voru afi hans og amma og Ricky Ramsahai, fæddur 1960, var faðir hans. Þau búa öll í Amsterdam.

Moravia hótaði bifhjólæganda með byssu og stal bifhjóli 19. júlí 1998. Lögreglunni var gert viðvart. Lögreglumennirnir Bultstra og Brons reyndu að handtaka hann. Síðar var leitt í ljós að atburðarásin í kjölfarið hefði verið með þeim hætti að Bultstra sá Moravia draga upp byssu úr beltisól sinni og brást við með því að beina lögreglubyssu sinni að Moravia og skipa honum að sleppa vopninu. Moravia gerði það ekki. Brons nálgast Moravia, en þá beindi þá vopni sínu að lögreglumanninum sem tók upp sína byssu og skaut Moravia í hálsinn. Sjúkrabíll var kallaður á vettvang kl. 10.03, en þegar hann kom um kl. 10.15 var Moravia látinn. Málið var rannsakað sem sakamál. Fyrstu 15 og hálfu klukkustund rannsóknarinnar fór lögreglan í Amsterdam, umdæmið sem lögreglumennirnir Brons og Bultstra störfuðu í, með rannsókn málsins, en þá tók rannsóknarlögregla ríkisins við málinu. Saksóknari taldi ekki ástæðu til þess að ákæra í málinu þar sem að háttsemi lögreglumannsins hefði verið í sjálfsvörn. Kærandur vísuðu þeirri ákvörðun til áfrýjunardómstóls sem staðfesti ákvörðun saksóknarans.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu aðstæður við lát Moravia, ýmis atriði við rannsókn á dauða hans og meðferð málsins hjá áfrýjunardómstóli brot á 2. gr., 1. mgr. 6. gr. og 13. gr. sáttmálans.

Niðurstaða deildar

Þann 10. nóvember 2005 komst deildin að samhljóða niðurstöðu um að aðstæður sem leiddu til dauða Moravia hafi ekki falið í sér brot á 2. gr. sáttmálans. Hins vegar komst hún að þeirri niðurstöðu með fimm atkvæðum gegn tveimur, að brotið hefði verið gegn 2. gr. sáttmálans þar sem rannsókn á láti Moravia hafi ekki getað talist sjálfstæð og að málsmeðferð fyrir áfrýjunardómstóli hefði ekki verið nægilega opinber. Hollenska ríkið óskaði eftir því að málinu yrði vísað til yfirdeildar með vísan til 43. gr. sáttmálans.

2. gr. Réttur til lífs

Niðurstaða yfirdeildar

Um 2. gr. *Varðandi aðstæður við lát Moravia Ramsahai*. Yfirdeild vísaði til þess að deildin taldi sannað hvernig atvikum málsins við dauða Moravia var háttað og að aðilar máls hefðu ekki gert alvarlegar athugasemdir við það. Auk þess væri frásögn lögreglumannanna af atvikum í samræmi við það sem var upplýst í málinu að Moravia hafði áður um kvöldið hótað fólki með skotvopni. Á þeim grundvelli staðfesti yfirdeildin niðurstöðu deildarinnar um að beiting skotvopns lögreglumannsins Brons sem leiddi til dauða Moravia hafi ekki verið meiri en ýtrasta nauðsyn krafðist og væri því ekki brot á 2. gr. sáttmálans.

Varðandi rannsókn málsins. Við rannsókn málsins láðist meðal annars að kanna hvort púðurleifar hefðu fundist á höndum lögreglumannanna, vopn og skotfæri voru ekki skoðuð, ekki var reynt að setja atburðinn á svið og skýrslur gáfu ekki nægilega góða mynd af skotsárum á líkama Moravia. Þá voru ekki gerðar varúðarráðstafanir til þess að tryggja að lögreglumennirnir hefðu ekki samskipti hvor við annan eða aðra lögreglumenn í deild þeirra þá þrjá daga sem liðu frá atburðinum þar til skýrsla var tekin af þeim. Þetta var sérstaklega óheppilegt í ljósi þess að engin vitni voru að atburðinum önnur en lögreglumennirnir tveir. Með vísan til þessa taldi dómstóllinn að rannsókn á dauða Moravia hefði ekki verið fullnægjandi og þannig falið í sér brot á 2. gr. sáttmálans.

Ekki komu fram neinar ástæður sem réttlættu að málinu var ekki vísað beint til rannsóknarlögreglu ríkisins heldur var haft í umsjón lögreglunnar í Amsterdam fyrstu 15 og hálfu klukkustundina eftir að atburðurinn átti sér stað. Efast mætti um hlutleysi rannsóknarinnar af þessum sökum og fólst í því brot gegn 2. gr. sáttmálans. Þá taldi dómstóllinn óheppilegt að rannsókn málsins hefði verið undir eftirliti saksóknara opinberra mála í Amsterdam, sem jafnframt var ábyrgur fyrir starfsemi lögregludeildarinnar þar sem lögreglumennirnir Brons og Bultstra störfuðu og tók síðar ákvörðun um að sækja lögreglumennina ekki til saka vegna málsins. Dómstóllinn taldi að betra hefði verið að annar saksóknari, óháður lögregludeildinni í Amsterdam, hefði farið með málið. Hins vegar taldi dómstóllinn að líta yrði til sjálfstæðis saksóknara í Hollandi og að það væri embætti ríkissaksóknara sem bæri endanlega ábyrgð á rannsókn málsins. Þar að auki gátu kærendur leitað endurskoðunar áfrýjunardómstóls, sem þeir gerðu, á ákvörðunum saksóknara. Í ljósi þessa taldi dómstóllinn að þáttur saksóknara í rannsókn málsins bryti ekki gegn 2. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að í 2. gr. sáttmálans fælist ekki sjálfkrafa réttur nánustu ættingja látins manns til þess að fá fullan aðgang að öllum gögnum varðandi rannsókn á dauða hans. Jafnframt taldi dómstóllinn 2. gr. ekki leggja skyldu á rannsóknaryfirvöld að fylgja eftir hverri ósk aðstandenda um tiltekna rannsóknaraðgerðir. Deildin hafði komist að þeirri niðurstöðu í málinu að aðgangur kærenda að gögnum málsins hafi verið fullnægjandi til þess að taka virkan þátt í málaferlum er vörðuðu endurskoðun ákvörðunar saksóknara um að sækja ekki lögreglumanninn Brons til saka, en kærendur mótmæltu ekki þessari niðurstöðu deildarinnar við meðferð málsins hjá yfirdeild. Yfirdeildin komst því að þeirri niðurstöðu að ekki væri um að ræða brot á 2. gr. sáttmálans.

2. gr. Réttur til lífs

Dómstóllinn taldi 2. gr. ekki ganga svo langt að gera opinbera málsmeðferð að ófrávíkjanlegri skyldu í hvert sinn sem um væri að ræða andlát sem rekja mætti til valdbeitingar. Þess í stað ætti að meta hvort þáttur opinbers eftirlits með rannsókninni og niðurstöðum hennar væri nægilegur til þess að tryggja áreiðanleika rannsóknarinnar í raun, tiltrú almennings á því að stjórnvöld fylgdu meginreglum réttarríkisins og til að koma í veg fyrir að svo liti út sem stjórnvöld tækju þátt í eða umbæru ólögmeta háttsemi. Yfirdeildin var sammála niðurstöðu deildarinnar um að réttarhöldin í málinu hefðu ekki þurft að vera opin almenningi. Hins vegar taldi yfirdeildin ekki heldur nauðsynlegt að áfrýjunardómstóllinn birti niðurstöður sínar opinberlega. Kærendur fengu fullan aðgang að gögnum rannsóknarinnar, gátu tekið þátt í málsmeðferðinni með fullnægjandi hætti og fengu rökstudda niðurstöðu. Auk þess hefði ekkert komið í veg fyrir að þeir sjálfir gerðu niðurstöðu áfrýjunardómstóls opinbera. Með vísan til þessa taldi dómstóllinn að skilyrði um að rannsóknin væri opinber væru nægilega uppfyllt og því var ekki um brot á 2. gr. að ræða í því samhengi.

Um 1. mgr. 6. gr. og 13. gr. Dómstóllinn taldi 6. gr. ekki eiga við í málinu og að engin álitæfni þyrfti að skoða í tengslum við 13. gr. sáttmálans.

10 dómamarar skiluðu séráliti í málinu. Með vísan til 41. gr. sáttmálans fengu kærendur 20.000 evrur í miskabætur og 7.299 evrur í málskostnað. Einn dómari skilaði séráliti varðandi greiðslur til kærenda.

3. gr. Bann við pyndingum

Salah Sheekh gegn Hollandi

Dómur frá 11. janúar 2007

Mál nr. 1948/04

3. gr. Bann við pyndingum

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Hælisleitendur. Brottvísun.

1. Málsatvik

Kærandi, Abdirizaq Salah Sheekh, er sómalskur ríkisborgari, talinn fæddur 1986 og búsettur í Amsterdam. Hinn 12. maí 2003 yfirgaf kærandi Sómalíu og kom til Amsterdam með falsað vegabréf og bað um hæli þar. Hann byggði á því að fjölskylda sín, sem tilheyrði ákveðnum minnihlutahópi (Ashraf) í suðurhluta Sómalíu, hefði neyðst til að flýja frá Mogadishu, þar sem hún bjó upphaflega. Fjölskyldan hafi síðar verið rænd, faðir hans og bróðir drepnir og systur hans nauðgað. Þá hefði hann sjálfur sætt barsmíðum. Beiðni kæranda um hæli var hafnað af ráðherra innflytjendamála hinn 25. júní 2003, meðal annars með þeim rökum að upplýsingar um fæðingardag hans væru óljósar og drægi það úr trúverðugleika hans. Þá væri ástandið í Sómalíu ekki slíkt að það eitt að menn kæmu þaðan væri nægjanleg ástæða til að veita þeim hæli. Þá þótti ekki sýnt að kærandi væri sérstaklega í ónáð hjá ráðamönnum í Sómalíu. Hann hefði aldrei verið félagi í stjórn málaflokki eða pólitískri hreyfingu og aldrei verið handtekinn. Jafnframt var það álit ráðherra að kærandi hefði ekki sætt skipulegum ofsóknum eða mismunun heldur verið förnarlamb glæpaflokka. Því var það niðurstaðan að kærandi ætti ekki á hættu að sæta meðferð sem bryti gegn 3. gr. sáttmálans þótt hann sneri aftur til Sómalíu. Þá gæti kærandi sest að á einhverju þeirra svæða í Sómalíu sem væru hvað öruggust. Kærandi skaut niðurstöðunni til dómstóls. Hann byggði á því að umdeilanleg aðferð hefði verið notuð til að skera úr um það hvort hann væri undir lögaldri og að ráðherra hefði horft framhjá því að skelfileg reynsla hans frá Sómalíu væri til komin vegna fordóma gagnvart uppruna hans. Dómstóllinn staðfesti ákvörðun ráðherra og byggði á því að kærandi gæti haldið sig á þeim landsvæðum í Sómalíu sem væru örugg. Eftir að kæranda var tilkynnt að til stæði að gefa út ferðaskjöl fyrir hann og vísa honum úr landi til Sómalíu lagði hann fram mótmæli hjá ráðherra. Jafnframt krafðist hann þess fyrir dómstólum að brottvísun hans yrði frestað meðan beiðni væri endanlegrar niðurstöðu. Byggði kærandi meðal annars á því að hann mundi ekki njóta verndar neins af ráðandi ættbálkum á svæðinu og yrði því að hafast við í nokkurs konar flóttamannabúðum en aðbúnaðurinn þar teldist fela í sér mannréttindabrot samkvæmt skýrslu sérfræðings á vegum Sameinuðu þjóðanna. Dómstóllinn hafnaði kröfum kæranda enda ekki talið að brottvísun kæranda bryti í bága við 3. gr. sáttmálans. Hinn 15. janúar 2004 lagði kærandi fram kæru á máli sínu fyrir Mannréttindadómstólnum og var brottvísun hans frestað meðan beiðni væri niðurstöðu í málinu. Kærandi fékk svo tímabundið búsetuleyfi í mars 2006.

3. gr. Bann við pyndingum

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að yrði honum vísað úr landi og hann fluttur til Sómalíu ætti hann á hættu að sæta þar pyndingum eða ómannlegri og vanvirðandi meðferð. Jafnframt kvartaði hann yfir því að honum hefðu ekki staðið til boða raunhæf úrræði til að leita réttar síns þegar hollensk yfirvöld neituðu að fresta brottvísun hans þar til endanleg úrslit í málinu lægju fyrir. Máli sínu til stuðnings vísaði hann til 3. og 13. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Dómstóllinn leit til þess að það var ekki ætluð yfirvalda að flytja kæranda til annarra héraða í Sómalíu en þeirra sem væru tiltölulega örugg. Þá var tekið fram að vissulega ríkti meiri friður og stöðugleiki í norðurhéraðum landsins en annars staðar, en hins vegar væri munur á aðstöðu íbúa þar eftir því hvort þeir ættu frændfólk og fjölskyldu þar eður ei. Með hliðsjón af uppruna kæranda taldi dómstóllinn afar ólíklegt að hann myndi njóta verndar einhvers ættbálks á öruggu svæðunum. Því yrði kærandi í mjög viðkvæmri aðstöðu yrði honum gert að snúa aftur til Sómalíu. Þá var tekið fram að yfirvöld í Sómalílandi og Puntlandi hefðu látið í ljós andstöðu sína gegn því að aðkomumenn væru fluttir þangað, í það minnsta án þess að yfirvöld væru áður spurð álits. Einnig hefðu þau gefið til kynna að þau viðurkenndu ekki ferðaskjöl eins og þau sem gefa átti út til kæranda. Því taldi dómstóllinn að jafnvel þótt hægt væri að flytja kæranda til þessara svæða væri það engin trygging fyrir því að honum yrði leyft að dveljast þar áfram. Með hliðsjón af afstöðu sómalskra stjórnvalda væri slíkt raunar ólíklegt. Því væru líkur á að eftir komuna til Sómalíu mundi kærandi neyðast til að flytjast á þau svæði sem ekki væru álitin örugg. Þá var talið að meðferðin sem kærandi sætti áður en hann flúði til Hollands hefði verið ómannleg í skilningi 3. gr. Þá var það álit dómstólsins, að teknu tilliti til ástandsins í Sómalíu, að kærandi mundi lenda þar í svipuðum aðstæðum og hann flúði frá.

Um 13. gr.: Litið var til þess að kærandi átti þess kost að bera undir dómstóla hvort fresta ætti brottvísun hans. Þó að dómstólar hefðu hafnað þeirri beiðni væri ekki þar með sagt að raunhæft úrræði væri ekki fyrir hendi, enda ekki skilyrði samkvæmt 13. gr. að slík málaumleitan yrði að bera árangur.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brottflutningur kæranda til Sómalíu mundi fela í sér brot á rétti hans samkvæmt 3. gr. sáttmálans. Hins vegar hefði ekki verið brotið gegn 13. gr. sáttmálans. Ekki var talin þörf á að ákvarða bætur eftir 41. gr. sáttmálans enda var ekki gerð krafa um það.

Wieser gegn Austurríki

Dómur frá 22. febrúar 2007

Mál nr. 2293/03

3. gr. Bann við ómannlegri og vanvirðandi meðferð

Vanvirðandi meðferð. Líkamsleit.

1. Málsatvik

Kærandi, Ewald Wieser, er austurrískur ríkisborgari, fæddur árið 1958 og býr í Dornbirn í Austurríki. Í kjölfar kæru frá eiginkonu kæranda var gefin út húsleitarheimild og handtökuskipun á hendur honum þann 9. febrúar 1998 vegna grunsemda um að hann hefði ráðist á og nauðgað eiginkonu sinni og hótað henni með skotvopni, misnotað stjúpdóttur sína kynferðislega og að hann hefði í förum sínum myndbandsspólur með barnaklámi. Um hádegisbil sama dag réðust sex grímuklæddir og vopnaðir sersveitarmenn lögreglunnar inn á heimili kæranda. Hann var neyddur til þess að leggjast á gólfíð þar sem hann var síðan handjárnaður. Því næst var hann klæddur úr öllum fötum og gerð á honum vopnaleit áður en hann var færður aftur í fót sín og ýtt á gólfíð þar sem hann þurfti að liggja í um fimmtán mínútur með hné lögreglumanns í hnakkanum, á meðan aðrir lögreglumenn gerðu húsleit á heimili hans. Kærandi hélt því fram að hann hefði verið með bundið fyrir augun meðan á öllu þessu stóð og að hann hefði ítrekað óskað eftir því að klæðast, en hann hafði misst þvag vegna þess hversu innrásin var harkaleg, án þess að fá nokkur viðbrögð frá lögreglunni sem hafi verið með hótanir í hans garð. Kærandi hélt því jafnframt fram að hann hafi verið í handjárnnum allan tímann, þrátt fyrir að hafa verið rólegur og sýnt samstarfsvilja meðan á húsleitinni stóð og í varðhaldinu sem hann sætti í kjölfar handtökunnar. Kærandi var yfirheyrður á lögreglustöð áður en honum var sleppt kl. 3.40 um nóttina og færður til heimilis síns. Ekki var ákært í máli kæranda.

Þann 3. mars 1998 kvartaði kærandi til sjálfstæðrar stjórnarsýslunefndar vegna meðferðarinnar sem hann sætti af hálfu lögreglunnar. Tvær skýrslutökur fóru fram í málinu. Þar staðfestu tveir lögreglumenn sem tóku þátt í aðgerðinni að kærandi hefði verið upplýstur um húsleitar- og handtökuheimildirnar áður en hann var klæddur úr öllum fötum og svo leitað á honum, en neituðu því að kæranda hefði verið haldið í gólfinu með hné lögreglumanns í hnakkanum og höfnuðu því að honum hefði verið hótað. Lögreglan upplýsti einnig að eiginkona kæranda hefði sagt að hann væri ofbeldishneigður og drykkfelldur, ætti skotvopn og hefði æft bardagaiþróttir í mörg ár, auk þess sem hann hefði oft tekið á móti henni þegar hún kom heim til þeirra með vopn í hendi. Stjórnarsýslunefndin komst að þeirri niðurstöðu að synjun lögreglunnar á beiðni kæranda um að fá að skipta um fót fæli í sér vanvirðandi meðferð í skilningi 3. gr. sáttmálans og töldu hann eiga rétt á 2.400 evrum í skaðabætur. Ekki var fallist á að önnur atvik við handtökuna hefðu falið í sér meðferð sem fæli í sér brot á 3. gr. sáttmálans.

3. gr. Bann við pyndingum

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi meðferð þá er hann sætti við húsleit og handtöku vera vanvirðandi í skilningi 3. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að í ljósi þess hversu alvarlegum ásökunum kærandi sætti, auk þess sem talið var að hann væri vopnaður og hættulegur, gæti sú ráðstöfun að ráðast inn á heimili hans með sex vopnaða menn ekki talist brot gegn 3. gr. sáttmálans. Að sama skapi taldi dómstóllinn að sú ákvörðun að hafa kæranda í handjárnnum í tæpar fjórar klukkustundir meðan á aðgerðum stóð á heimili hans hafi ekki verið nægilega alvarleg til þess að varða við ákvæði 3. gr. sáttmálans, enda hafði handtakan ekki verið fyrir augum almennings auk þess sem hún hafði hvorki valdið honum líkamlegum né andlegum skaða. Dómstóllinn taldi sig ekki geta tekið afstöðu til þess hvort hótanir lögreglumanna í garð kæranda annars vegar og það að hann hafi verið neyddur til þess að liggja á gólfinu með hné lögreglumanns í hnakkanum hins vegar hefðu átt sér stað, enda hefðu innlendir dómstólar ekki komist að þeirri niðurstöðu að þeir atburðir hefðu átt sér stað. Varðandi leit sem framkvæmd var á kæranda á meðan hann var nakinn taldi dómstóllinn að kærandi hefði verið einstaklega varnarlaus þegar lögreglumenn afklæddu hann. Dómstóllinn taldi að ekki hefði verið nauðsynlegt að færa kæranda úr fötunum til þess að leita á honum, sérstaklega þar sem hann var í handjárnnum og að þegar hafði verið leitað að vopnum á honum. Dómstóllinn taldi með vísan til þeirra sérstöku aðstæðna að leita á kæranda nöktum á meðan lögreglurannsókn fór fram á heimili hans hafi falið í sér óréttlætlega meðferð sem var svo alvarleg að hún taldist vanvirðandi í skilningi 3. gr. sáttmálans.

Með vísan til 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 3.000 evrur í miskabætur og 10.012,64 evrur vegna málskostnaðar.

Þrír dómarrar skiluðu séráliti í málinu.

Erdogan Yagiz gegn Tyrklandi

Dómur frá 6. mars 2007

Mál nr. 27473/02

3. gr. Bann við pyndingum

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Vanvirðandi meðferð. Handjárnun á almannafæri.

1. Málsatvik

Kærandi, Erdogan Yagiz, er tyrkneskur ríkisborgari, fæddur árið 1954 og búsettur í Istanbúl. Á þeim tíma sem málsatvik urðu starfaði hann sem læknir fyrir öryggislögregluna í Istanbúl og hafði gert svo í 15 ár.

3. gr. Bann við pyndingum

Í nóvember árið 1999 lagði kona fram kæru vegna meintra hótana tveggja manna og fullyrta að þeir nytu verndar kæranda sem eins yfirmanns öryggislögreglunnar. Í byrjun febrúar árið 2000 var kærandi handtekinn af þremur lögreglumönnum á bílastæði við starfsstöð öryggislögreglunnar. Hann tjáði lögreglumönnum að hann væri læknir sem starfaði fyrir öryggislögregluna og að þeir hlytu að hafa gert mistök. Jafnframt óskaði hann eftir því að vera ekki handjárnaður fyrir framan fjöldann allan af fólki. Hann var hins vegar handjárnaður og fluttur á lögreglustöð þar sem hann var settur í gæsluvarðhald. Samdægurs var hann fluttur á heimili sitt í handjárnnum sem og á vinnustað, þar sem leit í eignum hans fór fram. Kærandi var látinn laus þremur dögum síðar. Daginn eftir greindi sálfræðingur hann óvinnufæran í 20 daga vegna andlegs áfalls. Viku síðar var hann leystur frá störfum þar til rannsókn á máli hans vegna meintra tengsla hans við sakfellda afbrotamenn væri lokið. Þremur dögum síðar var honum sagt upp störfum í verksmiðju sem hann sinnti verkefnum fyrir. Ástæðurnar voru sagðar vera vanræksla á að sinna starfsfólki verksmiðjunnar sem og meðferð hans vegna geðrænna vandamála. Í byrjun mars árið 2000 var rannsókn á máli kæranda hætt. Í júlí sama ár hóf hann á ný störf fyrir öryggislögregluna. Vegna geðrænna vandamála sinna hóf hann hins vegar töku eftirlauna snemma en meðal þeirra vandamála var ofsóknarbrjálæði og alvarleg þunglyndi. Frá þeim tíma hefur hann nokkrum sinnum verið lagður inn á geðdeild.

Í janúar árið 2001 lagði kærandi fram kæru gegn þeim lögreglumönnum sem að máli hans komu. Byggði hann á því að hann hefði verið handtekinn og niðurlægður að viðstaddir fjölskyldu sinni og starfsfólki lögreglunnar. Málaferlunum lauk án efnislegrar niðurstöðu í desember sama ár.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með handjárnun á almannaferi hefði hann verið niðurlægður á þann hátt að honum væri ómögulegt að komast yfir það sálræna áfall. Bein afleiðing þessa væri að hann hefði misst starf sitt og þyrfti á stöðugri geðlæknaisaðstoð að halda. Með þessu hefði því verið brotið í bága við rétt hans samkvæmt 3. og 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Dómstóllinn ítrekaði fyrri niðurstöður sínar þess efnis að handjárnun gæfi almennt ekki til kynna að brotið væri í bága við 3. gr. sáttmálans þegar slíkt tengdist lögmætri handtöku eða varðhaldi og fæli ekki í sér valdbeitingu eða afhjúpun fyrir framan almenning umfram það sem væri nauðsynlegt hverju sinni.

Dómstóllinn féllst á að handjárnun á almannaferi væri til þess fallin að draga úr sjálfsöryggi einstaklinga og valda geðrænum skaða. Ljóst væri af gögnum málsins að kærandi hefði þjádast andlega vegna þeirrar meðferðar sem hann sætti. Með handjárnun fyrir framan almenning, á vinnustað sínum og fyrir framan fjölskyldu sína fannst honum hann vera niðurlægður og svívirtur, sérstaklega í tengslum við skyldur sínar. Andlegt ástand hans hlaut varanlegan skaða vegna þessa og honum

3. gr. Bann við pyndingum

hafði ekki tekist að komast yfir atvikið. Þá taldi dómstóllinn ljóst að kæranda þótti það sérstaklega niðurlægjandi að allt þetta gerðist á almannafæri.

Dómstóllinn benti einnig á að handjárnun var ekki nauðsynleg ráðstöfun sé litið til hegðunar kæranda og tók sérstaklega fram að málf lutningur tyrkneskra yfirvalda gaf ekki neitt slíkt til kynna. Að mati dómstólsins var markmið handjárnunar að vekja hjá kæranda hræðslu, sálarkvöl og minnimáttarkennd sem til þess væri fallið að niðurlægja og lítillækka hann og mögulega brjóta hann niður andlega.

Einróma niðurstaða dómstólsins var að framangreind meðferð teldist vanvirðandi og sem slík bryti hún í bága við 3. gr. sáttmálans.

Um 8. gr.: Að mati dómstólsins var ekki ástæða til að fjalla um kvörtun kæranda í tengslum við meint brot á 8. gr. sáttmálans. Einn dómari skilaði séráliti hvað þetta varðaði.

Kæranda voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 2.000 evrur í miska-bætur og 1.000 evrur vegna málskostnaðar.

Gebremedhin gegn Frakklandi

Dómur frá 26. apríl 2007

Mál nr. 25389/05

Sjá reifun dóms undir 13. gr.

Hælisleitendur. Kæra. Framkvæmd brottvísunar.

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Gebremedhin gegn Frakklandi

Dómur frá 26. apríl 2007

Mál nr. 25389/05

Sjá reifun dóms undir 13. gr.

Hælisleitendur. Kæra. Framkvæmd brottvísunar.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Boldea gegn Rúmeníu

Dómur frá 15. febrúar 2007

Mál nr. 19997/02

Sjá reifun dómsins undir 10. gr.

Meiðyrði. Ummæli um fræðilega hæfni. Rökstuðningur dóma.

Geerings gegn Hollandi

Dómur frá 1. mars 2007

Mál nr. 30810/03

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Sakleysi uns sekt er sönnuð. Eignaupptaka.

1. Málsatvik

Kærandi, Gerardus Antonious Marinus Geerings, er hollenskur ríkisborgari. Hann er fæddur árið 1977 og búsettur í Eindhoven. Í maí 1998 var hann dæmdur til fimm ára fangelsisvistar fyrir þjófnað, innbrot, tilraun til innbrots, viðskipti með stolinn varning og fyrir aðild að glæpasamtökum. Í janúar 1999 var hann sýknaður að hluta í dómi áfrýjunardómstóls og dómurinn mildaður í 36 mánaða fangelsisvist, þar af 12 mánuði skilorðsbundna til tveggja ára.

Í mars 2001 staðfesti áfrýjunardómstóll kröfu um upptöku eigna kæranda að andvirði 66.930 evrur. Stæði kærandi ekki skil á umræddri fjárhæð skyldi 490 daga varðhald koma í stað þess. Fjárhæð þessi var vegna allra þeirra brota sem kærandi var sakfelldur fyrir í undirrétti. Dómstóllinn taldi sterk rök hníga til þess að hann hefði framið umrædd brot þrátt fyrir að hafa sýknað hann af ákæru fyrir hluta þeirra. Kærandi áfrýjaði til hæstaréttar en án árangurs.

Árið 2004 komst kærandi að samkomulagi við yfirvöld vegna greiðslunnar. Greiddi hann 10.000 evrur þegar í stað og eftirstandandi fjárhæð skyldi hann greiða með afborgunum, 150 evrur á mánuði.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að krafa um upptöku eigna sem byggðist á því að hann hefði hagnast á brotum sem hann var sýknaður af bryti í bága við 2. mgr. 6. gr. sáttmálans, þ.e. rétt hans til að teljast saklaus uns sekt væri sönnuð.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á fyrri fordæmi þar sem fallist var á að kröfur um upptöku eigna í kjölfar sakfellingar teldust hluti af ákvörðun refsingar og féllu því utan ramma 2. mgr. 6. gr. sáttmálans. Í þeim málum hefðu aðilar verið sakfelldir fyrir

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

fíkniefnabrot, væru undir áframhaldandi grun um fleiri sambærileg brot, sýnt hefði verið fram á að þeir hefðu í fórum sínum eignir án þess að unnt væri að staðreyna uppruna þeirra, sterk rök hnigu að því að viðkomandi hefði komist yfir þær með ólöglegu athæfi og að viðkomandi hefði ekki getað sýnt fram á með fullnægjandi hætti hver uppruni þeirra væri.

Dómstóllinn taldi hins vegar mál kæranda ekki vera sambærilegt framan- greindum málum. Í fyrsta lagi hefði ekki verið sýnt fram á að kærandi hefði í fórum sínum eignir sem hann gat ekki sýnt fram á með fullnægjandi hætti hvaðan væru upprunnar. Dómstóllinn taldi kröfu um eignaupptöku í kjölfar sakfellingar ekki eiga við, þegar um væri að ræða eignir sem ekki væri vitað hvort væru í fórum umrædds aðila eður ei. Í þeim tilvikum sem maður hefði ekki verið sakfelldur, væri krafa um upptöku slíkra eigna sérstaklega óviðeigandi ráðstöfun. Ef hvorki væri sýnt fram á, með óyggjandi hætti, að viðkomandi hefði framið umrædd brot né að hann hefði hagnast með einhverju móti á þeim, gæti slík ráðstöfun einungis byggst á ályktun um sök. Í öðru lagi væri krafan tengd brotum sem kærandi hefði í raun verið sýknaður af.

Í ljósi þessa og með vísan til í þeirrar meginreglu í 2. mgr. 6. gr. sem veitir ekki svigrúm til að láta í ljós efasemdir um sakleysi einhvers eftir að sýknudómur hefur fallið, og með vísan til þess að áfrýjunardómstóll gekk í raun skrefinu lengra en að láta í ljós efasemdir um sakleysi kæranda hefði kærandi verið dæmdur sekur án þess að sekt væri sönnuð að lögum.

Einróma niðurstaða dómstólsins var að brotið hefði verið í bága við 2. mgr. 6. gr. sáttmálans. Að svo stöddu reyndist ekki unnt að taka ákvörðun um bætur á grundvelli 41. gr. sáttmálans.

Vilho Eskelinen o.fl. gegn Finnlandi

Dómur frá 19. apríl 2007

Mál nr. 63235/00 - Yfirdeild

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

14. gr. Bann við mismunun

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Réttindi að einkamálarétti. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.

1. Málsatvik

Kærendur, Vilho Eskelinen, Arto Huttunen, Markku Komulainen, Lea Ihatsu, Toivo Pallonen og erfingjar Hannu Matti Lappalainen, eru finnskir ríkisborgarar og búsett í Sonkakoski og Sonkajärvi.

Þau höfðu öll starfað hjá svæðislögreglu Sonkajärvi. Samkvæmt samningi frá árinu 1986 áttu þau rétt á sérstakri greiðslu vegna starfa fjárrí heimili. Þegar þær greiðslur voru stöðvaðar, árið 1988, fengu þau í staðinn launauppbót. Eftir að þau voru svo flutt til starfa á annarri lögreglustöð, sem var enn fjær heimilum þeirra,

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

var greiðslum þeirrar uppbótar einnig hætt. Hinn 3. júlí 1991 hafnaði fjármálaráðuneytið beiðni um að kærendum yrði greidd launauppbót að upphæð 84 – 118 evrur á mánuði hverju. Þann 19. mars 1993 kröfðust kærundur bóta fyrir stjórn-sýslunefnd, en var hafnað þann 19. mars 1997. Kærundur lögðu þá ákvörðun fyrir stjórn-sýsludómstól og fóru fram á munnlega meðferð málsins þar sem þeim gæfist þá kostur á að sanna að svæðisstjórn lögreglumála hefði lofað þeim einhvers konar bótum. Dómstóllinn hafnaði kröfum þeirra, á þeim grundvelli að einungis fjármálaráðuneytið gæti tekið ákvörðun um bótagreiðslur auk þess sem engar bótagreiðslur hefðu átt sér stað í sambærilegum málum. Kærundur áfrýjuðu og fóru enn fram á munnlega málsmeðferð auk þess sem þau héldu því fram að lögreglufólk í svipaðri stöðu hefði fengið greiddar bætur. Áfrýjunardómstóll komst loks að þeirri niðurstöðu hinn 27. apríl 2000 að þau ættu ekki rétt á launauppbót, þá væri munnleg málsmeðferð óþörf þar sem meint loforð um bætur hefðu ekkert gildi í málinu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærundur kvörtuðu yfir því að málsmeðferð hefði dregist óeðlilega og einnig því að enginn munnlegur málflutningur hefði farið fram. Þá kvörtuðu þau yfir því að þau hefðu misst rétt sinn til launauppbótar og ekki fengið neinar bætur vegna þess. Einnig héldu þau því fram að þau hefðu fengið aðra meðferð en aðrir lögreglumenn í svipaðri stöðu. Máli sinu til stuðnings vísuðu kærundur til 1. mgr. 6. gr. sáttmálans, 13. gr., 14. gr. og 1. gr. 1.viðauka við sáttmálann.

Niðurstaða

Þann 21. mars 2006 ákvað deild dómstólsins að eftirláta yfirdeild lögsögu í málinu í samræmi við 30. gr. sáttmálans.

Um 6. gr.: Dómstóllinn tók fram að þrátt fyrir að gildissvið 6. gr. væri m.a. takmarkað við dómsmál um réttindi að einkamálarétti væru mál varðandi réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ekki undanþegin gildissviði hennar nema að uppfylltum tveimur skilyrðum. Í fyrsta lagi þyrfti landsréttur að undanþiggja slík mál lögsögu dómstóla með skýrum hætti og í öðru lagi þyrfti slík undanþága að vera réttlæt看anleg á þeim grundvelli að úrlausnarefnið sem væri undanþegið lögsögu dómstóla tengdist sérstaklega framkvæmd opinbers valds eða sérstökum trúnaðarskyldum opinberra starfsmanna. Því gætu venjulegar launadeilur ekki verið undanþegnar gildissviði 1. mgr. 6. gr.

Dómstóllinn tók fram að miða ætti upphaf málsmeðferðartímans við þann tíma sem kærundur leituðu til stjórn-sýslunefndarinnar, þar sem þeir hefðu ekki getað leitað til dómstóla fyrr en að fenginni niðurstöðu hennar. Meðferð mála kærenda hefði staðið í meira en sjö ár og ekki væri að finna neina skýringu á því af hverju hún hefði dregist í 4 ár í meðförum stjórn-sýslunefndarinnar. Það var því niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kærenda samkvæmt 6. gr. hvað varðaði rétt til málsmeðferðar innan hæfilegs tíma.

Varðandi kvörtun kærenda um að munnleg málsmeðferð hefði ekki farið fram

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

tók dómstóllinn fram að þau hefðu getað farið fram á hana en það hefði svo verið dómstóla að taka ákvörðun. Þá hefði kærendum verið tilkynnt um ástæður þess að ekki var fallist á beiðni þeirra. Þar sem kærendum hefðu gefist næg tækifæri til að tjá sig skriflega taldi dómstóllinn ekki hafa verið brotið gegn rétti þeirra að þessu leyti.

Um 13. gr.: Það var niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 13. gr. þar sem þau höfðu engin raunhæf úrræði til að leita réttar síns vegna þess dráttar sem varð í málinu.

Um 1. gr. 1. viðauka og 14. gr.: Hvað varðaði 1. gr. 1. viðauka taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt þeirri grein, enda ekki um eign að ræða í skilningi laganna, þar sem kærundur ættu ekki lögvarinn rétt á launa-uppbót. Þá taldi dómstóllinn að 14. gr. ætti ekki heldur við í málinu.

Kærendum voru, með vísan til 41. gr., dæmdar 2.500 evrur hverju í miskabætur og 9.622,11 evrur sameiginlega vegna málskostnaðar.

Fimm dómarrar skiluðu séráliti.

W gegn Finnlandi

Dómur frá 24. apríl 2007

Mál nr. 14151/02

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttur til að spyrja vitni. Kynferðisbrot.

1. Málsatvik

Kærandi, W, er finnskur ríkisborgari. Sumarið 2000 leitaði móðir tveggja barna til lögreglu vegna gruns um að kærandi hefði misnotað börnin kynferðislega. Kærandi lá einnig undir grun um að hafa misnotað tvö önnur börn. Teknar voru skýrslur af öllum þessum börnum hjá lögreglu og samtölin tekin upp á myndband. Hvorki kærandi né lögmaður hans voru viðstaddir skýrslutökurnar. Áður en að réttarhöldum í málinu kom fór kærandi fram á að tekin væri ný skýrsla af systkinunum þar sem lagðar væru fyrir þau ákveðnar spurningar. Þeirri beiðni var hafnað þar sem móðir systkinanna hefði neitað að heimila frekari skýrslutökur. Við munnlega meðferð málsins fyrir héraði báru börnin ekki vitni, en myndbönd af skýrslutökunni voru sýnd. Þá bar sálfræðingur vitni um trúverðugleika barnanna. Þá voru lögð fyrir réttinn skrifleg álit sérfræðinga þess efnis að systkinin væru trúverðug í framburði sínum. Einnig báru foreldrar barnanna vitni. Ekki var farið fram á það af hálfu kæranda að börnin bæru vitni enda hefð fyrir því að slík vitnaleiðsla færi ekki fram. Í dómi sínum tók héraðsdómur fram að kærandi hefði kvartað yfir því að annmarkar væru á helstu sönnunargögnunum í málinu þar sem hann hefði ekki fengið færi á að leggja spurningar fyrir börnin. Það var þó niðurstaða dómsins að það hefði ekki breytt neinu um niðurstöðuna og var kærandi dæmdur til fangavistar í tvö ár og þrjá mánuði. Við áfrýjun var refsingin milduð í tuttugu mánaða fangavist. Kærandi sótti um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar, og hélt því m.a. fram að brotið hefði verið gegn rétti hans samkvæmt 3. mgr. 6. gr. sáttmálans. Beiðni hans var hafnað.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði yfir því að réttur hans til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi hefði verið brotinn með því að honum hefði ekki gefist færi á að spyrja þau börn sem gáfu skýrslu fyrir lögreglu og dómstóll byggði ákvörðun um sakfellingu hans á. Þá taldi hann að leiðandi spurningar hefðu verið lagðar fyrir tvö barnanna hjá lögreglu. Máli sínu til stuðnings vísaði hann til 1. mgr. 6. gr. og d-liðar 3. mgr. 6. gr.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að kæranda hefði aldrei gefist færi á að leggja spurningar fyrir börnin og að beiðni hans þess efnis hefði verið hafnað. Dómstóllinn féllst á það, í ljósi réttarframkvæmdar í Finnlandi, að hefði beiðni komið frá kæranda um að börnin væru leidd fyrir réttinn, hefði slíkri beiðni verið hafnað. Þá tók dómstóllinn fram að myndbandsupptökurnar af viðtölum við börnin væru nær einu gögnin sem sakfelling kæranda byggðist á. Vitnisburður foreldranna hefði ekki að neinu leyti varðað atburðina sjálfá heldur aðeins þær breytingar sem þeir höfðu skynjað á hegðun barna sinna í kjölfarið. Þá fjallaði sálfræðingur sem bar vitni í málinu ekki um atburðina sem slíka heldur einungis trúverðugleika barnanna. Þar sem kærandi og verjandi hans höfðu aldrei fengið tækifæri til að leggja spurningar fyrir börnin var það álit dómstólsins að hann hefði ekki hlotið réttláta málsmeðferð fyrir dómi.

Það var því niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 1. og 3. mgr. 6. gr. Kæranda voru, með vísan til 41. gr., dæmdar 3.000 evrur í miskabætur og 8.062 evrur í málskostnað. Einn dómari skilaði séráliti.

Ramsahai o.fl. gegn Hollandi

Dómur frá 15. maí 2007 - Yfirdeild

Mál nr. 52391/99

Sjá reifun dóms undir 2. gr.

Beiting skotvopna. Opinber rannsókn. Opinber málsmeðferð.

Wagner og J.M.W.L. gegn Lúxemborg

Dómur frá 28. júní 2007

Mál nr. 76240/01

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Ættleiðing. Lagaskilaréttur. Rökstuðningur dóma. Stofnun fjölskyldu. Mismunur.

O'Halloran og Francis gegn Bretlandi

Dómur frá 29. júní 2007 - Yfirdeild

Mál nr. 15809/02 og 25624/02

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Sönnunargögn. Réttur til að fella ekki á sig sök.

1. Málsatvik

Kærendur eru Gerard O'Halloran, fæddur árið 1933 og búsettur í London (hér eftir nefndur GO), og Idris Francis, fæddur árið 1939 og búsettur í Petersfield (hér eftir nefndur IF). Þeir eru báðir breskir ríkisborgarar.

Þann 7. apríl árið 2000 var GO myndaður af hraðaksturseftirlitsvél á M11 hraðbrautinni. Hann ók á 111 km hraða á klukkustund þar sem hámarkshraði var 64 km á klukkustund. Þann 12. júní árið 2001 var IF myndaður af hraðaksturseftirlitsvél þar sem hann ók á 75 km hraða á klukkustund þar sem hámarkshraði var 48 km á klukkustund.

Í báðum tilvikum tilkynnti lögregla kærendum að hún hygðist sækja öikumenn bifreiðanna til saka fyrir hraðakstur. Krafði hún þá um upplýsingar um öikumenn bifreiðanna á þeim tíma sem hraðakstur átti sér stað eða, væri þeim það ómögulegt, að veita aðrar upplýsingar sem aðstoðað gætu lögreglu við að bera kennsl á öikumenn. Þá var kærendum bent á að samkvæmt 172. gr. breskra umferðarlaga væri það refsivert að veita ekki viðkomandi upplýsingar.

GO staðfesti við lögreglu að hann hefði ekið bifreið sinni á umræddum tíma. IF neitaði hins vegar að veita umræddar upplýsingar og vísaði til þess að óheimilt væri að skylda hann til að játa á sig sök.

Þann 27. mars árið 2001 var GO ákærður fyrir brot á umferðarlögum. Áður hafði hann, með vísan til ákvæða laga um sönnunargögn með hliðsjón af 6. gr. sáttmálans, leitast eftir því að fá játningu sína útilokaða sem sönnunargagn í málinu. Það bar hins vegar ekki árangur. Hann var sakfelldur fyrir hraðakstur og sex punktar voru skráðir í ökuskírteini hans. Einnig hlaut hann 100 punda sekt (að jafnvirði 147.66 evra) auk þess sem honum var gert að greiða 150 pund vegna málskostnaðar (að jafnvirði 221.49 evra). Þann 19. október 2001 var áfrýjun hans hafnað.

Þann 28. ágúst árið 2001 var IF boðaður til dómara þar sem hann hafði ekki veitt umbeðnar upplýsingar. Þann 15. apríl árið 2002 var hann sakfelldur fyrir brot á umferðarlögum. Honum var gert að greiða 750 pund í sekt (að jafnvirði 1,107.49 evra) auk 250 punda vegna málskostnaðar (að jafnvirði 369.16 evra) auk þriggja punkta sem skráðir voru í ökuskírteini hans. Kærandi hélt því fram fyrir dómstólnum að framangreind sekt væri verulega hærri en sú sem honum hefði verið gert að greiða hefði hann játað á sig meint brot.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

GO hélt því fram að sakfelling hans væri eingöngu eða aðallega byggð á yfirlýsingu um meint brot sem honum var skylt að gefa ellegar hljóta refsingu sem

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

væri sambærileg þeirri sem hann ætti yfir höfði sér fyrir hið meinta brot. IF hélt því fram að með því að skylda hann til að veita upplýsingar um meint brot væri brotið í bága við rétt hans til að neita að bera gegn sjálfum sér. Báðir vísuðu þeir til 1. mgr. 6. gr. sáttmálans um réttláta málsmeðferð auk 2. mgr. sömu greinar um sakleysi uns sekt væri sönnuð.

Niðurstaða

Þann 11. apríl 2006 ákvað deild dómstólsins að eftirláta yfirdeild lögsögu í málinu í samræmi við 30. gr. sáttmálans.

Kærendur héldu því fram að rétturinn til að tjá sig ekki og rétturinn til að fella ekki á sig sök væru ófrávíkjanleg réttindi og með því að þvinga sakborning til að bera gegn sjálfum sér væri grafið undan kjarna þeirra réttinda. Dómstóllinn féllst ekki á þessa röksemd kærenda og benti á að í sambandi við 1. mgr. 6. gr. sáttmálans gildi engin algild regla um efni réttarins til réttlátrar málsmeðferðar. Slíkt væri bundið atvikum í hverju máli fyrir sig. Við mat á því hvort kjarni umræddra réttinda væri skertur leit dómstóllinn aðallega til eðlis og stigs þeirrar þvingunar sem beitt var til að komast yfir sönnunargögn, hvort varnaglar væru til staðar í þeirri málsmeðferð og með hvaða móti þannig fengin sönnunargögn væru notuð.

Hvað varðar eðli og stig þvingunar sem beitt var gagnvart kærendum þá var þeim gerð grein fyrir því í erindi lögreglunnar að þeir, sem skrásettir eigendur bifreiðanna, væru skyldugir að veita upplýsingar um ökumann bifreiða sinna á þeim tíma sem um ræddi. Þeir voru einnig upplýstir að vanhöld á að veita slíkar upplýsingar væri refsivert brot samkvæmt 172. gr. breskra umferðarlaga. Viðurlög við að veita ekki upplýsingarnar væri sekt að andvirði 1.000 punda auk sviptingar ökuréttinda eða þriggja punkta í ökuskírteini viðkomandi. Dómstóllinn féllst á að um væri að ræða beina þvingun, en benti á að þeir sem kysu að eiga eða aka bifreið væri kunnugt um að þar með féllu þeir undir ákveðið regluverk sem byggðist á því að eignarhald og notkun bifreiða hefði í för með sér ákveðna slyshættu. Þeir teldust með því hafa gengist undir ákveðna ábyrgð og skyldur. Ein þeirra skyldna væri að upplýsa yfirvöld um ökumenn bifreiða þegar grunur vaknaði um umferðarlagabrot. Einnig var talið skipta máli að heimildir lögreglu til rannsóknar væru takmarkaðar í málum sem þessum. Ákvæði a-liðar 2. mgr. 172. gr. breskra umferðarlaga ætti einungis við þegar grunur léki á um að ökumaður bifreiðar hefði framið hraðakstursbrot og veitti ákvæðið lögreglu aðeins heimild til að óska eftir upplýsingum svo unnt væri að bera kennsl á ökumann.

Dómstóllinn benti á að 4. mgr. ákvæðisins teldist vera varnagli gagnvart eiganda bifreiðar. Hann yrði ekki talinn hafa brotið af sér samkvæmt 2. mgr. þess gæti hann sýnt fram á að hann byggji ekki yfir umræddri vitneskju eða gæti ekki með réttu vitað hver ökumaður bifreiðarinnar hefði verið á þeim tíma sem meint brot hefði verið framið. Þar af leiðandi fæli brotið ekki í sér hlutlæga bótaábyrgð og líkur á fólkskum játningum væri hverfandi.

Dómstóllinn leit því næst til þess með hvaða hætti yfirlýsingar kærenda höfðu verið notaðar. Yfirlýsing GO um að hann hefði verið ökumaður bifreiðarinnar á

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

umræddum tíma var nothæf sem sönnunargagn í ljósi ákvæðis breskra umferðarlaga þar að lútandi. Hann var því með réttu sakfelldur fyrir brotið. Fyrir rétti hafði hann árangurslaust dregið játningu sína til baka með vísan til laga um sönnunargögn. Dómstóllinn benti á að eftir sem áður hvíldi sönnunarbyrðin um sekt á ákærurvaldinu. Einnig að sýna fram á að ekki væri stuðst við falska játningu eða önnur sönnunargögn sem fengin væru með vafasömum hætti. Í þessari málsmeðferð væri sakborningi gefinn kostur á að gefa vitnisburð og kalla til vitni ef hann óskaði. Auðkenni ökumanns var aðeins einn þáttur af fleiri við sönnun á hraðakstursbroti og sakfellingin byggði á fleiri þáttum en yfirlýsingu fenginni samkvæmt ákvæði a-liðar 172. gr. breskra umferðarlaga.

Þar sem IF hefði neitað að gefa yfirlýsingu var ekki unnt að styðjast við hana fyrir rétti enda hefði mál ekki verið höfðað gegn honum fyrir hraðakstursbrot. Í máli hans hefði því ekki verið um að ræða notkun yfirlýsingar um ökumann sem sönnunargagn í máli varðandi hraðakstursbrot. Brot hans fólst þess í stað í því að neita að gefa viðkomandi yfirlýsingu.

Með hliðsjón af öllum aðstæðum málsins, þar með talið hinu sérstaka eðli reglnanna sem um var að ræða og hinna takmörkuðu upplýsinga sem krafist væri samkvæmt 172. gr. breskra umferðarlaga, taldi dómstóllinn að ekki hefði verið skertur kjarni réttar kærenda til að tjá sig ekki og fella ekki sök á sjálfa sig. Niðurstaða dómstólsins var að ekki hefði verið brotið í bága við 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Tveir dómáramur skiluðu sérálit. Dómstóllinn taldi að ekki væri ástæða til að kanna sérstaklega meint brot á 2. mgr. 6. gr. sáttmálans.

7. gr. Engin refsing án laga

Custers, Deveaux og Turk gegn Danmörku

Dómur frá 3. maí 2007

Mál nr. 11843/03, 11847/03 og 11849/03

7. gr. Engin refsing án laga

Refsiheimildir. Lagastoð. Fyrirsjáanleiki. Varnarsvæði.

1. Málsatvik

Kærandur, Vincent Custers, hollenskur ríkisborgari, Olivier Deveaux, franskur ríkisborgari, og Lawrence Martin Turk, bandarískur ríkisborgari, voru allir félagar í Greenpeace-samtökunum þegar atvik málsins áttu sér stað.

Sumarið 2001 tóku kærandur þátt í aðgerðum við Thule-herstöðina á Grænlandi í því markmiði að beina athygli alþjóðasamfélagsins að ratsjárstöð sem þar var staðsett og notuð í eldflaugavarnakerfi Bandaríkjanna. Þeir vildu jafnframt safna upplýsingum um hvaða áhrif herstöðin hefði á umhverfi sitt. Í kjölfar aðgerðanna voru kærandur dæmdir til sektargreiðslu og til að sæta upptöku eigna fyrir að hafa farið í leyfisleysi inn á varnarsvæði sem aðgangur var takmarkaður að. Um refsheimildir var vísað til stjórnvaldsreglna um ferðalög til og innan Grænlands sem og til hegningarlaga fyrir Grænland.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að þeim hefði verið refsað fyrir háttsemi sem ekki var lýst refsiverð í lögum þegar hún átti sér stað og að refsing þeirra væri því brot á 7. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Kærandur héldu því fram að ekki væri nægileg lagastoð fyrir refsheimild stjórnvaldsreglna um ferðalög til og innan Grænlands. Dómstóllinn tók fram að hann endurskoðaði ekki túlkun innlendra dómstóla á landsrétti nema um væri að ræða augljós brot eða handahófskennda beitingu landsréttar. Dómstóllinn taldi það skýrt af texta bæði eldri og yngri hegningarlaga fyrir Grænland og lögskýringargögnum með þeim, að í þeim væri að finna tímabundna lagaheimild til þess að kveða á um ákveðnar refsheimildir með stjórnvaldsreglum. Taldi dómstóllinn refsheimildina því hvorki skorta lagastoð né skorta nægilegan skýrleika og fyrirsjáanleika.

Kærandur héldu því einnig fram að þeir hefðu ekki vitað að svæðið sem þeir fóru inn á væri varnarsvæði. Varnarsvæðið var ekki skýrlega afmarkað á opinberum kortum né með girðingu. Á hefðbundnum aðkomuleiðum að varnarsvæðinu var að finna skilti um aðgangstakmarkanir, en kærandur nýttu ekki þær leiðir til að komast að varnarsvæðinu. Dómstóllinn taldi að kærandum hlyti að hafa verið ljóst að þeir væru á svæði herstöðvarinnar enda hefðu þeir skipulagt för sína vandlega

7. gr. Engin refsing án laga

með notkun GPS-staðsetningartækis, fylgst hefði verið með ferð þeirra á heimasíðu Greenpeace-samtakanna, myndir hefðu verið teknar af þeim þar sem þeir héldu á skiltum með herstöðina í bakgrunni myndanna, auk þess sem þeir hefðu verið handteknir nálægt byggingum herstöðvarinnar og ratsjárstöðvarinnar. Dómstóllinn taldi með vísan til þessa að kærendur hefðu átt að geta séð það fyrir að á svæðinu væri ekki heimil „frjáls för“ í skilningi hegningarlaganna og taldi því háttsemi kæranda svara til háttsemi sem lýst væri ólögæt í lögum með nægilega skýrum og fyrirsjáanlegum hætti.

Það var því einróma álit dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn 7. gr. sáttmálans.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Zavrel gegn Tékklandi

Dómur frá 18. janúar 2007

Mál nr. 14044/05

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Umgengnisréttur.

1. Málsatvik

Kærandi, Vladimír Zavrel, er tékkneskur ríkisborgari, fæddur 1945 og búsettur í Brno í Tékklandi. Í júlí 2001 yfirgaf eiginkona kæranda, JZ, heimili þeirra og tók með sér son þeirra, sex ára gamlan. Þau komust síðar að samkomulagi, sem varðaði meðal annars umgengnisrétt kæranda við barnið. Var þetta samkomulag staðfest af dómstól í Brno hinn 11. desember 2002. Þrátt fyrir samninginn kom JZ í veg fyrir að kærandi gæti umgengist barnið. Kærandi fór fram á að fá umgengnisrétti sínum samkvæmt samningnum framfylgt með aðstoð dómstóla en síðar dró hann þá umsókn til baka, að því er virðist til að forðast frekari illdeilur. Í október 2003 lagði kærandi fram nýja beiðni og fór fram á að dómstólar útfærðu hvernig umgengnisrétti hans skyldi framfylgt. Engar breytingar urðu þó í máli kæranda og hefur hann ekki hitt son sinn frá því í nóvember 2003 nema einu sinni á fundi í tengslum við málið sem var haldinn í ársbyrjun 2004.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að dómstólar hefðu brugðist þeirri skyldu sinni að framfylgja dómsúrlausninni frá 11. desember 2002. Beiðni hans um að fá umgengnisrétti sínum framfylgt hefði hvorki verið sinnt nægjanlega vel né innan hæfilegs tíma. Með því hefði verið brotið gegn rétti hans til friðhelgi fjölskyldu samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn leit til þess að kærandi var talinn hæft foreldri en JZ hafði hins vegar leitast við að snúa drengnum gegn föður sínum og hafa neikvæð áhrif á samband þeirra. Þá var litið til þess að innlendir dómstólar höfðu metið það svo að það þjónaði hagsmunum barnsins að vera samvistum við föður sinn. Þrátt fyrir að kærandi og sálfræðingar sem unnu að málinu hefðu margsinnis upplýst dómstóla um stöðu mála hefðu dómstólar þó ekkert gert annað en að senda móðurinni tvær formlegar tilkynningar og vísa foreldrunum til ráðgjafarmiðstöðvar. Þá var það álit dómstólsins að umburðarlyndi tékkneskra dómstóla gagnvart tregðu JZ til samvinnu og skortur á úrræðum er stuðla mættu að reglubundnu sambandi barns og föður hefðu umfram annað valdið því að kærandi gat ekki ræktað sambandið við barn sitt, svo sem hann átti þó rétt á samkvæmt gildandi samningi foreldranna.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Þá voru kæranda, með vísan til 41. gr. sáttmálans, dæmdar 6.000 evrur í miskabætur.

Eski gegn Austurríki

Dómur frá 25. janúar 2007

Mál nr. 21949/03

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Ættleiðing.

1. Málsatvik

Kærandi, Refet Eski, er austurrískur ríkisborgari, fæddur 1963 og búsettur í Vínarborg. Frá árinu 1987 var hann í sambúð með JW og árið 1993 eignuðust þau dóttur, M. Árið 1995 slitnaði upp úr sambúðinni og JW flutti með dóttur þeirra til Linz. Þegar kærandi heimsótti dóttur sína um jólin 1996 réðst hann á JW og hótaði henni. Í kjölfarið meinaði hún kæranda um umgengni við barnið. Hinn 26. febrúar 1998 gerðu JW og kærandi með sér samning um umgengnisrétt. Í fyrstu heimsókn kæranda, hinn 9. mars 1998, sagði kærandi dóttur sinni að móðir hennar væri norn og hóra. Í kjölfarið hefði M þjáðst af streitu, svefntruflunum og meltingarsjúkdómum. Hinn 26. júní 1998 afturkallaði dómstóll í Linz því rétt kæranda til umgengni við barnið. Talið var að umgengni við kæranda væri skaðleg andlegri og líkamlegri heilsu M. Þessi niðurstaða var síðar staðfest af áfrýjunardómstól. Í september 1999 giftust JW og AF. Kærandi hitti dóttur sína um jólin 2000. Hálfu ári síðar sótti hann um umgengnisrétt við hana fyrir héraðsdómstól. Jafnframt mótmælti hann hugsanlegri ættleiðingu AF á stúlkunni. Kröfum hans um umgengni var hafnað þar eð hann gæti ekki sýnt fram á breyttar kringumstæður í málinu. Hinn 27. júlí 2001 sótti AF um að ættleiða M. Fór hann einnig fram á að við meðferð málsins yrði litið framhjá því að samþykki kæranda var ekki fyrir hendi. Í kjölfar þessa var kærandi boðaður til þinghalds í málinu. Hann sendi bréf þess efnis að hann teldi vitnisburð sinn ekki nauðsynlegan þar sem hann væri enn sömu skoðunar og áður. Kærandi var þá á ný boðaður fyrir dóminn en kvaðst ekki geta mætt á þartilgreindum tíma. Hinn 12. mars 2002 bar kærandi loks vitni en þá fyrir dómstól í Vín en ekki Linz þar sem málið var rekið. Þar bar kærandi meðal annars að samband hans við M hefði verið náíð fram að tveggja ára aldri hennar. Hann hefði ekki misst áhuga á að hafa samband við hana en móðir hennar kæmi í veg fyrir öll samskipti. Þessar fullyrðingar hans voru ekki taldar í samræmi við raunveruleikann. Ekki væri sýnt fram á að um náíð samband milli hans og M væri að ræða. Þá hefði kærandi vanrækt að greiða meðlag með barninu í fimm ár. Talið var að ættleiðing þjónaði hagsmunum barnsins best og hinn 16. október 2002 var leyfi til ættleiðingar veitt án tillits til neitunar kæranda. Kærandi áfrýjaði þessari niðurstöðu. Hann byggði meðal annars á því að honum hefði ekki gefist færi á að tjá sig frammi fyrir M, AF og JW. Þá hefði

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

hann ekki fengið tækifæri til að vefengja ýmis gögn í málinu. Enn fremur hélt hann því fram að ekki væru nægar ástæður fyrir því að heimila ættleiðingu. Hann hefði borgað meðlag með barninu síðustu tvö ár og reynt að halda sambandi við það. Ekki var fallist á rök kæranda og niðurstaða héraðsdóms staðfest enda hefði verið farið að lögum við meðferð málsins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með ákvörðun sinni um að veita AF leyfi til að ættleiða M hefðu austurrískir dómstólar brotið gegn rétti hans samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Með ættleiðingu væri jafnframt verið að ganga framhjá rétti barnsins til líffræðilegs föður. Þá hefðu austurrískir dómstólar ekki hlutast til um að koma á einhvers konar samningi milli aðila.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að óumdeilt væri að með ættleiðingunni voru höfð afskipti af fjölskyldu kæranda. Þau afskipti áttu sér þó stöð í lögum og voru til þess fallin að vernda hagsmuni barnsins. Það sem dómstóllinn þyrfti því að skera úr um væri hvort þessi afskipti hefðu verið nauðsynleg í lýðræðissamfélagi. Dómstóllinn rakti fyrri fordæmi sín og tók fram að stundum væri í lagi að líta framhjá því að foreldri væri andvíg ættleiðingu, enda væri það í samræmi við hagsmuni barnsins. Tekið var fram að með ættleiðingu M væri komið í veg fyrir öll frekari tengsl þeirra feðgina. Því væri um að ræða ákvörðun sem hefði veruleg áhrif á líf kæranda og yrði því að skoða gaumgæfilega þær ástæður sem lögju að baki henni. Dómstóllinn leit til þess að M hafði búið hjá móður sinni frá tveggja ára aldri, kærandi hefði hvorki haft forræði yfir henni né hefði hann aðstoðað við uppeldi hennar. Þá hefðu samskipti hans við M verið lítil og óregluleg. Hins vegar hefði M búið hjá móður sinni og manni hennar um langt skeið og raunveruleg fjölskyldubönd myndast þeirra á milli. Tekið var fram að við meðferð málsins hefði M lýst sig samþykka ættleiðingunni og sagt að hún liti á eiginmann móður sinnar sem föður sinn. Því hefði ættleiðingin sem slík ekki skapað nein tengsl milli M og AF heldur einungis formbundið tengsl sem þegar voru til staðar. Þá leit dómstóllinn til þess að kærandi hefði átt þess kost að tjá sig fyrir innlendum dómstólum þótt hann hefði kosið að gera það ekki. Enn fremur leit dómstóllinn þannig á að innlendir dómstólar hefðu þurft að meta hagsmuni barnsins og hagsmuni kæranda. Með hliðsjón af því sem barninu væri fyrir bestu og litlu sambandi þess við föður sinn var ekki talið að þeir hefðu farið út fyrir valdmörk sín með því að heimila ættleiðinguna.

Það var því niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 8. gr. Tveir dómáttarar skiluðu séráliti.

Tysiac gegn Póllandi

Dómur frá 20. mars 2007

Mál nr. 5410/03

3. gr. Bann við pyndingum

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

14. gr. Bann við mismunun

Fóstureyðing. Friðhelgi líkama.

1. Málsatvik

Kærandi, Alicja Tysiac, er pólskur ríkisborgari, fædd árið 1971 og búsett í Varsjá. Hún var metin til örorku vegna fötlunar á grundvelli augnsjúkdóms sem hún hafði þjáðst af í mörg ár. Í febrúar árið 2000, þegar hún reyndist orðin barnshafandi í þriðja sinn, leitaði hún til lækna þar sem hún óttaðist að barnsfæðing gæti haft slæm áhrif á heilsu sína. Þrír augnlæknar töldu miklar líkur á því að sjón hennar biði skaða af níu mánaða meðgöngutíma. Hins vegar neituðu þeir allir að gefa út vottorð sem heimilað gæti kæranda að láta eyða fóstroinu. Kærandi leitaði til heimilislæknis sem gaf út vottorð þess efnis að meðganga gæti haft slæm áhrif bæði á sjón hennar og líkama, í ljósi þess að hún hefði í tvö skipti gengist undir keisaraskurð.

Í apríl sama ár, á öðrum mánuði meðgöngu, hafði sjón kæranda þegar hrakað til muna. Þann 26. apríl átti hún tíma á kvensjúkdóma- og fæðingardeild á spítala í Varsjá með það fyrir augum að láta eyða fóstroinu. Eftir að hafa framkvæmt skoðun á kæranda komst D, yfirlæknir deildarinnar, að þeirri niðurstöðu að engar læknislegar forsendur væru fyrir því að heimila fóstureyðingu. Kærandi var þar með hindruð í því að láta eyða fóstroinu og eignaðist hún sitt þriðja barn í nóvember sama ár. Barnið var tekið með keisaraskurði.

Í kjölfar fæðingarinnar hrakaði sjón kæranda til muna vegna blæðinga inn á sjónhimnu. Læknarád komst að þeirri niðurstöðu að ástand kæranda krefðist meðferðar og daglegrar aðstoðar. Einnig mat ráðið ástand kæranda sem verulega fötlun.

Kærandi lagði fram kæru gagnvart D en rannsókn var hætt þar sem talið var að engin tengsl væru milli ákvörðunar hans og versnandi ástands sjónar kæranda.

Kærandi er einstætt foreldri með þrjú börn á sínu framfæri. Er hún nú metin öryrki vegna verulegrar fötlunar. Er henni greiddar 140 evrur mánaðarlega í örorkubætur. Hún sér ekki lengra en einn og hálfan metra frá sér og óttast að verða blind.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi sig hafa uppfyllt öll lagaleg skilyrði þess að vera heimilt að láta eyða fóstroinu. Hún taldi að með því að aftra sér frá því hefði verið brotið í bága við rétt hennar samkvæmt 8., 3. og 13. gr. sáttmálans. Einnig taldi kærandi að ekkert úrræði væri til sem gerði henni kleift að leita réttar síns til fóstureyðingar og þar með væri sá réttur gerður óvirkur. Að lokum taldi kærandi að brotið hefði verið í bága við 14. gr. þar sem henni hefði verið mismunað á grundvelli kynferðis og fötlunar.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Niðurstaða

Um 3. gr.: Í ljósi gagna málsins taldi dómstóllinn ljóst að ekki hefði verið brotið í bága við rétt kæranda samkvæmt 3. gr. sáttmálans. Taldi dómstóllinn hæfa að kanna meint brot á 8. gr. sáttmálans.

Um 8. gr.: Dómstóllinn benti á að samkvæmt lögum um fóstureyðingu væru fóstureyðingar heimilar í þeim tilvikum sem lífi konu eða heilsu stafaði veruleg hætta af meðgöngu. Í tilviki kæranda taldi dómstóllinn það ekki vera í sínum verkahring að meta hvort sáttmállinn tryggði henni rétt til fóstureyðingar.

Dómstóllinn taldi málið varða rétt kæranda til einkalífs. Dómstóllinn ákvað því að taka málið til skoðunar út frá jákvæðri skyldu ríkis til að vernda líkamlega friðhelgi varðandi mæðra á grundvelli 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn benti á ekki væri um það deilt að frá árinu 1977 hefði kærandi þjáðst af alvarlegum augnsjúkdómi. Dómstóllinn taldi sig ekki bærán til að endurskoða mat lækna á ástandi kæranda varðandi alvarleika ástands hennar. Taldi dómstóllinn fullnægjandi að kærandi hefði sjálf óttast að meðganga og barnsburður myndu skaða verulega sjón hennar. Í ljósi heilsufarssögu kæranda og læknisráða væri ekki hægt að telja ótta kæranda óraunhæfan.

Dómstóllinn benti á að samkvæmt pólskri stofnun á sviði kvenna- og fjölskyldumála væri ljóst að pólskir læknar forðuðust að heimila fóstureyðingu vegna ótta við pólsk lagaákvæði sem lýstu það refsivert að gera slíkt væru skilyrði undanþágu frá banni við fóstureyðingum ekki uppfyllt. Ljóst væri að læknar teldu skilyrði ekki nægilega gagnsæ og greinileg. Pólsk stjórnvöld hefðu einnig viðurkennt að annmarkar væru til staðar og að ekki væri fyllilega ljóst hvernig beita ætti umræddum undanþágum. Með þetta í huga benti dómstóllinn á að fyrst löggjafinn hefði ákveðið að heimila fóstureyðingar þá yrði að tryggja að lagaramminn væri ekki þannig uppbyggður að rétturinn væri í raun takmarkaður. Að auki yrði að tryggja barnshafandi konum, sem eftir því leituðu, málsmeðferð frammi fyrir óháðum og þar til bærum aðila sem skilaði skriflegri og rökstuddri niðurstöðu. Í ljósi eðlis umrædds úrræðis krefðist fóstureyðing þess að umrædd málsmeðferð færi fram með skjótum hætti til að fyrirbyggja mögulegan skaða á heilsu þeirra kvenna sem um væri að ræða.

Í ljósi framangreinds tók dómstóllinn til athugunar hvernig löggjöf um fóstureyðingar hefði verið beitt í tilviki kæranda og hvernig tekið hefði verið á sjónarmiðum hennar um neikvæð áhrif meðgöngu og fæðingar á heilsu sína.

Dómstóllinn taldi að reglur um fóstureyðingar tryggðu ekki sérstaka málsmeðferð þegar upp kæmi ágreiningur um hvort heimila ætti fóstureyðingu, hvorki þegar um væri að ræða ágreining milli barnshafandi kvenna og lækna þeirra né þegar lækna greindi á um slíkt sín á milli. Einnig taldi dómstóllinn að ákvæði laga um lækna sem heimiluðu læknum að leita álits annars læknis þegar vafi væri uppi varðandi meðferð tryggði ekki rétt sjúklinga til að fara fram á slíkt álit né heldur tæki það sérstaklega á málefnum barnshafandi kvenna sem leituðu heimildar til lögmætrar fóstureyðingar. Í ljósi framangreinds taldi dómstóllinn pólska löggjöf ekki hafa tryggt kæranda virk úrræði sem staðfest gætu hvort skilyrði sem heimiluðu

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

fóstureyðingu væru uppfyllt eða ekki. Kærandi hefði því verið í langvarandi óvissu sem valdið hefðu verulegum þjáningum og sálarkvöl vegna mögulegra neikvæðra áhrifa meðgöngu og barnsburðar á heilsu hennar.

Að mati dómstólsins byði pólsk skaðabótalöggjöf kæranda ekki upp raunhæf úrræði. Slíkt hefði einungis leitt til greiðslu skaðabóta eftir að skaðinn væri skeður. Einnig hefði opinber málsmeðferð á hendur D ekki getað dregið úr heilsufarslegum skaða kæranda. Slík afturvirk úrræði tryggðu ekki með viðeigandi hætti friðhelgi líkama einstaklinga í jafn berskjölduðu ástandi og kærandi var í.

Í ljósi atvika málsins í heild sinni og þess hve umdeildur réttur til fóstureyðingar gæti verið var það niðurstaða dómstólsins að pólsk yfirvöld hefðu ekki tryggt kæranda raunhæfan rétt til friðhelgi einkalífs síns og hefðu þar með brotið í bága við 8. gr. sáttmálans. Einn dómari skilaði séráliti.

Um 13. gr. og 14. gr.: Í ljósi framangreindrar niðurstöðu taldi dómstóllinn ekki þörf á að kanna meint brot á 13. og 14. gr. sáttmálans.

Kæranda voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 25.000 evrur í miskabætur og 14.000 evrur vegna málskostnaðar.

Copland gegn Bretlandi

Dómur frá 3. apríl 2007

Mál nr. 62617/00

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Eftirlit með síma- og tölvunotkun á vinnustað.

1. Málsatvik

Kærandi, Lynette Copland, er breskur ríkisborgari, fædd 1950 og búsett í Llanelli. Frá árinu 1991 hefur kærandi starfað í ríkisreknum menntaskóla. Á árunum 1998 og 1999 varð kærandi þess vör að fylgst var með símnotkun hennar, tölvupóstsendingum og internetnotkun. Þá taldi kærandi að hún væri undir eftirliti, bæði á vinnustað og utan hans. Var þetta eftirlit að frumkvæði aðstoðarskólameistarans, sem kærandi starfaði náið með. Á þessum tíma voru engar sérstakar reglur í gildi í skólanum um eftirlit með sím- og netnotkun starfsmanna, og kærandi virðist hafa verið eini starfsmaður skólans sem sætti slíkum athugunum. Aðstoðarskólameistararanum var síðar vikið frá störfum. Aðilum bar ekki saman um hve ítarlegt eftirlitið var eða í hversu langan tíma það stóð.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að réttur hennar til friðhelgi einkalífs hefði verið brotinn með því að fylgst var með henni á þennan hátt. Vísaði kærandi til 8. gr. sáttmálans máli sínu til stuðnings.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að bæði tölvupóstsendingar og upplýsingar um netnotkun á vinnustað nytu verndar 8. gr. sáttmálans með sama hætti og símnotkun á vinnustað. Kæranda hefði ekki verið tilkynnt um að fylgst væri með sím- eða tölvunotkun hennar og því hefði hún ekki haft neina ástæðu til að ætla að svo væri. Þá taldi dómstóllinn það ekki skipta máli að gögnin sem safnað var um kæranda voru ekki birt eða notuð gegn henni sérstaklega. Það var því álit dómstólsins að gengið hefði verið á rétt kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Kom þá næst til skoðunar hvort afskiptin af einkalífi kæranda hefðu átt sér stoð í lögum. Dómstóllinn féllst ekki á þau rök að skólanum væri frjálst að aðhafast hvaðeina sem nauðsynlegt teldist til að veita betri menntun. Á þeim tíma sem um ræddi voru einungis í gildi mjög almennt orðaðar meginreglur í lögum um vinnslu persónuupplýsinga. Hvergi var að finna ítarlegar reglur um það með hvaða skilyrðum vinnuveitendur mættu hafa eftirlit með sím-, tölvupóst- eða netnotkun starfsmanna. Því var það einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Með vísan til 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 3.000 evrur í miskabætur og 6.000 evrur í málskostnað.

Evans gegn Bretlandi

Dómur frá 10. apríl 2007 – Yfirdeild

Mál nr. 6339/05

2. gr. Réttur til lífs

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Tæknifrjövgunarmedferð. Fósturvísar. Samþykki.

1. Málsatvik

Kærandi, Natallie Evans, er breskur ríkisborgari, fædd 1971 og búsett í Wiltshire. Sumarið 2000 fóru kærandi og þáverandi sambýlismaður hennar, J, í frjösemissmedferð. Meðan á meðferðinni stóð uppgötvaðist að kærandi var með krabbamein á frumstigi í eggjaleiðurum. Árið eftir, áður en eggjaleiðarar kæranda voru fjarlægðir, voru egg úr henni frjövguð með sæði J og fósturvísarnir settir í geymslu. Fyrir frjövgunina var kæranda og J tilkynnt að hvort þeirra um sig gæti afturkallað samþykki sitt áður en fósturvísunum væri komið fyrir í legi kæranda. Sambandi kæranda og J lauk í maí 2002 og afturkallaði J samþykki sitt fyrir geymslu og notkun fósturvísanna. Meðferðaraðilinn tilkynnti þá kæranda að honum væri skylt að eyða fósturvísunum. Kærandi gerði þá kröfu fyrir innlendum dómstólum að J yrði gert að veita samþykki sitt fyrir notkun fósturvísanna enda væri það eini möguleiki hennar til að eignast barn sem væri líffræðilega skylt sér. Þeirri kröfu var hafnað. Í kjölfar þess að kærandi leitaði til Mannréttindadómstólsins beindi dómstóllinn þeim tilmælum til Bretlands að beðið yrði með að eyða fósturvísunum þar til fjallað hefði verið um mál hennar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kæranda laut að því að komið hefði verið í veg fyrir að hún gæti nokkru sinni eignast barn sem væri líffræðilega skylt sér. Hélt hún því fram að með því að meina henni að nýta fósturvísana og vegna þess að til stæði að eyða þeim hefði verið brotið á rétti fósturvísanna til lífs samkvæmt 2. gr. sáttmálans. Þá hélt hún því fram að brotið hefði verið gegn rétti sínum samkvæmt 8. og 14. gr. sáttmálans.

Niðurstaða deildar

Það var einróma álit deildar dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn rétti fósturvísanna samkvæmt 2. gr. sáttmálans. Þá var það álit meirihlutans að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 8. eða 14. gr. Dómstóllinn fór þó fram á að varðveislu fósturvísanna yrði haldið áfram þar til endanleg niðurstaða lægi fyrir.

Niðurstaða yfirdeildar

Um 2. gr.: Það var álit dómstólsins að fósturvísarnir sem slíkir ættu ekki rétt til lífs í skilningi 2. gr. sáttmálans og því hefði ekki verið brotið gegn þeirri grein.

Um 8. gr.: Það var álit dómstólsins að réttur kæranda til að verða líffræðilegt foreldri félli undir gildissvið 8. gr., jafnvel þótt henni stæðu aðrar leiðir, eins og ættleiðing eða gjafaegg, til boða. Þá tók dómstóllinn fram að hagsmunir J og kæranda af málinu væru algerlega öndverðir og því væri sama að hvaða niðurstöðu hann kæmist, hagsmunir annars hvors þeirra yrðu að vika. Tekið var fram að dómstóllinn, líkt og aðrir sem fjallað hefðu um málið, hefði ríka samúð með kæranda. Hins vegar féllst dómstóllinn ekki á að hagsmunir hennar ættu að vega þyngra en hagsmunir J af því að eignast ekki barn með henni. Í trausti þess að samband hennar við J myndi endast hefði kærandi ekki leitað annarra leiða til að frjóvga eggin og hefði hún vitað frá upphafi að J væri frjálst að afturkalla samþykki sitt til nýtingar fósturvísanna. Þá hefði J einnig verið fullvissaður um það að hann mætti afturkalla samþykki sitt. Reglur landsréttar væri skýrar að þessu leyti og væru niðurstaða ítarlegrar umfjöllunar um félagslega, siðferðilega og lagalega þætti tengda framförum í frjósemislækningum. Þá taldi dómstóllinn að efnislega fælu reglur landsréttar í sér sanngjarnt tillit til hagsmuna beggja kynfrumugjafa og tækju tillit til mannglegrar reisnar og frjáls vilja beggja. Það var því álit dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Um 14. gr.: Þar sem niðurstaðan var sú að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. þótti kærandi ekki geta byggt á því að henni hefði verið mismunað í samanburði við aðrar konur og því var það álit dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 14. gr.

Fjórir dómara af 17 skiluðu séráliti.

Wagner og J.M.W.L. gegn Lúxemborg

Dómur frá 28. júní 2007

Mál nr. 76240/01

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Ættleiðing. Lagaskilaréttur. Rökstuðningur dóma. Stofnun fjölskyldu.

Mismunun.

1. Málsatvik

Kærendur eru Jeanne Wagner, fædd 31. ágúst 1967, og ættleidd dóttir hennar, J.M., sem fædd er í Perú árið 1993. Móðirin er ríkisborgari í Lúxemborg þar sem mæðgurnar eru búsettar. Móðirin á alls fjögur börn.

Þann 6. nóvember árið 1996 úrskurðaði dómari í Perú um ættleiðingu stúlkuunnar J.M.W.L. sem lýst hafði verið yfirgefin af kynforeldrum sínum. Árið 1997 leituðu kærendur eftir viðurkenningu þess að sá úrskurður hefði gildi í Lúxemborg, í þeim tilgangi að stúlkan yrði skráð í þjóðskrá landsins ásamt því að öðlast ríkisborgararétt.

Með dómi héraðsdómstóls, hinn 2. júní árið 1999, var því hafnað að framfylgja hinum perúska dómsúrskurði þar sem það væri í andstöðu við ákvæði landslaga sem heimiluðu einstæðum konum ekki að ættleiða börn. Kærendur áfrýjuðu til áfrýjunardómstóls með vísan til þess að framangreindur dómur bryti í bága við 8. gr. sáttmálans um friðhelgi fjölskyldu. Með dómi, hinn 6. júlí árið 2000, var kröfum kærenda hafnað m.a. með vísan til lagaskilaréttar Lúxemborgar sem kvæði á um að þjóðerni ættleiðanda skyldi ráða því hvaða landslögum skyldi beitt. Tekið var fram að af þeirri ástæðu væri óþarft að taka afstöðu til annarra málsástæðna kærenda, m.a. þeirra er lutu að því að það væri í andstöðu við góðar venjur í alþjóðasamskiptum að hafna kröfum kærenda.

Með dómi sínum, hinn 14. júní árið 2001, staðfesti hæstiréttur landsins niðurstöðuna með vísan til þess að ekki þyrfti að taka afstöðu til röksemda kærenda varðandi góðar venjur í alþjóðasamskiptum. Þá var tekið fram að ekki þyrfti að taka fjalla um það hvort umrædd niðurstaða bryti í bága við 8. gr. sáttmálans þar sem röksemdafærsla kærenda varðandi þann þátt málsins væri „vafasöm, óljós og ónákvæm”.

Kærendur lögðu einnig fram stjórnsýslukæru gegn ráðherra fjölskyldu-, félags- og æskulýðsmála vegna krafna sinna um að hann leitaði leiða til að tryggja að ættleiðingin hlyti viðurkenningu stjórnvalda. Stjórnsýsludómstóll á neðra stigi féllst á kröfur kærenda en efra stig sneri þeirri niðurstöðu við hinn 1. júlí árið 2004.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að brotið hefði verið í bága við rétt þeirra samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem æðri dómstig hefðu ekki fjallað um þær málsástæður

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

sem lutu að 8. gr. sáttmálans um friðhelgi fjölskyldu. Einnig héldu þeir því fram að brotið væri í bága við rétt þeirra samkvæmt 8. gr. þar sem yfirvöld í Lúxemborg hefðu ekki viðurkennt þau fjölskyldubönd sem skapast hefðu í kjölfar úrskurðar dómara í Perú um ættleiðingu á stúlkunni. Að síðustu héldu þeir því fram að brotið hefði verið í bága við 14. gr. sáttmálans um bann við mismunun þegar hún væri lesin með 8. gr. þar sem ættleiðingin hefði aldrei hlotið viðurkenningu stjórnvalda.

Niðurstaða

Um 6. gr.: Dómstóllinn benti á að jafnvel þótt dómstólum væri ekki skylt að skýra ávallt ástæður þess þegar rökum málsaðila er hafnað, væri þeim skylt að fjalla um og svara öllum helstu málsástæðum aðila. Ef málsaðilar héldu því fram í málatilbúnaði sínum að brotið væri í bága við þau réttindi sem sáttmálinn tryggði væri dómstólum skylt að gefa slíku sérstakan gaum og taka til ítarlegrar skoðunar.

Dómstóllinn taldi það hafa verið meginmálsástæðu kæranda við áfrýjun að niðurstaða héraðsdóms bryti í bága við 8. gr. sáttmálans, með vísan til góðra venja í alþjóðasamskiptum. Áfrýjunardómstóllinn hefði því átt að gefa þeirri röksemda-færslu sérstakan gaum og svara henni sérstaklega í stað þess að skoða hana ekki að neinu leyti eins og raun bar vitni. Að auki hefði hæstiréttur landsins staðfest niður-stöður neðri dómstiga þrátt fyrir dómafordæmi sem veittu ákvæðum sáttmálans bein réttaráhrif í réttarkerfi Lúxemborgar.

Einróma niðurstaða dómstólsins var að brotið hefði verið í bága við rétt kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.

Um 8. gr.: Dómstólar höfnuðu kröfum kæranda um viðurkenningu á ættleið-ingunni með vísan til ákvæða landslaga sem heimiluðu ekki einstæðum konum að ættleiða börn. Það var talið fela í sér afskipti af rétti kæranda til friðhelgi fjölskyldu. Höfnun dómstóla hefði stefnt að því að vernda heilsu og siðgæði ásamt réttindum og frelsi barnsins sem um var að ræða. Dómstóllinn taldi að það hefði verið eðlilegt af yfirvöldum í Lúxemborg að nálgast það úrlausnarefni með varfærum hætti hvaða augum bæri að líta úrskurð dómara í Perú samkvæmt lagaskilarétti.

Dómstóllinn tók fram að þegar metið væri hvort takmörkun á réttindum kæranda væri nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi væri það ekki hlutverk dómstólsins að koma í stað yfirvalda í Lúxemborg og leggja mat á það hvaða stefna væri hagfelldust í ættleiðingarmálum. Hlutverk dómstólsins væri að meta hvort ákvörðun yfirvalda í Lúxemborg hefði farið út fyrir það svigrúm sem sáttmálinn veiti þeim til að móta slíka stefnu. Dómstóllinn benti á að í aðildarríkjum virtist ríkja víðtæk samstaða um að einstæðum einstaklingum væri heimilt að ættleiða börn. Dómstóllinn benti einnig á að sú venja hefði ríkt í Lúxemborg að veita perúskum dómum um ættleið-ingu sjálfkrafa réttaráhrif. Kærendur hefðu því haft réttmætar ástæður til að ætla að ættleiðingin hefði réttaráhrif við komuna til Lúxemborgar. Í daglegu lífi sínu hefðu kærendur því mætt hindrunum og barnið naut ekki þeirrar lagalegu verndar sem gera átti því kleift að verða hluti af hinni nýju fjölskyldu.

Dómstóllinn taldi að dómstólar í Lúxemborg hefðu ekki með réttu getað virt að vettugi þá lagalegu stöðu sem stofnaðist með perúskri heimild og sem fól í sér að

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

stofnast hefði til fjölskyldulífs í skilningi 8. gr. Þá ítrekaði dómstóllinn að það sem væri barni fyrir bestu ætti að hafa forgang í málum sem þessum. Einróma niðurstaða dómstólsins var því að brotið hefði verið í bága við 8. gr. sáttmálans um friðhelgi fjölskyldunnar.

Um 14. gr., sbr. 8. gr.: Dómstóllinn benti á að með því að viðurkenna ekki ættleiðinguna að lögum hefði J.M.W.L. verið mismunað samanborið við önnur börn sem ættleidd hefðu verið erlendis frá með heimildum þarlanda yfirvalda sem viðurkenndar væru í Lúxemborg. Tengsl barnsins við blóðfjölskyldu sína hefðu raskast og tengslin við hina nýju móður hefðu ekki að fullu getað komið þeirra í stað. Barnið hefði því verið í lagalegu tómi sem hefði ekki verið fyllilega bætt úr. Þar sem barnið var ekki ríkisborgari í Lúxemborg fékk það ekki notið þeirra réttinda sem ríkisborgurum voru almenn tryggð. Þá hefði það ekki óskilyrt búsetuleyfi og undanþágur frá vegabréfsáritunum til ákveðinna landa, t.d. Sviss. Móðirin þurfti daglega að takast á við óbein áhrif þeirra hindrana sem barn hennar mætti í samfélaginu auk ýmiss konar skrifinnsku sem skortur á ríkisborgararétti ylli. Á hverjum degi hefði barnið fundið fyrir því að vera ættleitt barn einstæðrar móður frá Lúxemborg sem ekki hefði fengið viðurkenningu á ættleiðingarheimild erlends dómara. Að mati dómstólsins gat ekkert réttlætt slíka mismunun, sér í lagi ef litið væri til þess að perúskar ættleiðingarheimildir til handa einstæðum einstaklingum hefðu fram að máli kærenda ávallt hlotið viðurkenningu yfirvalda í Lúxemborg.

Einróma niðurstaða dómstólsins var því að brotið hefði verið í bága við 14. gr. sáttmálans, sbr. 8. gr. hans.

Samkvæmt 41. gr. sáttmálans voru móðurinni dæmdar 715 evrur í bætur vegna fjárhagslegs tjóns, 2.500 evrur í miskabætur og 13.760 evrur vegna málskostnaðar.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Vereiningung bildender Künstler gegen Austurríki

Dómur frá 25. janúar 2007

Mál nr. 68354/01

10. gr. Tjáningarfrelsi

Stjórnámálamenn. Listræn tjáning.

1. Málsatvik

Kærandi, Vereiningung bildender Künstler Wiener Secession, eru samtök listmálara, sem hafa aðsetur í Secession-byggingunni í Vínarborg. Secession er mjög þekkt, óháð listagalleri þar sem nútímalist er sýnd. Í tilefni af hundrað ára afmæli sínu héldu samtökin listasýningu frá 3. apríl til 21. júní 1998. Þar var meðal annars sýnt verkið „Apocalypse“ eftir austurríska myndlistarmanninn Otto Mühl. Málverkið var 450 x 360 cm að stærð og sýndi 34 þekktar persónur sem voru naktar og stunduðu kynferðislegt athæfi. Líkamar þeirra voru málaðir en andlitin gerð með því að stækka ljósmyndir og varpa þeim á strigann. Meðal þeirra sem þekktust af myndinni voru móðir Theresa, austurríski kardinálinn Hermann Groer, Jörg Haider, fyrrverandi formaður austurríska Frelsisflokksins, og Meischberger, sem einnig hafði verið háttsettur innan flokksins. Myndin sýndi meðal annars tvo félaga í Frelsisflokki fitla við Meischberger meðan hann hafði sáðlát yfir móður Theresu. Jafnframt hélt Meischberger um getnaðarlim Haider er sá síðarnefndi hafði sáðlát. Verkið vakti miklar deilur í Austurríki og að lokum voru unnin skemmdarverk á því á sýningunni, með því að sá hluti myndarinnar sem sýndi Meischberger var þakinn rauðri málningu. Hinn 22. júní 1998 höfðaði Meischberger mál gegn samtökunum og fór fram á lögban á sýningu verksins auk miskabóta. Undirréttur hafnaði kröfum hans. Áfrýjunardómstóll í Vín komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að samtökin skyldu greiða Meischberger sem svaraði 1.453,46 evrum í miskabætur og málskostnað og jafnframt var samtökunum meinað að sýna verkið. Samtökin áfrýjuðu þessum dómi en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með því að banna frekari sýningar á verkinu hefðu austurrískir dómstólar brotið gegn tjáningarfrelsi sínu. Byggt var á 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að bann við sýningu á verkinu hefði falið í sér afskipti af tjáningarfrelsi. Slík afskipti ættu sér þó stoð í höfundaréttarlögum og þjónuðu því lögmæta markmiði að vernda réttindi annarra. Hins vegar var ekki fallist á það með austurríska ríkinu að afskiptin hefðu líka þjónað því

10. gr. Tjáningarfrelsi

lögmeta markmiði að vernda almennt siðgæði, þar sem ekkert var vísað til slíks í lögnum né kæmi það fram í úrlausnum innlendra dómstóla. Dómstóllinn tók fram að málverkið hefði sýnt Meischberger í nokkuð hneykslanlegu ljósi. Hins vegar væri verkinu, sem málað var sem ádeila, ætlað að vera ögrandi. Satíra væri listræn tjáning sem ætlað væri að ýkja og afmynda veruleikann. Vegna þess yrði að fara með mikilli aðgát ætti að hefta rétt listamanns til slíkrar tjáningar. Dómstóllinn leit þannig á að myndin sýndi Meischberger ekki í persónulegu ljósi heldur sem stjórnmálamann. Mætti skilja málverkið sem nokkurs konar gagnárás Mühl á Frelsisflokkinn en flokksmenn höfðu gagnrýnt list hans harðlega. Dómstóllinn tók fram að Meischberger hefði á þessum tíma einungis verið almennur þingmaður og einna minnst þekktur af þeim sem birtust á myndinni. Þá var litið til þess að á þeim tíma sem hann höfðaði málið hefði hann verið nær óþekkkjanlegur á myndinni þar sem skemmdarverk höfðu verið unnin á henni. Í það minnsta væru allar líkur á að þeir sem horfðu á myndina tækju fremur eftir þeim sem enn væru auðþekkkjanlegir og væru auk þess frægari. Að lokum var litið til þess að sýningarbanninu á myndinni var ekki markaður neinn ákveðinn tími eða staður. Slíkt leiddi til þess að samtökunum væri um alla tíð óheimilt að sýna myndina, óháð því hvort Meischberger væri þekktur á þeim stað eða tíma þar sem sýning væri fyrirhuguð. Því taldi dómstóllinn að bann austurrískra dómstóla við sýningu á verkinu væri ekki í samræmi við þau markmið sem leitast var við að ná og því ekki nauðsynlegt í lýðræðislegu samfélagi.

Það var því niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Talið var að niðurstaðan sem slík fæli í sér nægar miskabætur en með vísan til 41. gr. voru kæranda dæmdar 12.286,74 evrur í skaðabætur og 15.950,16 evrur í málskostnað. Þrír dómara af sjö skiluðu séráliti.

Boldea gegn Rúmeníu

Dómur frá 15. febrúar 2007

Mál nr. 19997/02

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

10. gr. Tjáningarfrelsi

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Meiðyrði. Ummæli um fræðilega hæfni. Rökstuðningur dóma.

1. Málsatvik

Kærandi, Marian Boldea, er rúmenskur ríkisborgari, fæddur árið 1962 og býr í Timisoara í Rúmeníu. Hann er kennari við tölvunarfræðideild Tækniháskólans í Timisoara. Í mars árið 2001 var haldinn kennarafundur í tölvunarfræðideild skólans. Þar tjáðu nokkrir fundarmanna óánægju sína með meintan ritstuld þeirra AS og LP en í ritum sínum áttu þeir að hafa notað fjölda skilgreininga úr doktorsritgerð annars manns. Kærandi var sá eini á fundinum sem lét í ljós afdráttarlausa afstöðu sína þess efnis að háttsemi AS og LP væri ritstuldur. Í lok fundarins var ályktað að

10. gr. Tjáningarfrelsi

gæði fræðilegrar útgáfu hefðu dalað, að forðast skyldi birtingar sem fælu einungis í sér endursögn skilgreininga sem þegar væru til og að stefna skyldi að fræðilegu nýnæmi í greinum til birtingar. AS og LP fengu munnlega áminningu. Því var ekki lýst yfir að verk þeirra fælu í sér ritstuld, en ályktað að þau hefði ekki vísindalega þýðingu.

AS og LP höfðuðu meiðyrðamál gegn kæranda í maí 2001. Í nóvember sama ár var kærandi dæmdur til þess að greiða 20 evrur í sekt, auk þess sem hann þurfti að standa straum af um það bil 80 evra málskostnaði AS og LP vegna málsins. Dómurinn taldi staðreyndir málsins uppfylla skilyrði um ásetning og opinbert eðli brotsins. Kærandi áfrýjaði málinu, meðal annars með vísan til þess að rökstuðning skorti fyrir niðurstöðunni í dómi undirréttar. Í mars 2002 var áfrýjun kæranda vísað frá dómi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið á rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 1. mgr. 6. gr. þar sem hann hefði verið dæmdur til þess að greiða sekt án þess að gögn málinu viðkomandi væru lögð til grundvallar, auk þess sem dómstóllinn hefði ekki litið til sjónarmiða og röksemda sem hann lagði fram í málinu. Hann taldi jafnframt að refsing hans fyrir meiðyrði bryti í bága við tjáningarfrelsið sem verndað væri í 10. gr. sáttmálans. Þar að auki vísaði kærandi til þess að réttur hans til virkra réttarúrræða samkvæmt 13. gr. sáttmálans hefði verið brotinn þar sem dómstólar hefðu vísað áfrýjun hans frá án þess að leggja mat á þau gögn sem hann lagði fyrir dóminn.

Niðurstaða

Um 1. mgr. 6. gr. Dómstóllinn taldi að dómstóllinn í Timisoara hefði ekki lagt mat á alla þá þætti sem nauðsynlegir væru til þess að kveða á um hvort skilyrði brotsins væru uppfyllt. Þá hefði dómstóllinn ekki litið til þeirra gagna sem kærandi lagði fram í málinu. Þar að auki hafði dómstóllinn sem synjaði kæranda um áfrýjun ekki tekið afstöðu til þeirra röksemda sem hann lagði fyrir dóminn og þá sérstaklega þeirra raka að dómur undirréttar hefði ekki verið rökstuddur.

Með vísan til þessa var það einróma niðurstaða dómstólsins að dómur yfir ákærða hefði ekki verið nægilega rökstuddur og þar af leiðandi hefði hann ekki hlotið réttláta málsmeðferð í skilningi 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Um 10. gr. Dómstóllinn lagði mat á það hvort skerðing á tjáningarfrelsi kæranda hefði verið nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Dómstóllinn leit til þess að ásakanir kæranda um ritstuld tveggja samstarfsfélaga sinna voru alvarlegar, en þær áttu sér engu að síður stoð í raunveruleikanum. Kærandi lét orðin falla á kennarafundi í tölvunarfræðideild háskóla, og í kjölfar fundarins höfðu AS og LP fengið munnlega áminningu. Í ljósi þessa voru ásakanir kæranda ekki órökstuddar og ekki til þess fallnar að ófrægja samstarfsfélaga hans. Dómstóllinn leit jafnframt til þess að ummælin hefðu ekki fjallað um einkalíf samstarfsfélaga hans, heldur

10. gr. Tjáningarfrelsi

háttsemi tengda akademískri hæfni þeirra. Þegar hinn meinti ritstuldur komst upp ríkti almenn óánægja innan tölvunarfræðideildarinnar með þau fræðiverk sem birt höfðu verið nýlega, og fundurinn sem kærandi lét ummælin falla á var haldinn af deildarforseta deildarinnar til þess að hleypa að sjónarmiðum fundarmanna varðandi þá stöðu sem upp var komin. Umræðuefnið hafði þannig almenna skírskotun fyrir deildina. Dómstóllinn leit því til þess að ummæli kæranda voru faglegt álit hans sem tjáð var munnlega á þessum fundi. Einnig tók dómstóllinn tillit til háttsemi kæranda á meðan á málaferlum gegn honum stóð sem bentu eindregið til þess að kærandi hafi látið ummælin falla í góðri trú.

Þar sem rúmenskir dómstólar höfðu ekki rökstutt dóminn yfir kæranda nægilega og þar sem refsing hans gat ekki talist uppfylla ríka samfélagslega þörf var það einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálsans.

Um 13. gr. Dómstóllinn taldi ekki þörf á að skoða hvort réttindi kæranda samkvæmt 13. gr. hefðu verið brotin þar sem kærán varðaði sömu réttindi og fjallað var um varðandi 1. mgr. 6. gr.

Ferihumer gegn Austurríki

Dómur frá 1. febrúar 2007

Mál nr. 30547/03

10. gr. Tjáningarfrelsi

Meiðyrði. Ummæli um kennara. Staðreyndir og gildisdómar.

1. Málsatvik

Kærandi, Johann Ferihumer, er austurrískur ríkisborgari, fæddur árið 1945 og býr í Waizenkirchen í Austurríki.

Þegar atvik málsins urðu var kærandi faðir nemanda í grunnskóla í Grieskirchen, auk þess sem hann sinnti starfi varaformanns og ritara í foreldrafélagi skólans. Kennarar skólans ákváðu skólaárið 2001-2002 að stytta og fækka ferðalögum á vegum skólans í mótmælaskyni við minna fjárframlag ríkisstjórnarinnar til menntamála það árið. Nemendur og nokkrir foreldrar, þar á meðal kærandi, voru ósammála þessum aðgerðum. Kærandi óskaði eftir atkvæðagreiðslu hjá skólanefnd skólans um það hvort bekkur sonar hans ætti að fara í vikuferð annaðhvort til Toscana á Ítalíu eða til Prag í Tékklandi. Í janúar 2002 ákvað skólanefndin að undirrita málamiðlun milli sjónarmiða kennara og nemenda og foreldra sem fól í sér eins dags ferð fyrir alla bekkni á skólaárinu, en að auki skyldu koma til uppbót- arferðir haustið 2003. Sama dag og skólanefndin undirritaði þessa málamiðlun tjáði kærandi sig við fréttablað þar sem hann hélt því fram að kennarar væru að beita óþolandi miklum þrýstingi á nemendur og foreldra sem jafna mætti við valdniðslu. Í kjölfarið höfðaði meirihluti kennara mál gegn kæranda vegna móðgana og tjóns sem kærandi hefði valdið þeim með ummælum sínum. Þann 9. október 2002 var lagt lögbann við því að kærandi endurtæki þessi ummæli þar sem þau teldust móðgandi og ærumeiðandi. Dómstóllinn taldi að kærandi yrði að þola að orð hans væru túlkuð

10. gr. Tjáningarfrelsi

á versta mögulega veg, þ.e. að kennararnir hefðu beitt ólögmætum og ófaglegum aðferðum á borð við beitingu ofbeldis eða misbeitingu valds við einkunnagjöf nemenda.

Kærandi áfrýjaði dómnum og taldi sig aðeins hafa átt við vægari aðgerða kennara sem fólust í því að sækja ekki fundi skólanefndar og grafa undan valdi talsmanns nemenda sem hrökklaðist í kjölfarið úr því embætti. Hann vísaði enn fremur til þess að ummæli hans væru gildisdómur sem hefði nægilega stoð í raunveruleikanum. Áfrýjun kæranda var vísað frá í febrúar 2003 þar sem ummælin fælu í sér fullyrðingar sem kærandi hefði ekki getað fært sönnur á.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að lögban sem lagt var við því að hann tjáði sig um þrýsting kennara á nemendur og kennara og valdniðslu bryti í bága við tjáningarfrelsi hans sem tryggt væri í 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að lögbaníð fæli í sér skerðingu á tjáningarfrelsi kæranda, en að það væri í samræmi við lög og væri til þess fallið að vernda réttindi annarra. Því þyrfti að skoða hvort skerðingin hefði verið nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi og í samræmi við ríka þjóðfélagslega þörf þar sem gætt væri meðalhófs í tengslum við lögmætt markmið stjórnvalda.

Dómstóllinn leit til þess að ummæli kæranda hefðu fallið í tengslum við kröftug skoðanaskipti milli nemenda, foreldra og kennara. Kærandi var ekki sáttur við málamiðlun skólanefndarinnar og lét viðbrögð sín við því í ljós. Kærandi hefði tjáð skoðun sína á aðferðum kennara og fellt gildisdóm sem eðli málsins samkvæmt væri ekki hægt að sanna. Með vísan til þess hversu mikil spenna var ríkjandi, sem speglaðist meðal annars í því að talsmaður nemenda sagði af sér, þótti dómstólnum að ummæli kæranda hefðu átt sér nægilega stoð í raunveruleikanum og gætu þess vegna ekki talist keyra fram úr hófi.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að skerðing tjáningarfrelsis kæranda hefði verið meiri en nauðsynlegt gat talist í lýðræðisþjóðfélagi og fæli því í sér brot á 10. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi að dómurinn sjálfur fæli í sér nægilegar bætur fyrir þann miska kæranda. Kærandi fékk 418.17 evrur í bætur vegna fjártjóns og 10.274,07 evrur vegna málskostnaðar á grundvelli 41. gr. sáttmálans.

Tønsberg Blad AS og Haukom gegn Noregi

Dómur frá 1. mars 2007

Mál nr. 510/04

10. gr. Tjáningarfrelsi

Blaðamenn. Opinberar persónur.

1. Málsatvik

Fyrri kærandi, Tønsberg Blad AS, gefur út héraðsfréttablaðið Tønsberg Blad sem er í eigu Orkla Media AS. Blaðið er gefið út 6 daga vikunnar og var því dreift að meðaltali í 33.314 eintökum árið 2002. Seinni kærandi, Marit Haukom, sem var ritstjóri blaðsins á umræddum tíma, er norskur ríkisborgari, fædd árið 1952 og búsett í Túnsbergi.

Í október 1999 gerðu bæjaryfirvöld í Tjøme lista yfir eigendur fasteigna sem talið var að uppfylltu ekki ákvæði reglugerðar um að þeir skyldu hafa þar fasta búsetu. Var þetta gert til að hafa stjórn á mikilli eftirspurn eftir frístundaeignum. Á listanum var að finna nokkur þekkt nöfn, m.a. R, forstjóra eins af stærstu fyrir-tækjum landsins. Fjölskylda R hafði haft búsetu í umræddri eign allt frá byggingu hennar árið 1988 til 1998 þegar þau fluttust til Osló.

Í byrjun júní árið 2000 var fjallað um listann í einu tölublaða Tønsberg Blad. Var þar vísað til þekktra einstaklinga á listanum, m.a. R, og skýrt frá því að viðkomandi gætu neyðst til að selja eignir sínar þar sem ákvæði reglugerðarinnar væru ekki uppfyllt. Með greininni var birt mynd af R ásamt tilvitnun til ummæla hans um að framangreint hlyti að vera byggt á misskilningi. Eftir að hafa fengið upplýsingar þess efnis að nafn R hefði verið fjarlæggt af listanum, var birt í blaðinu grein þar sem m.a. var fjallað um að hann hefði sloppið þar sem reglugerðin næði ekki til eigna sem eigendur hefðu reist sjálfir. Að auki voru gloppur stjórnkerfisins þessu tengdar gagnrýndar. Í enn annarri grein, sem birtist í blaðinu í ágúst s.á., var gerð grein fyrir því að nafn R ásamt nöfnum annarra hefði verið fjarlæggt af listanum þar sem reglugerðin ætti ekki við um eignir þeirra.

Að kröfu R var refsímál höfðað á hendur kændum í september árið 2000 fyrir ærumeiðandi ummæli. Ári síðar komst undirréttur að þeirri niðurstöðu að ærumeiðandi ummæli hefðu verið látin falla en í ljósi 10. gr. sáttmálans yrði að telja hagsmuni almennings af upplýsingum um búsetumálefni sem og tjáningarfrelsi fjölmiðla meiri en hagsmuni R. Kændur voru því sýknaðir og R dæmdur til greiðslu kostnaðar að andvirði 183.387 norskar krónur. R áfrýjaði dómnum til yfirréttar sem féllst á kröfur R að hluta í maí 2002. Umrædd ummæli voru dæmd dauð og ómerk og kændum gert að greiða R 50.000 norskar krónur í miskabætur. Kændur áfrýjuðu án árangurs til Hæstaréttar sem í júlí 2003 gerði þeim að greiða R 673.879 norskar krónur vegna málskostnaðar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að niðurstaða Hæstaréttar bryti í bága við tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr. sáttmálsans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi enga ástæðu til að draga í efa að umrædd takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda stefndi að lögmætum markmiðum samkvæmt 2. mgr. 10. gr. sáttmálsans, sem voru vernd réttinda og mannorðs R. Við mat sitt á því hvort rökstuðningur fyrir takmörkuninni væri fullnægjandi í ljósi fordæma réttarins benti dómstóllinn á að tilgangur 10. gr. væri m.a. að tryggja að almenningur fengi miðlað til sín upplýsingum sem hann hefði hagsmuni af. Að auki hefði almenningur, við ákveðnar kringumstæður, hagsmuni af því að vera upplýstur um það ef opinberar persónur færu ekki að lögum og reglum sem ætlað væri að vernda almannahagsmuni. Dómstóllinn vísaði til þess að réttur blaðamanna til að miðla upplýsingum um málefni almenns eðlis krefðust þess að þeir gerðu slíkt í góðri trú, á grundvelli staðreynda og að lagðar væru fram nákvæmar og áreiðanlegar upplýsingar í samræmi við siðareglur fjölmiðla. Umrætt mál lyti að fullyrðingum um staðreyndir en ekki gildisdómum tiltekins aðila. Þær lytu ekki að glæpsamlegu athæfi heldur einungis því að reglugerðarákvæðum um búsetu væri ekki fylgt. Dómstólar komust jafnframt að þeirri niðurstöðu að umræddar fullyrðingar væru ekki mjög alvarlegar þótt líklegt væri að samborgarar R litu umrætt hátterni hans hornauga. Þá hefðu fullyrðingarnar verið settar fram af varfærni og þrátt fyrir að framsetningu væri ætlað að vekja hugaræsingu lesenda var þess gætt að fjalla um hlut R í málinu af hlutleysi og án þess að gefa til kynna að forsvarsmenn blaðsins teldu hann hafa brotið af sér að þessu leyti. Dómstóllinn taldi að jafnvægis hefði verið gætt við umfjöllun blaðsins þar sem með og mótrök voru birt í hverri grein um málið.

Þegar litið væri til þess hvort umrædd umfjöllun hefði verið í góðri trú þá taldi dómstóllinn sýnt fram á að staðhæfingarnar í byrjun júní árið 2000 byggðust á skjali sem fékkst hjá bæjaryfirvöldum. Í ljósi þess að umræddur blaðamaður hafði í förum sér slíkt skjal væri ekki unnt að gera þá kröfu til hans að staðreyna sérstaklega hvort þeir einstaklingar sem þar væru nefndir uppfylltu kröfur reglugerðarinnar eða ekki. Þar sem staðhæfingar blaðsins voru ekki taldar alvarlegs eðlis og í ljósi hagsmuna almennings taldi dómstóllinn að sannindi umrædds skjals hefðu verið staðreynd með fullnægjandi hætti eins og á stóð og að aðhafst hefði verið í góðri trú.

Þrátt fyrir framangreint hefðu kærendur þurft að taka þátt í málsmeðferð vegna ærumeiðandi ummæla á þremur dómstigum sem leitt hefði til þess að þau voru dæmd dauð og ómerk. Fyrir utan eigin kostnað af málinu hefði þeim einnig verið gert að greiða umtalsverðar fjárhæðir í miskabætur og kostnað. Eins og málið væri vaxið hefði óhófleg og of mikil byrði verið lögð á þá, sem væri til þess fallin að draga úr tjáningarfrelsi fjölmiðla í Noregi.

Dómstóllinn taldi ástæður fyrir takmörkuninni, hafa verið ófullnægjandi og því hefði ekki borið nauðsyn til hennar í lýðræðislegu þjóðfélagi. Meðalhófs hefði

10. gr. Tjáningarfrelsi

ekki verið gætt milli takmörkunar á tjáningarfrelsi og hinna lögmætu markmiða sem að væri stefnt.

Einróma niðurstaða dómstólsins var að brotið hefði verið í bága við 10. gr. sáttmálans. Kærendum voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 90.000 evrur í miskabætur, 170.000 evrur vegna málskostnaðar auk viðbótargreiðslu að andvirði 20.000 evrur vegna annarra þátta.

Hachette Filipacchi Associés gegn Frakklandi

Dómur frá 14. júní 2007

Mál nr. 71111/01

10. gr. Tjáningarfrelsi

Fjölmiðlar. Myndbirting.

1. Málsatvik

Kærandi, Hachette Filipacchi Associés, er fyrirtæki með skrásett aðsetur í Levallois-Perret í Frakklandi og gefur meðal annars út vikuritið Paris-Match.

Þann 19. febrúar árið 1998 birtist í vikuritinu grein um morðið á héraðsstjóra Korsíku sem átti sér stað 6. sama mánaðar. Með greininni var birt mynd af líki hans þar sem það lá á götunni ásamt eftirfarandi texta: „Föstudaginn 6. febrúar kl. 9:15 skrifaði Claude Erignac, hér á þessari gangstétt í Ajaccion, hörmulega blaðsíðu í sögu okkar með blóði sínu”.

Ekkja og börn fylkisstjórans fóru fram á lögbann gegn nokkrum fyrirtækjum, þar á meðal kæranda, auk þess sem þau fóru fram á haldlagningu allra eintaka ritsins þar sem myndirnar hefðu birst. Einnig fóru þau fram á að bann yrði lagt á sölu ritsins að viðlagðri sekt. Að þeirra mati gæti myndbirtingin ekki talist hafa upplýsingagildi fyrir almenning heldur væri hvati hennar eingöngu fjárhagslegur. Sem slík teldist hún vera óbærilegur átroðningur á einkalífi þeirra.

Hinn 12. febrúar 1998 kvað dómari á um lögbann gagnvart kæranda og gerði honum að birta, á eigin kostnað, yfirlýsingu í vikuritinu þess efnis að myndbirting af líki fylkisstjórans hefði brotið gegn einkalífi ekkju hans og barna. Kærandi áfrýjaði og hélt því fram að umrædd mynd væri í dökkum tónum og að um væri að ræða sögulegan atburð. Sem slík gæti hún ekki talist brjóta gegn einkalífi fjölskyldu fylkisstjórans. Þann 24. febrúar 1998 var umrætt lögbann staðfest á millidómstigi. Var kæranda gert að birta, á eigin kostnað, yfirlýsingu þess efnis að myndbirtingin hefði verið án samþykkis fjölskyldu fylkisstjórans og að hún teldist alvarlegt brot gegn einkalífi þeirra. Þann 20. desember árið 2000 var áfrýjun kæranda vísað frá áfrýjunardómstól vegna annmarka á málatilbúnaði.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið væri í bága við tjáningarfrelsi sitt samkvæmt 10. gr. sáttmálans með því að gera honum að viðlagðri sekt að birta yfirlýsingu um að myndbirtingin hefði verið í óþökk fjölskyldunnar.

Niðurstaða

Að mati dómstólsins taldist skylda til birtingar tiltekinnar yfirlýsingar takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda samkvæmt 10. gr. Heimild sína hefðu yfirvöld byggt á ákvæði laga sem gæfi dómstólum nákvæmlega skilgreindar heimildir til að koma í veg eða stöðva brot á einkalífi einstaklinga. Dómstólar hefðu þróað inntak umrædds ákvæðis með viðtekinni dómaframkvæmd og aðlagð það að hinum ýmsu aðstæðum. Dómstóllinn benti einnig á að hefði væri fyrir því í frönsku réttarkerfi að kveða á um viðurlög sem fælust í að birta yfirlýsingar af þessu tagi. Sem slík uppfyllti lagaheimildin þau skilyrði að vera bæði aðgengileg almenningi og nægilega fyrirsjáanleg til að teljast lögmælt eins og kveðið væri á um í 2. mgr. 10. gr. sáttmálans.

Að mati dómstólsins væru markmið umræddrar takmörkunar lögmæt, þ.e. til verndar mannróði og réttindum annarra. Dómstóllinn benti einnig á að umrædd réttindi féllu innan marka 8. gr. sáttmálans um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

Við mat á því hvort takmörkunin væri nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi leit dómstóllinn til þeirra réttinda og skyldna sem samofin væru því þegar kærendur neyttu tjáningarfrelsis síns og hamlandi áhrifa viðurlaganna sem um ræddi.

Hvað varðaði réttindi og skyldur sem samofin væru tjáningarfrelsinu ítrekaði dómstóllinn að sú sorg sem fylgdi andláti náins ættingja gæti í ákveðnum tilvikum lagt þá skyldu á stjórnvöld að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja friðhelgi einkalífs og fjölskyldu aðstandenda. Í máli þessu hefði hin særandi mynd verið birt aðeins 13 dögum eftir að fylkisstjórinn var myrtur og 10 dögum eftir jarðarför hans. Að mati dómstólsins hefðu blaðamenn átt að sýna fyrirhyggju og nærgætni í ljósi þess að umræddur einstaklingur lést með voveiflegum hætti. Andlát hans hefði verið mikið áfall fyrir fjölskyldu hans sem lagðist gegn myndbirtingunni áður en hún átti sér stað. Birting myndarinnar í tímariti sem prentað væri í stóru upplagi hefði aukið á þjáningar nánustu ættingja í kjölfar morðsins. Í ljósi þessa gætu þau haldið því fram að friðhelgi einkalífs þeirra hefði verið skert.

Dómstóllinn kannaði næst hve mikið það takmarkaði tjáningarfrelsi fjölmiðla að gera þeim að birta yfirlýsinguna sem um var deilt. Hann benti á að franskir dómstólar hefðu hafnað kröfum fjölskyldunnar um haldlagningu m.a. á tímariti kæranda þar sem myndina var að finna. Dómstóllinn benti á að yfirlýsingin sem kæranda var gert að birta hefði verið umorðuð í niðurstöðu efra dómstigs og það gæfi til kynna að franskir dómstólar tækju sérstakt tillit til ritstjórnarlegs frelsis tímarits kæranda en eitt af helstu einkennum þess væri birting greina ásamt sláandi myndum. Af öllum þeim viðurlögum sem kveðið væri á um í frönskum lögum þá væri umrædd lagaheimild sem mótast hefði í dómaframkvæmd, bæði í eðli sínu og

10. gr. Tjáningarfrelsi

efni, hin vægasta sem um væri að ræða og af þeim öllum þá fæli hún í sér minnsta takmörkun á réttindum kæranda.

Ástæður franskra dómstóla fyrir því að gera kæranda að birta yfirlýsingu í vikuriti sínu hefðu því verið bæði nægjanlegar og málinu viðkomandi og meðalhófs hefði verið gætt við val á aðgerðum. Að mati dómstólsins hefði því ekki verið brotið í bága við 10. gr. sáttmálans. Tveir dómarrar skiluðu séráliti.

Dupuis o.fl. gegn Frakklandi

Dómur frá 7. júní 2007

Mál nr. 1914/02

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

10. gr. Tjáningarfrelsi

Blaðamenn. Trúnaðarskyldur. Birting ólöglega fenginna gagna.

1. Málsatvik

Kærendur eru útgáfufyrirtækið Librairie Arthème Fayard og frönsku blaðamennirnir Jérôme Dupuis, f. 1964, og Jean-Marie Pontaut, f. 1947, báðir búsettir í París.

Kæran varðaði sakfellingu kæranda vegna útgáfu bókarinnar „Eyru forsetans“ árið 1996 varðandi mál sem kallað var „Elysée-heranirnar“. Það mál snerist um kerfisbundnar ólöglegar símhleranir og gagnavörslu sem stjórnað var af einni af æðstu stofnunum franska stjórnkerfisins og beindist gegn fjölda manna í þjóðfélaginu á árunum 1983-1986.

Árið 1982 hafði nefnd gegn hryðjuverkum verið komið á laggirnar. Starfaði hún samkvæmt skipun frá forsetahöllinni á árunum 1983-1986. Meðal þess sem hún tók sér fyrir hendur voru símhleranir og annað eftirlit. Í upphafi tíunda áratugarins birtu fjölmiðlar nöfn 2000 einstaklinga sem sætt hefðu eftirliti. Þar á meðal var að finna nöfn þekktra einstaklinga, ásamt nöfnum blaðamanna og lögfræðinga. Málið vakti mikla eftirtekt. Árið 1993 hófst rannsókn í málinu og brotum gegn friðhelgi einkalífs. Beindist rannsóknin m.a. að G.M. sem á umræddum tíma var yfirmaður á skrifstofu François Mitterrand forseta.

Nokkrum dögum eftir andlát François Mitterrand árið 1996 kom út bókin „Eyru forsetans“ sem skrifuð var og útgefin af kærendum. Fjallaði hún um framangreindar hleranir sem stjórnað var úr forsetahöllinni.

G.M. lagði fram kæru vegna háttsemi blaðamanna. Sakaði hann þá um notkun upplýsinga og gagna sem þeir hefðu komist yfir vegna brota gegn þagnar-skyldu og um að hafa nýtt sér stolin gögn. Hann hélt því fram að 36 málsgreinar væru skrifaðir beint upp eftir yfirlýsingum sem hann hafði gefið við rannsókn málsins. Einnig að fjórir viðaukar bókarinnar samanstæðu af myndskreytum sem væru ákveðin rannsóknargögn í málinu. Kærendur höfðu því að þeir hefðu komist yfir gögnin með ólöglegum hætti og neituðu jafnframt að upplýsa um heimild-

10. gr. Tjáningarfrelsi

armenn sína. Þeir héldu því fram að meirihluti þeirra sem rannsókn hefði beinst að vegna málsins, hefðu sjálfviljugir birt yfirlýsingar sínar á opinberum vettvangi.

Þann 10. september árið 1998 komst dómstóll í París að þeirri niðurstöðu að umræddar málsgreinar og myndskreytin væru hluti rannsóknargagna og sem slík væru þau einungis aðgengileg rannsóknaraðilum eða öðrum aðilum sem bundnir væru þagnarskyldu. Að mati dómara hefði kærendum, sem reyndum blaðamönnum, ekki getað verið ókunnugt um að gögnin væru af þessum toga. Blaðamennirnir voru sakfelldir fyrir notkun ólöglega fenginna trúnaðargagna. Þeim var gert að greiða 762,25 evrur í sekt. Einnig var þeim gert að greiða G.M. skaðabætur að andvirði 7.622,50 evra. Útgáfufyrirtækið var einnig talið bera ábyrgð. Bókinni var áfram dreift og engin eintök hennar voru gerð upptæk. Þann 16. júní árið 1999 staðfesti áfrýjunardómstóll í París framangreindan dóm. Þann 19. júní 2001 hafnaði hæstiréttur áfrýjun kærenda.

Í nóvember árið 2005 hlaut G.M. sex mánaða skilorðsbundinn dóm auk sektar að andvirði 5.000 evra.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandur töldu að sakfelling dómara í máli þeirra hefði brotið í bága við tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr. sáttmálans auk 2. mgr. 6. gr. um réttinn til að teljast saklaus uns sekt væri sönnuð.

Niðurstaða

Um 10. gr.: Dómstóllinn benti á að sakfelling kærenda væri takmörkun á tjáningarfrelsi þeirra og að kveðið væri á um hana í lögum. Markmið hennar væri lögmætt, þ.e. að vernda rétt G.M. til sanngjarns réttarhalds með tilhlýðilegu tilliti til réttar hans að teljast saklaus uns sekt væri sönnuð.

Í tengslum við það hvort slík takmörkun væri nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi benti dómstóllinn á að viðfangsefni bókarinnar lyti að málefni sem varðaði almenning. Umfjöllunin hefði varðað háttsemi stjórnvalda og upplýst hverjir væru gerendur og þolendur í máli varðandi ólöglegar hleranir. Ennfremur var ekki hægt að líta fram hjá því að á meðal þeirra 2000 manna sem eftirlitið hefði beinst að, væru fjölmargir þekktir einstaklingar.

Dómstóllinn ítrekaði að ríkið hefði lítið svigrúm þegar kæmi að því að takmarka tjáningarfrelsi í tengslum við umræðu um stjórnsmál eða önnur mál er vörðuðu almenning. Einnig að svigrúm leyfilegrar gagnrýni gegn stjórnsmálamönnum væri rýmra en gagnvart öðrum einstaklingum. Þrátt fyrir að G.M. væri ekki stjórnsmálamaður þá hefði hann í ljósi starfs síns fyrir forsetann verið áhrifamikill maður og opinber persóna sem augljóslega tengdist stjórnsmálum og ædsta anga framkvæmdarvaldsins. Einnig var ljóst að bókin eins og önnur umfjöllun um dómsmál, uppfyllti raunhæfar og stöðugar kröfur almennings um umfjöllun um virkni réttarkerfisins. Í ljósi þess taldi dómstóllinn að almenningur ætti tilkall til þess að fá upplýsingar um málið og sérstaklega hvað varðaði þær staðreyndir sem fjallað var um í bók

10. gr. Tjáningarfrelsi

kærenda. Dómstóllinn lagði áherslu á að fjölmiðlar gegndu mikilvægu hlutverki við umfjöllun um sakamál.

Hlutverk dómstólsins var því að ákvarða hvort þeir hagsmunir almennings að vera upplýstur um málið vægju þyngra en þær skyldur sem lagðar væru á kærendur í ljósi vafasams uppruna gagnanna sem þeim höfðu verið send. Í því sambandi taldi dómstóllinn réttlæt看legt að trúnaður opinberra rannsókna væri mikill sérstaklega í ljósi þeirra hagsmuna sem í húfi væru, bæði hvað varðaði framgang réttvísinnar og rétt þeirra sem rannsókn beindist að til að teljast saklausir þar til annað sannaðist. Þrátt fyrir það yrði að líta til þess að á þeim tíma sem bókin kom út hafði þegar farið fram mikil fjölmiðlaumfjöllun um málið auk þess sem það var almennt ljóst að G.M. sætti rannsókn í málinu. Hafði hann að lokum verið sakfelldur. Að auki hefði franska ríkið ekki sýnt fram á, með nægilegum hætti, að birting trúnaðargagnanna hefði haft neikvæð áhrif á annars vegar rétt G.M. til að teljast saklaus uns sekt væri sönnuð og hins vegar á þann dóm sem hann hlaut um tíu árum eftir útgáfu bókarinnar. Eftir útgáfu bókarinnar og á meðan rannsókn málsins stóð yfir hafði G.M. einnig reglulega gefið út yfirlýsingar til fjölmiðla um málið.

Í ljósi framangreinds taldi dómstóllinn að hagsmunir af því að trúnaður yrði virtur í tengslum við gögnin væri ekki yfirsterkari hagsmunum almennings. Dómstóllinn dró ennfremur í efa að hagsmunir af því að gera ekki gögn opinber væru enn til staðar, sér í lagi þegar hluti þeirra hefði þegar verið gerður opinber og væri að öllum líkindum vel þekktur í ljósi viðtækrar fjölmiðlaumfjöllunar vegna staðreynda málsins og aðildar þekktra einstaklinga að málinu.

Að mati dómstólsins væri nauðsynlegt að fara varlega í mat á nauðsyn þess að refsa blaðamönnum fyrir notkun á gögnum fengnum með ólögmatum hætti, sér í lagi þegar umræddir blaðamenn væru að leggja sitt á vogarskálarnar í almennri umfjöllun um jafn mikilvægt málefni og raun bar vitni. Í raun væru þeir að sinna sínu hlutverki sem gæslumenn lýðræðis. Ljóst þótti af staðhæfingum kærenda sem ekki höfðu verið dregnar í efa að þeir hefðu unnið í samræmi við almennar starfsreglur stéttar sinnar, sérstaklega þar sem birting upplýsinganna hefði tengst bæði viðfangsefni málsins og einnig trúverðuleika gagnanna sem birt höfðu verið og þar með staðfest nákvæmni og áreiðanleika þeirra.

Að lokum ítrekaði dómstóllinn að takmarkanir á tjáningarfrelsinu gætu haft fælingarmátt gagnvart öðrum sem hygðust neyta þess frelsis. Þeim fælingarmætti væri ekki eytt þótt takmarkanirnar fælust einungis í hófstilltri sekt eins og um hefði verið að ræða í máli kærenda.

Að mati dómstólsins jafnaðist sakfelling kærenda á við verulega takmörkun á tjáningarfrelsi þeirra og sem slík væri hún ónauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Einróma niðurstaða dómstólsins var að brotið hefði verið í bága við 10. gr. sáttmálans.

Um 2. mgr. 6. gr.: Í ljósi niðurstöðu sinnar um brot á 10. gr. sáttmálans taldi dómstóllinn ekki nauðsyn á að kanna sérstaklega hvort brotið hefði verið í bága við 2. mgr. 6. gr. hans.

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Samtök lestarstjóra og slökkviliðsmanna gegn Bretlandi

Dómur frá 27. febrúar 2007

Mál nr. 11002/05

11. gr. Félagafrelsi

Réttindi félaga. Brottrekstur úr stéttarfélagi.

1. Málsvik

Kærandi, samtök lestarstjóra og slökkviliðsmanna, er stéttarfélag. Félagsmenn þess eru um 18.000 og starfa flestir sem lestarstjórar hjá járnbrautum Bretlands. Starfsmönnum járnbrauta í Bretlandi er frjálst að velja hvort og þá í hvaða stéttarfélagi þeir vilja vera og eru flestir þeirra félagar í umræddu stéttarfélagi.

Eitt af markmiðum kæranda er að „vinna að framgangi verkalyðshreyfingarinnar í átt að sósíalísku samfélagi“ og að „vinna að og þróa jákvæða stefnu innan starfsgreinarinnar og félagsins hvað varðar jafnrétti án tillits til kynferðis, kynhneigðar, hjúskaparstöðu, trúarbragða, uppruna, litarháttar eða kynþáttar“. Árið 1978 samþykkti aðalfundur kæranda að hefja herferð gegn og svipta hulunni af óþolandi stefnum stjórnmálaflokka eins og „the National Front“. Í febrúar 2002 sótti Lee, sem var félagi í öfga-hægri flokknum Breska þjóðarflokknum sem áður var „the National Front“, um inngöngu í stéttarfélagið og fékk hana. Í apríl 2002 bauð Lee sig fram fyrir Breska þjóðarflokkinn í Bexley. Í apríl 2002 sendi starfsmaður kæranda skýrslu til formanns stéttarfélagsins varðandi Lee, þar sem fram kom m.a. að hann væri í Breska þjóðarflokknum, hefði dreift áróðri gegn múslimum klæddur eins og prestur, og verið í framboði fyrir flokkinn árið 1998 í Newham. Í skýrslunni var einnig að finna grein sem Lee skrifaði fyrir tímarit Breska þjóðarflokksins og fax frá Jafnréttisráði Bexley þar sem kom fram að Lee hefði með alvarlegum hætti áreitt fólk sem hefði gefið út bæklinga gegn nasisma. Viku síðar ákvað stjórn kæranda einróma að víkja Lee úr stéttarfélaginu þar sem aðild hans að Breska þjóðarflokknum væri ósamrýmanleg aðild hans að stéttarfélaginu þar sem hann gæti komið óorði á kæranda auk þess sem Lee væri á móti markmiðum kæranda. Lee leitaði til vinnuréttardómstóls sem féllst á að kæranda hefði verið óheimilt að vísa honum úr félaginu á grundvelli pólitískra skoðana hans. Kærandi áfrýjaði niðurstöðunni til áfrýjunardómstóls í vinnurétti sem komst að þeirri niðurstöðu að stéttarfélag gæti vísað einstaklingi úr félaginu á grundvelli hegðunar hans, en ekki vegna þess að hann væri félagi í stjórnmálaflokki. Áfrýjunardómstóllinn vísaði málinu aftur til vinnuréttardómstóls sem komst að þeirri niðurstöðu að kæranda hefði ekki verið rétt að víkja Lee úr félaginu þar sem það hefði fyrst og fremst verið gert vegna aðildar hans að Breska þjóðarflokknum. Kæranda var því skylt að veita Lee aftur aðild að stéttarfélaginu, þrátt fyrir að það væri í andstöðu við reglur félagsins. Hefði kærandi ekki veitt Lee aðild að félaginu aftur hefði kærandi þurft að greiða honum skaðabætur sem næmu að lögbundnu lágmarki 8.600 evrum. Þrátt

11. gr. Funda- og félagafrelsi

fyrir að kærandi hafi tekið Lee aftur inn í félagið getur hann sótt skaðabætur úr hendi kæranda sem numið geta allt að 94.200 evrum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi það vera brot á félagafrelsinu samkvæmt 11. gr. sáttmálans að leggja bann við því að félagsmanni í stjórnmalaflokki sem vinnur gegn markmiðum stéttarfélagsins væri vísað úr félaginu.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að rétt eins og einstaklingum er frjálst að velja í hvaða stéttarfélagi þeir eru ætti stéttarfélögum að vera frjálst að velja hverjir eru félagsmenn. 11. gr. skyldi ekki túlka þannig að hún fæli í sér skyldu á hendur félögum til þess að leyfa hverjum sem það vildi að gerast aðili að félaginu. Þegar félög væru stofnuð af fólki á grundvelli ákveðinna gilda eða hugsjóna til þess að vinna að ákveðnum markmiðum, gæti það gengið gegn grundvallarhugmyndinni um félagafrelsi ef félagarnir fengu engu ráðið um aðild að félaginu.

Í málinu reyndi á að hvaða marki ríkið skyldi grípa til aðgerða til þess að vernda félagsmanninn Lee fyrir aðgerðum sem kærandi gæti beint gegn honum. Fallist var á að félagafrelsi kæranda hefði verið skert en að það hefði verið gert með lögum hætti og í þágu lögmæts markmiðs, þess að vernda hagsmuni einstaklinga eins Lee sem felast meðal annars í að stunda stjórnmalastarf afskiptalaust. Varðandi það hvort ríkið hefði vegið og metið hagsmuni Lee annars vegar og hagsmuni kæranda hins vegar með fullnægjandi hætti taldi dómstóllinn að brottvísun Lee úr félaginu hefði ekki útilokandi áhrif á tjáningarfrelsi hans eða þátttöku í stjórnmalastarfi. Það var heldur ekki ljóst að Lee hefði beðið tjón af því að fá ekki að vera félagi í stéttarfélaginu. Þar sem skylduaðild að stéttarfélögum hafði verið afnumin, var ekki hægt að telja afkomu hans eða starfsskilyrði háð stéttarfélagsaðild hans. Dómstóllinn leit til þess sögulega hlutverks stéttarféлага að vernda féлага sína fyrir ágengni vinnuveitenda og að í ljósi þess gæti stéttarfélagsaðild verið talin mikilvæg fyrir einstaklinga. Hins vegar kom kærandi fram fyrir hönd allra starfsmanna við gerð kjarasamninga og því var Lee hvorki berskjaldaður gagnvart því né átti á hættu að vinnuveitandi hans beitti ólögmætum eða ómálefnalegum ákvörðunum gagnvart honum þó að hann væri ekki aðili að stéttarfélaginu. Með tilliti til þessa var réttur kæranda til þess að velja félagsmenn sína talinn vega þyngra á metum að mati dómstólsins. Litið var til sögulegra tengsla stéttarféлага við stjórnmalaflokka, sérstaklega á vinstri vængnum, og þess að stéttarfélög hafi löngum haft félagsleg og stjórnmalaleg málefni á stefnuskrám sínum, en ekki verið hlutlaus með einungis velferð félagsmanna sinna á stefnuskránni. Það voru engar vísbendingar um það að í málsmeðferðinni fyrir innlendum dómstólum hafi það mat kæranda talist rangt að skoðanir og stjórnmalaviðhorf félagsins væru á skjön við hugsjónir og viðhorf Lee. Ekkert benti heldur til þess að kærandi hefði opinbert hlutverk eða þægi opinbera styrki sem gætu leitt til þess að félaginu bæri skylda til þess að veita aðild að því til

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Þess að sinna einhverju viðtækara hlutverki. Varðandi fullyrðingar ríkisins um að landslög hefðu heimilað brottvikningu Lee hefði hún verið byggð á háttsemi hans sem ekki stóð í tengslum við aðild hans í Breska þjóðarflokknum, leit dómstóllinn til þess að vinnuréttardómstóllinn hefði talið andstöðu kæranda við aðild Lee aðallega byggða á aðild hans að Breska þjóðarflokknum. Dómstóllinn taldi ekki sanngjarnt að kærandi notaði hegðun Lee sem fyrirslátt þegar hegðun hans stóð í svo sterkum tengslum við aðild hans að Breska þjóðarflokknum.

Þar sem ekki var hægt að greina að Lee hefði þolað neitt raunverulegt harðræði né að kærandi hefði sýnt af sér ósanngjarna hegðun eða misnotkun á stöðu sinni taldi dómstóllinn einróma að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda sem tryggð eru í 11. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn dæmdi kæranda 53.900 evrur í málskostnað með vísan til 41. gr. sáttmálans.

Baczkowski o.fl. gegn Póllandi

Dómur frá 3. maí 2007

Mál nr. 1543/06

11. gr. Funda- og félagafrelsi

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

14. gr. Bann við mismunun

Mótmælafundir. Úrlausn um lögmæti funda. Mismunun.

1. Málsatvik

Kærendur eru Samtök um jafnrétti og fimm félagar í samtökunum, þau Tomasz Baczkowski, Robert Biedron, Krzysztof Kliszczynski, Inga Kostrzewa og Tomasz Szygula. Þau voru jafnframt félagar í frjálsum félagasamtökum sem börðust fyrir réttindum til handa samkynhneigðum.

Samtökin hugðust standa fyrir herferðinni „Jafnréttisdagar“ 10. til 12. júní 2005. Liður í herferðinni átti að vera fjöldaganga í miðborg Varsjár. Jafnframt stóð til að halda mótmælafundum þann 12. júní á sjö torgum borgarinnar. Á fjórum þeirra stóð til að mótmæla mismunun gegn nokkrum minnihlutahópum en á hinum þremur mismunun gegn konum. Kærendur sóttu um leyfi fyrir göngunni hjá borgaryfirvöldum 12. maí 2005, en 3. júní sama ár fyrir mótmælafundunum. Þann 20. maí birtist viðtal við borgarstjóra Varsjár í dagblaði þar sem fram kom að hann myndi banna aðgerðirnar, og jafnframt lýsti hann þeirri skoðun sinni að „að ekki mætti leggja að jöfnu fundafrelsi og áróður fyrir samkynhneigð“. Þann 3. júní hafnaði embætti borgarstjóra umsókn um leyfi fyrir göngunni á þeim grundvelli að með henni hefði ekki fylgt tilskilin „umferðarskipulagsáætlun“ samkvæmt umferðarlögum. Þann 9. júní bannaði borgarstjórinn alla mótmælafundina nema þá þrjá sem lutu að mótmælum vegna mismununar gegn konum. Synjunin var með vísan til ákvæða fundalaga frá 1990 þess efnis að skipulagning mótmælafundna yrði að vera með tilliti til umferðar og þeirrar truflunar sem fjöldafundir gætu valdið á henni.

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Jafnframt var umsókninni hafnað á þeim grundvelli að fjöldi annarra umsókna hefði borist um að halda mótmælafundi þennan dag, en þeir fundir hefðu allt annan tilgang og boðskap en fundir kæranda og þess vegna væri hættá á að óeirðir brytust út á milli mótmælendanna. Borgarstjóri veitti leyfi fyrir ýmsum öðrum mótmælum þennan dag, meðal annars þeim sem báru yfirskriftina: „Gegn áróðri um staðfesta samvist“ og fleiri skyldum mótmælum.

Þrátt fyrir synjun borgarstjóra frá 3. júní var gangan haldin með liðsinni lögreglu þann 11. júní. Þeir mótmælafundir sem höfðu fengið leyfi til fundarhalda voru haldnir þann sama dag.

Kærandur kærðu ákvörðun borgarstjóra um að veita ekki heimild til göngunnar til stjórnsýslunefndar. Þann 22. ágúst 2005 komst hún að þeirri niðurstöðu að synjanir borgarstjóra hefðu ekki átt fullnægjandi stoð í lögum. Kærandur áfrýjuðu synjun borgarstjóra um leyfi til að halda mótmælafundina fjóra til ríkisstjóra sem taldi synjun borgarstjóra ólöglega. Umboðsmaður í Póllandi óskaði í kjölfarið eftir álit stjórnlagaðómstóls Póllands á því hvort ákvæði í umferðarlögum sem takmörkuðu fundafrelsi væru í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. Þann 18. janúar komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu svo væri ekki.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu brotið gegn fundafrelsi sínu samkvæmt 11. gr. sáttmálans og 13. og 14. gr. sbr. 11. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 11. gr.: Dómstóllinn vísaði til þess hversu mikilvæg fjölhyggja, umburðarlyndi og vísýni væru í lýðræðisþjóðfélögum. Þátttaka borgaranna í lýðræðislegu þjóðfélagi væri oftast en ekki falin í þátttöku í aðgerðum á vegum félagasamtaka. Dómstóllinn taldi jákvæðar skyldur ríkja til þess að tryggja raunverulega og virka virðingu fyrir féлага- og fundafrelsi sérstaklega mikilvægar þegar kæmi að þeim sem hefðu óvinsælar skoðanir eða tilheyrðu minnihlutahópum þar sem þeir væru berskjaldaðri fyrir því að verða fórnarlömb. Dómstóllinn taldi að þrátt fyrir að mótmælin hefðu farið fram á tilsettum tíma, hefðu þau verið haldin í trássi við fyrirmæli yfirvalda og hefðu þannig hugsanlega fælt einstaklinga frá því að taka þátt í þeim. Þá stöðu hefði kændum verið ómögulegt að leiðrétta þar sem niðurstöður úr málarekstri kæranda hefðu ekki legið ljósar fyrir fyrr en eftir fyrirhugaðar dagsetningar aðgerðanna. Dómstóllinn taldi því ljóst að málið varðaði skerðingu á réttindum sem tryggð væru með 11. gr. sáttmálans. Sú skerðing hefði ekki verið í samræmi við lög eins og staðfest hefði verið að landsrétti. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 11. gr. sáttmálans.

Um 13. gr., sbr. 11. gr.: Dómstóllinn leit til þess að það væri eðli lýðræðislegrar umræðu að tímasetning opinberra funda um ákveðin málefni gæti skipt miklu um pólitískan og félagslegan áhrifamátt þeirra. Þannig gæti fundafrelsið orðið merkingarlaust ef ekki væri hægt að nýta það á ákveðnum tímamarki. Í

11. gr. Funda- og félagafrelsi

málinu hefði réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns því þurft að fela í sér möguleika á að fá niðurstöðu áður en hinar fyrirhuguðu aðgerðir áttu að fara fram. Kærendur tilkynntu yfirvöldum um fyrirætlanir sínar með nægilegum fyrirvara og í samræmi við lög landsins. Hins vegar voru yfirvöldum ekki sett nein tímamörk í lagarammanum til þess að veita endanlegt svar við því hvort mótmælin gætu farið fram eða ekki. Dómstóllinn taldi því að brotið hefði verið gegn 13. gr. og 11. gr. sáttmálans saman.

Um 14. gr., sbr. 11. gr.: Dómstóllinn taldi enga yfirlýsta mismunun hafa legið fyrir samkvæmt orðalagi þeirra ákvarðana er bönnuðu aðgerðir kærenda. Borgarstjóri heimilaði ekki gönguna með vísan til þess að ekki var skilað inn „áætlun um umferðarskipulag“. Varðandi mótmælafundina lá fyrir að borgarstjóri heimilaði þá ekki meðal annars með vísan til þess að til átaka gæti komið milli þátttakenda í þeim og annarra mótmælenda. Dómstóllinn gat ekki gefið sér hvaða ástæður lágu að baki þessum ákvörðunum umfram það sem í þeim stóð berum orðum. Ljóst væri þó að aðrir skipuleggjendur mótmæla þurftu ekki að standa skil á áætlun um umferðarskipulag og að öndverðum hópum var veitt leyfi til fundahalda þrátt fyrir hættu á átökum. Dómstóllinn taldi ekki hægt að líta framhjá yfirlýsingum borgarstjóra í blaðaviðtali 20. maí 2005 þar sem tjáði persónulegar skoðanir sínar um fundafrelsi og „áróður um samkynhneigð“ og það að hann myndi ekki heimila hinar umdeildu aðgerðir kærenda. Dómstóllinn sagði að litlar takmarkanir væru á tjáningarfrelsi samkvæmt 10. gr. sáttmálans í tengslum við pólitíska umræðu. Hins vegar yrðu stjórnámálameinn, sem jafnframt sinntu lykilhlutverki í opinberu embætti, að sýna ábyrgð þegar þeir nýttu tjáningarfrelsi sitt þar sem undirmenn þeirra í stjórnsýslunni gætu túlkað skoðanir þeirra sem skipanir, enda ylti starfsöryggi undir-mannanna og frami á velþóknun stjórnámálameinnanna. Dómstóllinn taldi að með sanngirnri mætti ætla að skoðanir borgarstjórans hefðu haft áhrif á ákvarðanatökuferli þegar ákvæðið var að veita kærendum ekki heimild til aðgerðanna og þannig hafi verið brotið gegn fundafrelsi kærenda með mismunun. Það var því einróma álit dómstólsins að brotið hefði verið gegn 14. gr. og 11. gr. sáttmálans saman.

Kærendur kröfðust ekki bóta samkvæmt 41. gr.

Þjóðernisflokkur Baska – Svæðisfélag Iparralde gegn Frakklandi

Dómur frá 7. júní 2007

Mál nr. 71251/01

10. gr. Tjáningarfrelsi

11. gr. Félagafrelsi

Fjármál stjórn mála flokka.

1. Málsatvik

Kærandi er svæðisfélag í Þjóðernisflokki Baska (Parti Nationaliste Basque – Organisation Régionale D’Iparralde). Hann er með skrásett aðsetur í Bayonne í Frakklandi.

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Samkvæmt stofnskrá kæranda er hann hluti af EAJ-PNB sem er spænskur stjórnmalaflokkur með það markmið að vernda og efla þjóðerniskennd Baska. Í stofnskránni kemur einnig fram að kærandi skuli vinna eftir hugmyndafræði, meginreglum og starfsreglum EAJ-PNB.

Í samræmi við lög frá 1988 um fjármál stjórnmalaflokka stofnaði kærandi félag til að afla fjármuna til stuðnings við starfsemi sína. Átti þetta að gera honum kleift að taka við fjármunum, sérstaklega frá EAJ-PNB. Í september 1998 leitaði kærandi leyfis fyrir starfsemi félagsins en var hafnað með vísan í að lögín frá 1988 legðu bann við að stjórnmalaflokkar tækju við fjármunum frá erlendum aðilum.

Beiðni kæranda um að framangreind ákvörðun yrði endurskoðuð var hafnað. Með dómi stjórnsludómstóls þann 8. desember árið 2000 var ákvörðunin staðfest.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi synjun um leyfi til handa félaginu um fjármögnun á þeim grundvelli að meirihluti fjármuna kæmi erlendis frá bryti í bága við tjáningarfrelsi sitt samkvæmt 10. gr. sáttmálans, félagafrelsi sitt samkvæmt 11. gr. og réttinn til frjálsra kosninga samkvæmt 3. gr. samningsviðauka nr. 1.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi synjunina fela í sér takmörkun á réttindum kæranda samkvæmt 11. gr. Kveðið hefði verið á um hana í lögum og hún hefði stefnt að lögmætu markmiði, þ.e. að firra glundroða.

Um nauðsyn takmörkunarinnar taldi dómstóllinn bann við því að stjórnmalaflokkar tækju við fjármunum erlendis frá geta samræmst 11. gr. sáttmálans. Í þessu sambandi benti dómstóllinn á að þrátt fyrir að kærandi gæti ekki tekið við fjármunum frá Þjóðernisflokki Baska þá gæti hann samt sem áður fjármagnað starfsemi sína með fjárframlögum frá meðlimum sínum og öðrum einstaklingum, þar á meðal frá erlendum aðilum. Að auki væri ekkert sem stæði í vegi fyrir því að kærandi tæki við fjármunum frá frönskum stjórnmalaflokkum eða gæti notið góðs af opinberri fjármögnun samkvæmt frönskum lögum. Þrátt fyrir að bann lægi við því að kærandi tæki við fjármunum frá Þjóðernisflokki Baska hefði það ekki óeðlilega mikil áhrif á möguleika kæranda til að stunda stjórnmalastarfsemi sína enda væri aðstaða hans sambærileg aðstæðum annarra smárra stjórnmalaflokka sem einnig skorti fjármuni.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið í bága við 11. gr. sáttmálans hvort sem hún væri tekin ein sér eða í samhengi við 10. gr. Að mati dómstólsins var ekki ástæða til að meta hvort hún færi í bága við 3. gr. samningsviðauka nr. 1. Einn dómari skilaði sératkvæði.

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Salah Sheekh gegn Hollandi
Dómur frá 11. janúar 2007
Mál nr. 1948/04
Sjá reifun dómsins undir 3. gr.
Hælisleitendur. Brottvísun.

Boldea gegn Rúmeníu
Dómur frá 15. febrúar 2007
Mál nr. 19997/02
Sjá reifun dómsins undir 10. gr.
Meiðyrði. Ummæli um fræðilega hæfni. Rökstuðningur dóma.

Vilho Eskelinen o.fl. gegn Finnlandi
Dómur frá 19. apríl 2007
Mál nr. 63235/00 - Yfirdeild
Sjá reifun dómsins undir 6. gr.
Réttindi að einkamálarétti. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.

Gebremedhin gegn Frakklandi
Dómur frá 26. apríl 2007
Mál nr. 25389/05
3. gr. Bann við pyndingum
5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi
13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns
Hælisleitendur. Kæra. Framkvæmd brottvísunar.

1. Málsatvik

Kærandi, Asabea Gebremedhin, er eritreskur ríkisborgari, fæddur 1979 og dvelst í París. Árið 1998 starfaði kærandi sem fréttamaður og ljósmyndari hjá sjálfstæðu dagblaði í Eritreu. Ritstjóri blaðsins var fréttamaðurinn Milkias Mihretab. Kærandi og Mihretab voru báðir handteknir vegna starfa sinna árið 2000 og var kærandi sex mánuði í fangelsi. Árið 2001 flúði Mihretab land og í kjölfarið var kærandi handtekinn og sagðist hann hafa verið pyndaður. Eftir sex mánaða fangavist tókst honum að flýja. Að sögn kæranda kom hann til Parísar hinn 29. júní 2005. Var hann þá skilríkjalaus. Hinn 1. júlí 2005 sótti kærandi um hæli í Frakklandi en var hafnað á þeim forsendum að misræmi væri í frásögn hans. Sú ákvörðun var staðfest af innanríkisráðuneytinu sem gaf í kjölfarið út fyrirsmæli um að kærandi skyldi

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

fluttur úr landi og til Eritreu eða annars þess lands sem tæki við honum. Kærandi leitaði þá til dómstóla en kröfum hans var hafnað. Í kjölfar þess að kærandi leitaði til Mannréttindadómstólsins beindi dómstóllinn þann 15. júlí 2005 þeim tilmælum til franska ríkisins að beðið yrði með að flytja kæranda úr landi þar til fjallað hefði verið um mál hans. Hinn 20. júlí 2005 fékk kærandi leyfi til að fara inn í landið og í kjölfarið fékk hann tímabundið búsetuleyfi í Frakklandi. Þann 7. nóvember 2005 fékk kærandi viðurkennda stöðu flóttamanns í Frakklandi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði yfir því að samkvæmt frönskum lögum stæðu engin raunhæf úrræði til boða sem frestuðu framkvæmd ákvörðunar um að synja um landvistarleyfi eða um brottvísun. Þá hélt hann því fram að hann hefði verið sviptur frelsi sínu á ólögmetan hátt þegar honum var haldið á alþjóðlegu svæði frá 29. júní til 1. júlí og síðar á sérstöku biðsvæði til 20. júlí 2005. Vísaði kærandi til 1. mgr. 5. gr. og 13. gr., sbr. 3. gr. sáttmálans máli sínu til stuðnings.

Niðurstaða

Um 13., sbr. 3. gr.: Dómstóllinn tók frönsk lög varðandi hælisleitendur til skoðunar. Tekið var fram að þeir erlendu ríkisborgarar sem leituðu hælís yrðu að vera staddir á frönsku landsvæði þegar þeir legðu fram umsóknina. Því væri ekki hægt að leggja fram umsókn við landamærin nema áður hefði verið fengið landgönguleyfi. Ef sótt væri um landgönguleyfi á grundvelli hælisleitar væru hælisleitendur vistaðir á „biðsvæðinu“ þann tíma sem umsóknin væri til skoðunar. Væri það álit stjórnvalda að fyrirhuguð umsókn um hæli væri augljóslega illa grunduð mættu væntanlegir hælisleitendur svo reikna með því að verða sjálfkrafa fluttir úr landi án þess að eiga þess kost að leggja fram endanlega umsókn til hlutaðeigandi yfirvalda. Hægt væri að kæra ákvörðun um brottflutning m.a. til sérstakrar flýtimeðferðar fyrir dómi. Slík kæra frestaði þó ekki sjálfkrafa réttaráhrifum og því væri hættu á því að fólk væri flutt úr landi án þess að niðurstaða dómara í málinu lægi fyrir. Miðað við þá hagsmuni sem í húfi væru, þ.e. að hælisleitendur mættu eiga á hættu að vera sendir þangað sem þeir gætu sætt pyndingum eða annarri illri meðferð, var það álit dómstólsins að þetta fyrirkomulag fæli í sér brot gegn 13. gr. og 3. gr. saman.

Um 5. gr.: Dómstóllinn tók fram að engin gögn styddu fullyrðingu kæranda um að hann hefði komið til landsins 29. júní 2005. Yrði því að miða frelsissviptingu kæranda við þann tíma er hann dvaldist á „biðsvæðinu“, eða frá 1. til 20. júlí. Á tuttugasta degi eftir komuna þangað fékk hann leyfi til að koma til landsins. Því hefði frelsissvipting kæranda ekki farið fram úr lögmaeltu tuttugu daga hámarki. Einnig var tekið fram að síðustu fimm dagana hefði dvöl hans á biðsvæðinu byggst á dómsúrskurði. Frelsissviptingin hefði því ekki varað lengur en eðlilegt mætti teljast miðað við aðstæður. Þá tók dómstóllinn fram að kærandi hefði engin skilríki haft meðferðis og því eðlilegt að kanna bakgrunn hans áður en honum var veitt landvistarleyfi.

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 13., sbr. 3. gr. sáttmálans og að ekki hefði verið brotið gegn rétti hans samkvæmt 5. gr. Kæranda voru, með vísan til 41. gr. sáttmálans, dæmdar 8.300,60 evrur í málskostnað.

Baczowski o.fl. gegn Póllandi

Dómur frá 3. maí 2007

Mál nr. 1543/06

Sjá reifun dóms undir 11. gr.

Mótmælafundir. Úrlausn um lögmæti funda. Mismunun.

14. gr. Bann við mismunun

Evans gegn Bretlandi

Dómur frá 10. apríl 2007 – Yfirdeild

Mál nr. 6339/05

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Tæknifrjógungunarmeðferð. Fósturvísar. Samþykki.

Baczowski o.fl. gegn Póllandi

Dómur frá 3. maí 2007

Mál nr. 1543/06

Sjá reifun dóms undir 11. gr.

Mótmælafundir. Úrlausn um lögmati funda. Mismunun.

Runkee og White gegn Bretlandi

Dómur frá 10. maí 2007

Mál nr. 42949/98 og 531334/99

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

1. gr. 1. viðauka Friðhelgi eignarréttar

Mismunun á grundvelli kynferðis. Jákvæðar aðgerðir.

1. Málsatvik

Kærendur eru báðir breskir ríkisborgarar. George Runkee, f. 1938, býr í Hull í Bretlandi og varð ekill þann 15. mars 1998. Brian White, f. 1942, býr í Warrington í Bretlandi, en eiginkona hans lést þann 8. mars 1999.

Samkvæmt þágildandi lögum áttu aðeins ekkjur rétt á lífeyrisgreiðslum í kjölfar andláts maka úr svokölluðum ekknasjóði. Lögum var breytt árið 2001 þannig að greiðslur kæmu til eftirlifandi maka hvort sem hann væri karl eða kona, en tóku aðeins til þeirra sem höfðu misst maka sinn árið 2001 eða síðar. Þar sem kærendur voru karlmenn áttu þeir því ekki rétt á lífeyrisgreiðslum þar sem eiginkonur þeirra létust fyrir árið 2001.

Samkvæmt sömu lögum voru einnig greiddar sérstakar ekknagreiðslur til kvenna en ekki til karla. Þessar greiðslur voru ætlaðar til þess að standa straum af ýmsum kostnaði vegna andlátsins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að með því að þeir fengju ekki sambærilegar lífeyrisgreiðslur né ekknagreiðslur og konur sem væru í sambærilegri stöðu væri brotið gegn réttindum þeirra samkvæmt 14. gr., sbr. 8. gr. og 1. gr. 1. viðauka.

14. gr. Bann við mismunum

Niðurstaða

Tilgangur lífeyrisgreiðslna úr ekknasjóði var að rétta hlut eldri ekkna í samfélaginu. Dómstóllinn taldi slíka ráðstöfun vera réttlætanagera og byggða á hlutlægum grundvelli. Með vísan til hægfara þróunar og breytinga á atvinnuháttum kvenna hefði verið örðugt fyrir breska ríkið að slá fastri ákveðinni dagsetningu þar sem eldri ekkjur sem þjóðfélagshópur þyrftu ekki lengur fjárhagslega aðstoð, en sú hafði verið raunin í lengri tíma. Dómstóllinn taldi því ekki ástæðu til þess að gera athugasemd við það að löggjöf þessa efnis var ekki breytt fyrr en árið 2001 í Bretlandi. Þar af leiðandi taldi dómstóllinn ekki að brotið hefði verið gegn 14. gr. sáttmálans, sbr. 1. gr. 1. viðauka með því að greiða ekki karlmönnum sem urðu ekkjar fyrir árið 2001 ekknalífeyri.

Dómstóllinn taldi aftur á móti, eins og dæmt hafði verið áður í sambærilegu máli, að brotið hefði verið gegn 14. gr. sáttmálans, sbr. 1. gr. 1. viðauka með því að gera greinarmun á ekkjum og ekkjum varðandi eingreiðslu vegna ýmissa kostnaðar sem félli til við andlát maka, enda væri ekki hægt að sýna fram á með hlutlægum og málefnalegum hætti að gera ætti slíkan greinarmun.

Dómstóllinn taldi óþarft að kanna hvort brotið hefði verið gegn 14. gr., sbr. 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða dómstólsins var samhljóða. Kærendum voru dæmdar bætur vegna fjártjóns, Runkee að fjárhæð 2.025 evrur og White 1.870 evrur, en sameiginlega fengu þeir 2.000 evrur í málskostnað og útlagðan kostnað.

Wagner og J.M.W.L. gegn Lúxemborg

Dómur frá 28. júní 2007

Mál nr. 76240/01

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Ættleiðing. Lagaskilaréttur. Rökstuðningur dóma. Stofnun fjölskyldulífs. Mismunur.

46. gr. Bindandi áhrif dóma og fullnusta þeirra

Scordino gegn Ítalíu

Dómur frá 6. mars 2007

Mál nr. 43662/98

46. gr. Bindandi áhrif dóma og fullnusta þeirra

Fyrirmæli um ráðstafanir til leiðréttingar á kerfisbundnum brotum. Bætur fyrir ólögmeða eignasviptingu.

1. Málsatvik

Kærandur eru Giovanni Scordino (f. 1959), Elena Scordino (f. 1949), Maria Scordino (f. 1951) og Giuliana Scordino (f. 1953). Þau eru öll búsett í Reggio Calabria á Ítalíu.

Árið 1980 yfirtóku ítölsk yfirvöld land í eigu kæranda með það fyrir augum að taka það eignarnámi. Ítalskir dómstólar töldu aðgerðirnar ólögmetar en töldu sig bundna af fordæmi þess efnis að ef land væri þegar tekið af aðila, þá yrði því ekki skilað til baka. Samkvæmt lagareglum voru kærendum greiddar ákveðnar bætur fyrir land sitt en að mati þeirra endurspegluðu þær með engu móti það sem þeir ættu tilkall til. Allar tilraunir þeirra til að krefjast landsins á ný sem og varðandi auknar bætur reyndust árangurslausar.

Með dómi frá 17. maí 2005 hafði Mannréttindadómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að Ítalía hefði brotið í bága við 1. gr. 1. samningsviðauka sáttmálans í máli kæranda, en taldi ákvörðun bóta á grundvelli 41. gr. sáttmálans ekki tímabæra.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Málið var áframhald kæru um brot á eignarrétti kæranda og fjallaði um ákvörðun bóta svo og nauðsynlegar ráðstafanir sem aðildarríki geti verið skylt að grípa til samkvæmt 46. gr. sáttmálans til að rétta hlut einstaklinga eða stöðva ástand þegar slíkt er talið brjóta í bága við sáttmálann.

Niðurstaða

Um 46. gr.: Dómstóllinn benti á að ítalskt réttarkerfi væri ýmsum annmörkum háð í málum sem þessum, sérstaklega í ljósi þess fjölda aðila sem væri í sömu sporum og kærandur. Slíkt myndi án efa leiða til fjölda kæra sem tækar væru til efnismeðferðar. Í ljósi þessa taldi dómstóllinn að Ítalía þyrfti að grípa til nauðsynlegra ráðstafana samkvæmt 46. gr. sáttmálans.

Þrátt fyrir að það væri að meginstefnu ekki hlutverk dómstólsins að taka ákvarðanir um til hvaða ráðstafana aðildarríki gætu gripið til að fullnægja kröfum 46. gr. sáttmálans þá taldi hann nauðsynlegt, í ljósi kerfisbundins brots eins og hér væri um að ræða, að gefa nánar til kynna hvaða ráðstafanir gætu átt við til að stöðva það ástand sem nú ríkti. Að mati dómstólsins þyrfti fyrst og fremst að koma í veg

46. gr. Bindandi áhrif dóma og fullnusta þeirra

fyrir ólögmeta yfirtöku lands og letja háttsemi sem samræmdist ekki lagareglum um lögmætt eignarnám. Þetta skyldi gert annars vegar með því að innleiða ákvæði sem hefðu fælandi áhrif og hins vegar með því að kveða á um bótaábyrgð þeirra sem gerðust sekir um slíka háttsemi. Í öllum tilvikum þar sem land væri tekið úr höndum eigenda sinna með ólögmetum hætti skyldi öllum lagalegum tálum rutt úr vegi sem kæmu í veg fyrir að eigendur fengju sanngjarnar skaðabætur fyrir raunvirði lands. Í þeim tilvikum þar sem ekki væri unnt að finna út raunvirðið skyldu bætur ákvarðast að álitum. Einnig skyldu yfirvöld gera viðeigandi ráðstafanir til að greiða bætur vegna annars tjóns sem ekki yrði bætt af framangreindum bótum.

Um 41. gr.: Dómstóllinn benti á að mál um eignarnám sem styddust við lagaheimild, en brytu engu að síður í bága við 1. gr. 1. samningsviðauka sáttmálans, væru ekki sambærileg við þetta mál þar sem eignir væru yfirteknar af ríkinu í raun en án lagaheimildar. Til að rétta hlut þeirra sem yrðu fyrir því að eign þeirra væri tekin slíku ólögmetu eignarnámi skyldi litið til núvirðis landsvæðis að viðbætri virðisaukningu vegna bygginga á því.

Einróma niðurstaða dómstólsins var, með vísan til 41. gr. sáttmálans, að kærendum voru dæmdar 3.000.000 evrur í skaðabætur, 40.000 evrur í miskabætur og 30.000 evrur vegna málskostnaðar.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Anheuser-Busch gegn Portúgal

Dómur frá 11. janúar 2007 - Yfirdeild

Mál nr. 73049/01

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Hugtakið eign. Vörumerki.

1. Málsatvik

Kærandi, Anheuser-Busch, er bandarískt fyrirtæki, skráð í St. Louis í Missouri. Kærandi framleiðir bjór sem er markaðssettur og seldur undir nafninu „Budweiser“. Árið 1981 sótti kærandi um að „Budweiser“ yrði skrásett sem vörumerki í Portúgal. Þeirri beiðni var ekki sinnt þar sem „Budweiser bier“ hafði þegar verið skráð sem framleiðsluvara tékknesks fyrirtækis, Budějovický Budvar. Árið 1989 sótti kærandi um að þeirri skráningu yrði vikið til hliðar. Fallist var á þá kröfu árið 1995 og vörumerkið „Budweiser“ í kjölfarið skráð í Portúgal. Budějovický Budvar mótmælti þeirri ákvörðun fyrir dómstólum á grundvelli samnings sem væri í gildi milli Tékklands og Portúgal og ætlað að vernda skráðar framleiðsluvörur. Budějovický Budvar tapaði málinu í undirrætti en áfrýjunardómstóll sneri dómnum og niðurstaðan varð því sú að meina ætti um skráningu vörumerkisins „Budweiser“ í Portúgal. Kærandi áfrýjaði til hæstaréttar en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði yfir því að samningurinn sem byggt var á í málinu hefði ekki tekið gildi fyrr en eftir að beiðni um skráningu vörumerkisins hefði verið móttækin. Þá hélt kærandi því fram að réttur til verndar vörumerkis skyldi vera tryggður frá þeim degi er sótt væri um skráningu þess. Taldi kærandi að brotið hefði verið á rétti sínum til að njóta eigna sinna í friði. Til stuðnings þessu var vísað til 1. gr. 1. samningsviðauka við sáttmálann.

Niðurstaða deildar

Það var niðurstaða í dómi deildar frá 11. október 2005 að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 1. gr. 1. samningsviðauka. Tveir dómamar skiluðu séráliti. Málinu var að beiðni kæranda, og með vísan til 43. gr. sáttmálans, vísað til yfirdeildar.

Niðurstaða yfirdeildar

Dómstóllinn féllst á að skráð vörumerki gæti talist eign í skilningi greinarinnar, jafnvel þó um væri að ræða eign sem hægt væri að afturkalla að vissum skilyrðum uppfylltum. Álitaefnið sem dómstóllinn þurfti að leysa úr sneri því að því hvort brotið hefði verið gegn friðhelgi eignarréttar kæranda með því að hafna umsókn

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

um skráningu sem lögð hefði verið fram árið 1981 með hliðsjón af samningi sem kom síðar til. Tekið var fram að kvörtun kæranda lyti í aðalatriðum að því hvernig innlendir dómstólar hefðu beitt lögum í málinu. Í þessu sambandi tók dómstóllinn fram að hans hlutverk væri ekki að koma í stað innendra dómstóla, heldur einungis að kanna hvort niðurstöður þeirra væru lítaðar af hlutdrægni eða á annan hátt augljóslega óréttmætar. Þar sem ekkert slíkt kæmi til í málinu gæti dómstóllinn ekki endurskoðað niðurstöðu hæstaréttar í Portúgal eða túlkun hans á samningnum. Hæstiréttur hefði einfaldlega leyst úr ágreiningi aðila á grundvelli þeirra gagna sem hann taldi koma til skoðunar. Með því hefði ekki verið brotið gegn rétti kæranda til að njóta eigna sinna í friði.

Það var því niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn 1. gr. 1. samningsviðauka. Tveir dómáramur skiluðu séráliti.

Edvaldsson o.fl. gegn Svíþjóð

Dómur frá 13. febrúar 2007

Mál nr. 75252/01

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

10. gr. Tjáningarfrelsi

11. gr. Félagafrelsi

14. gr. Bann við mismunun

Félagaskylda. Gjald til stéttarfélaga.

1. Málsatvik

Kærendur, Tommy Edvaldsson (f. 1948), Johan Svahn (f. 1974), Tonnie Hodell (f. 1965), Jonny Lindqvist (f. 1964) og Conny Brandt (f. 1964), eru sænskir ríkisborgarar.

Þeir voru ráðnir til verktakafyrirtækisins LK Mässinteriör AB frá 3. mars til 30. júlí árið 1999. Fyrirtækið var bundið af kjarasamningi sem gerður var á milli stéttarfélags sænskra byggingaverkamanna annars vegar og samtaka sænskra byggingafyrirtækja hins vegar. Þegar kærendur störfuðu hjá fyrirtækinu voru þeir ekki aðilar að neinu stéttarfélagi, en unnu störf sem féllu undir ákvæði kjarasamningsins. Samkvæmt ákvæðum kjarasamningsins höfðu stéttarfélög heimild til þess að fylgjast með launagreiðslum og áttu rétt á greiðslu vegna kostnaðar þeirra við þetta eftirlit sem staðið skyldi undir með gjaldi sem næmi 1,5% af launum starfsmannanna. Vinnuveitendum var skylt að draga þetta gjald frá launum starfsmanna og greiða stéttarfélaginu auk þess að sjá stéttarfélagunum fyrir þeim upplýsingum sem nauðsynlegar voru til þess að sinna launaeftirlitinu. Aðeins starfsmenn sem voru félagar í öðrum stéttarfélögum voru undanþegnir þessu gjaldi. Kærendur óskuðu eftir því að vera undanþegnir gjaldinu og vinnuveitandi þeirra framfylgdi þeirri ósk með því að hætta að draga gjaldið af launum þeirra og greiða til stéttarfélagsins og hætta að veita félaginu upplýsingar um launagreiðslur þeirra. Stéttarfélagið krafðist þess að greiðslu gjaldsins yrði haldið áfram.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Ágreiningurinn var lagður fyrir Félagsdóm þar sem samband sænskra bygginga-fyrirtækja fór fram á að fyrirtækjum væri ekki skylt að innheimta hið umdeilda gjald. Í mars 2001 hafnaði Félagsdómur kröfunni.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að þeir væru neyddir til þess að taka þátt í fjármögnun almennrar starfsemi stéttarfélags gegn vilja sínum með svipuðum hætti og sá sem skyldaður væri til þess að vera félagsmaður í félaginu. Þeir töldu þetta brot á 9., 10. og 11. gr. sáttmálans auk 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Þeir töldu sig einnig hafa orðið fyrir mismunun sem færi í bága við 14. gr. sáttmálans þegar staða þeirra væri borin saman við stöðu félagsmanna stéttarfélags byggingaverkamanna annars vegar og stöðu félagsmanna í öðrum stéttarfélögum sem undanþegnir voru gjaldinu hins vegar.

Niðurstaða

Ekki var deilt um að u.þ.b. 30 evrur voru dregnar af launum hvers og eins kærenda til þess að standa straum af kostnaði stéttarfélagsins við launaeftirlitið. Dómstóllinn taldi slíkan frádrátt á launum geta samrýmst „almannahagsmunum” þar sem eftirlitið miðaði að því að vernda réttindi byggingaverkamanna almennt. Jafnframt veitti dómstóllinn því eftirtekt að stéttarfélagið hafði vegna launaeftirlitsins stuðlað að því að laun 250 starfsmanna sem ekki voru félagsmenn í stéttarfélaginu voru leiðrétt árið 1999. Þannig var ljóst að starfsmenn sem ekki voru félagar í stéttarfélaginu nutu ákveðinnar þjónustu þess. Hins vegar taldi dómstóllinn að þessar greiðslur skyldi aðeins nota til þess að sinna launaeftirlitinu, en ekki í almenna starfsemi félagsins, auk þess sem gera yrði grein fyrir þeim sérstaklega í bókhaldi. Dómstóllinn tók fram að af gögnum málsins yrði ekki ráðið hvort launaeftirlitsgjaldið nýttist í þágu annarra þátta í starfsemi stéttarfélagsins. Dómstóllinn taldi að stéttarfélagið hefði ekki veitt kærendum fullnægjandi upplýsingar um í hvaða kostnaðarliði stéttarfélagsins gjald þeirra hefði farið, en á því hefðu þeir átt rétt, sérstaklega í ljósi þess að greiðslan var í andstöðu við vilja þeirra og til félags sem hefði pólitíska stefnu sem þeir væru andvígir. Jafnframt yrði að telja að sænska ríkið hefði skyldu til þess að vernda hagsmuni kærenda með því að gera stéttarfélög ábyrg gerða sinna í ljósi þess hversu mikið svigrúm til eftirlits og reglusetningar ríkið veitti aðilum vinnumarkaðarins varðandi málefni hans.

Dómstóllinn taldi einróma að launaeftirlitskerfi stéttarfélagsins væri ekki nægilega gegnsætt og að meðalhófs væri ekki gætt við gjaldtökuna þar sem kærendum gafst ekki kostur á að sannreyna hvernig framlag þeirra var nýtt. Þess vegna taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn eignarrétti kærenda samkvæmt 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Með vísan til niðurstöðu sinnar varðandi 1. gr. 1. viðauka sáttmálans taldi dómstóllinn óþarft að kanna hvort 9., 10., 11. eða 14. gr. sáttmálans hefðu verið brotnar.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Kærendur fengu bætur samkvæmt 41. gr. sáttmálans. Hver þeirra fékk 5.000 evrur í miskabætur og að auki sameiginlega 87.800 evrur vegna málskostnaðar.

Vilho Eskelinen o.fl. gegn Finnlandi

Dómur frá 19. apríl 2007

Mál nr. 63235/00 - Yfirdeild

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Réttindi að einkamálarétti. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.

Runkee og White gegn Bretlandi

Dómur frá 10. maí 2007

Mál nr. 42949/98 og 531334/99

Sjá reifun dóms undir 14. gr.

Mismunun á grundvelli kynferðis. Jákvæðar aðgerðir.

Paudicio gegn Ítalíu

Dómur frá 24. maí 2007

Mál nr. 77606/01

1. gr. 1. viðauka Friðhelgi eignarréttar

Skipulagslöggjöf. Niðurrif mannvirkja.

1. Málsatvik

Kærandi, Camillo Paudicio, er ítalskur ríkisborgari, fæddur árið 1962 og býr í Napólí.

Nágrannar hans reistu hesthús á lóð sinni sem var stærra en þeim var heimilt samkvæmt skipulagi fyrir svæðið. Dómsmál var höfðað gegn nágrönnunum vegna brota á skipulagslöggjöf og þess krafist að hesthúsið yrði rífið að því leyti sem stærð þess fór fram úr heimildum. Dómstóll féllst á þær kröfur. Kæranda tókst hins vegar ekki að fá niðurstöðu dómsins fullnægt.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi tjón það sem hann yrði fyrir vegna þess að hann fengi hesthúsið ekki rífið bryti gegn eignarrétti hans sem tryggður væri með 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Hann taldi jafnframt að skortur á úrræðum til þess að fá dómi sakadóms um niðurrif fullnægt væri brot á 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að engin lagastoð væri fyrir drætti héraðsyfirvalda á því að rífa hesthúsið, hvort sem sá dráttur orsakaðist af viljaleysi eða mistökum af hálfu

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

borgarinnar. Dómstóllinn taldi að brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. viðauka, en taldi ekki nauðsynlegt að kanna hvort brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða dómstólsins var samhljóða. Kærandi fékk 5.000 evrur í miskabætur og 3.000 evrur í málskostnað.

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

Folgerø o.fl. gegn Noregi

Dómur frá 29. júní 2007 - Yfirdeild

Mál nr. 15472/02

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

14. gr. Bann við mismunun

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

Grunnskólar. Trúarbragðafræðsla.

1. Málsatvik

Kærendur eru Ingebjørg Folgerø, f. 1960, Geir Tyberø, f. 1956, Gro Larsen, f. 1966, Arne Nytræ, f. 1963, og Carolyn Midsem, f. 1953. Kærendur eru meðlimir í félagi húmanista í Noregi og jafnframt foreldrar grunnskólabarna á þeim tíma sem um ræðir.

Haustið 1997 var námskrá fyrir norska grunnskóla breytt. Í þeim breytingum voru tvær aðskildar námsgreinar, kristinfræði og lífsskoðanir, sameinaðar í eina, KRL (kristindómsfræðsla með innsýn í trúarbrögð og lífsskoðanir). Samkvæmt eldri skipan gátu foreldrar sótt um að börn sín yrðu undanþegin kennslu í kristinfræði. Samkvæmt nýja kerfinu var einungis unnt að fá undanþágu frá kennslu í ákveðnum hlutum hinnar nýju námsgreinar. Henni var ætlað að fræða börn um eftirfarandi: Biblíuna og kristindóm sem menningararfleifð, evangelíska-lúterska trú (ríkistrú Noregs sem 86% landsmanna aðhyllast), önnur kristin trúarbrögð, önnur trúarbrögð og kenningar heims, siðfræði og heimspeki. Með námsgreininni átti að leitast við að efla skilning og virðingu fyrir kristinni trú og húmanískum gildum. Einnig átti það að efla skilning, virðingu og koma á samskiptum milli einstaklinga með ólíka trú og sannfæringu. Kennsla hófst á öllum skólastigum skólaárið 1999-2000. Í norskum lögum um menntun frá árinu 1998 segir að nemandi, samkvæmt beiðni foreldris, skuli undanþeginn kennslu í þeim þáttum náms sem út frá trúarbrögðum eða lífsskoðun hans og fjölskyldu teljast jafnast á við iðkun eða fylgni við önnur trúarbrögð eða lífsskoðun.

Kærendur auk annarra foreldra leituðust við að fá börn sín undanþegin allri kennslu KRL en var hafnað. Hinn 14. mars árið 1998 höfðu þeir mál fyrir héraðsdómi í Osló vegna árangurslausra umleitana sinna en kröfum þeirra var hafnað. Í málinu vísuðu þeir m.a. til þess að brotið væri í bága við 9. og 14. gr. sáttmálans auk 2. gr. samningsviðauka nr. 1.

Þann 25. mars árið 2002 lögðu nokkrir norskir foreldrar (kærendur ekki þar á meðal) fram kvörtun við mannréttindanefnd SP sem starfar samkvæmt alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórn mála leg réttindi frá árinu 1966. Niðurstaða nefndarinnar var að reglur norska skólakerfisins hvað varðaði KRL brytu í bága við ákvæði samningsins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að með því að synja börnum þeirra um algera undanþágu frá kennslu í KRL væru þeir útilokaðir frá því að tryggja börnum sínum menntun í samræmi við trú þeirra og samvisku. Einnig héldu þeir því fram að undanþágureglurnar yllu ákveðnum óþægindum sem leiddi til þess að byrðin sem lögð væri á foreldra sem ekki væru kristnir væri meiri en sú sem lögð væri á kristna foreldra sem enga ástæðu hefðu fyrir því að leitast eftir undanþágu frá kennslu í KRL til handa börnum sínum og að kerfið væri þar með aðlagað að hagsmunum meirihlutans. Að þeirra mati fól þetta í sér mismunun. Kærendur töldu að brotið væri í bága 9. gr. sáttmálans um hugsana-, samvisku- og trúfrelsi, 2. gr. samningsviðauka nr. 1 um rétt til menntunar, 8. gr. um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og 14. gr. um bann við mismunun.

Niðurstaða

Þann 18. maí 2006 ákvað deild dómstólsins að eftirláta yfirdeild lögsögu í málinu í samræmi við 30. gr. sáttmálans.

Um 2. gr. 1. viðauka: Dómstóllinn taldi að kvartanir kæranda varðandi 9. gr. sáttmálans og 2. gr. samningsviðauka nr. 1 lytu að sömu atriðum. Taldi hann eðlilegt að líta eingöngu til síðarnefnda ákvæðisins sem væri sérákvæði um menntun.

Dómstóllinn benti fyrst á að markmið innleiðingar á KRL hefði verið að leitast við að tryggja opið og heildstætt skólaumhverfi, óháð bakgrunni nemenda, trú, þjóðerni og fleiri þáttum. Slíkt teldist samræmast meginreglum um fjölhyggju og hlutlægni sem fælist í 2. gr. samningsviðauka nr. 1.

Ákvæði norsku laganna um menntun frá árinu 1998 sem skiptu máli lögðu áherslu á að kristindómur yrði ekki aðeins kynntur heldur einnig önnur trúarbrögð og lífsskoðanir. Markmið þeirra var að forðast sértrúarstefnu og hlúa að samskiptum milli ólíkra menningarheima. Einnig átti að leitast við að efla skilning á milli nemenda með því að færa þá saman innan ramma eins viðfangsefnis í stað þess að heimila algera undanþágu frá kennslu. Slíkar undanþágur myndu leiða til aðskilnaðar nemenda á grundvelli þeirra námsgreina sem þeir tækju.

Sú staðreynd að kennsla í kristindómi væri stærri þáttur fagsins en önnur viðfangsefni var, að mati dómstólsins, ekki sem slíkt brot á réttindum sem tryggð væru samkvæmt 2. gr. samningsviðauka nr. 1. Þegar litið væri til þess að kristin trú skipaði stóran sess í sögu og hefð Noregs félli það innan svigrúms ríkisins til mats að ákveða innihald námskrárinnar með þeim hætti. Hins vegar væri ljóst að yfirgnæfandi áhersla væri lögð á kristindóm, sér í lagi ef litið væri til tiltekins ákvæðis laganna sem kvæði á um að markmið kennslu væri m.a. að leitast við að veita börnum kristið og siðferðilegt uppeldi, í samvinnu við heimili þeirra. Þessi ríki mismunur í áherslu endurspegladist einnig í því orðalagi sem notað væri í lögnum í heild sinni. Ennfremur í því að u.þ.b. helmingur þess sem kenna átti samkvæmt kennsluskrá fagsins vísaði til kristindóms og það sem eftir stæði væri skipt milli annarra trúarbragða og lífsskoðana.

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

Ákvæðið um þann tilgang kennslu að veita kristið og siðferðilegt uppeldi, lýsingar á kennslu í KRL og önnur ákvæði í regluverkinu bentu til þess að mismunur milli kennslu í kristindómi annars vegar og öðrum trúarbrögðum og lífsskoðunum hins vegar væri ekki aðeins megindlegur heldur einnig eigindlegur. Að teknu tilliti til þess munar væri ekki ljóst með hvaða hætti fræðslan ætti að efla með fullnægjandi hætti skilning, virðingu og samræður á milli einstaklinga af mismunandi trú og lífsskoðunum.

Dómstóllinn leit því næst til þess hvort heimild til að æskja undanþágu frá hlutum kennslu í KRL vægi á móti ójafnvægi í inntaki námsins. Dómstóllinn benti fyrst á að veruleg vandamál risu í framkvæmd þessa undanþágukerfis. Kerfið fæli í sér að foreldrar yrðu að vera ítarlega upplýstir um inntak einstakra kennslustunda og námsþátta til að þeim væri unnt að tilkynna skóla í tíma hvort barn þeirra skyldi undanþegið ákveðnum þáttum námsins. Ákveðnir erfiðleikar væru fólgnir í því að krefjast þess af foreldrum að vera stöðugt upplýstir um kennslu í faginu og velja út þá þætti sem þættu ósamræmanlegir trú þeirra, sérstaklega þegar það væri almenn fræðsla í kristinni trú sem foreldramir væru mótfallnir.

Að auki væri sú skylda lögð á foreldra að gefa gildar ástæður fyrir beiðnum um undanþágu að undanskildum þeim tilvikum sem augljóslega fælu í sér trúarlegar athafnir. Dómstóllinn benti á að upplýsingar um samvisku og trú einstaklinga lytu að innilegustu þáttum einkalífs þeirra. Dómstóllinn taldi að hætta léki á því að foreldrum myndu þeir knúin til að upplýsa skólayfirvöld um innilegustu þætti trúar þeirra og samvisku, jafnvel þótt á þá væri ekki lögð sú skylda að upplýsa skólayfirvöld um þá þætti og að skólayfirvöldum væri skylt að gæta þess að virða einkalíf þeirra.

Í þriðja lagi vísaði dómstóllinn til hinnar sveigjanlegu afstöðu sem skólayfirvöld skyldu hafa gagnvart beiðnum foreldra um undanþágu frá ákveðnum þáttum kennslu. Hún fæli í sér að tillit skyldi tekið til bæði trúarsannfæringar eða samvisku foreldra og þeirra athafna fagsins sem um væri að ræða. Í stað beinnar þátttöku nemenda gætu þeir, eftir atvikum, fylgst með því sem ætti sér stað, t.d. með bænum sammemenda, sálmasöng, kirkjuþátttöku og uppsetningu tiltekinna skóla-leikrita. Grunnhugmyndin væri að undanþágan tæki til þátttöku í slíkum athöfnum sem slíkum en ekki til þeirrar fræðslu sem fælist í því að fylgjast með athöfnunum. Að mati dómstólsins var þessi aðgreining milli þátttöku og fræðslu bæði flókin í framkvæmd auk þess sem hún virtist líkleg til að grafa undan skilvirkni heimildarinnar til undanþágu frá kennslu að hluta. Í framkvæmd væru foreldrar líka settir í erfiða stöðu að þurfa að fara fram á það við kennara að taka á sig auknar byrðar í kennslunni með því að beita öðrum kennsluáðferðum gagnvart börnum þeirra.

Dómstóllinn taldi kerfið sem byggðist á undanþágu að hluta frá kennslu geta lagt þungar byrðar á foreldra, samfara hættu á óviðeigandi opinberun á einkalífi þeirra. Auk þessa væri hættan á árekstrum til staðar og slíkt gæti aftrað ákveðnum foreldrum frá því að leggja fram beiðnir um undanþágu. Í ákveðnum tilvikum, þ.e. þegar áhorfs væri krafist í stað beinnar þátttöku, væri grafið undan virkni heimildar til undanþágu frá kennslu að hluta. Sem slíkt teldist það varla samræmast

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

rétti foreldranna til samviskufrelsis eins og hann væri túlkaður í ljósi 8. og 9. gr. sáttmálans og þegar leitast væri við að tryggja rétt til menntunar samkvæmt 2. gr. samningsviðauka nr. 1. Dómstóllinn minnti á að sáttmálinn væri mótaður til að tryggja hagnýt og virk réttindi í stað fræðilegra og óáþreifanlegra réttinda.

Norska ríkið vísaði til þess að foreldrar gætu falið einkaskólum að mennta börn sín. Dómstóllinn féllst ekki á það að þessi röksemd gæti aflétt skyldu ríkisins til að tryggja fjölhyggju í ríkisskólum sem opnir væru öllum.

Þrátt fyrir lofsverð markmið laganna sem um væri að ræða og tilgang KRL í skólakerfinu var, með hliðsjón af framangreindu, ekki unnt að fallast á að norska ríkið hefði tryggt með fullnægjandi hætti að upplýsingum og þekkingu væri komið til skila á hlutlausan, gagnrýninn hátt sem virti sjónarmið fjölhyggju. Með því að hafna kærendum um algera undanþágu frá kennslu fyrir börn þeirra í KRL hefði því verið brotið í bága við 2. gr. samningsviðauka nr. 1. Átta dómarrar skiluðu séráliti.

Um aðrar greinar sáttmálans sem vísað var til: Í ljósi framangreindrar niðurstöðu um 2. gr. samningsviðauka nr. 1 komst dómstóllinn einróma að þeirri niðurstöðu að ástæðulaust væri að skoða sérstaklega hvort brotið væri í bága við 14. gr. sáttmálans þegar hún væri túlkuð í tengslum við 8. og 9. gr. sáttmálans og 2. gr. samningsviðauka nr. 1.

Dómstóllinn var einróma um að niðurstaða um framangreint brot á 2. gr. samningsviðauka nr. 1 væru kærendum fullnægjandi miskabætur. Samkvæmt 41. gr. sáttmálans voru þeim dæmdar 70.000 evrur vegna málskostnaðar.

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

Yumak og Sadak gegn Tyrklandi

Dómur frá 30. janúar 2007

Mál nr. 10226/03

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

Kosningalöggjöf. Lágmarksatkvæðafjöldi.

1. Málsatvik

Kærendur, Mehmet Yumak (f. 1962) og Resul Sadak (f. 1959), eru tyrkneskir ríkisborgarar og búsettir í Şırnak í Tyrklandi. Yumak er sjálfstætt starfandi en Sadak er bæjarstjóri í Idil. Ágreiningurinn í málinu varðaði tyrknesk kosningalög, en þau mæla fyrir um það að flokkur þurfi að fá minnst 10% atkvæða á landsvísu við þingkosningar til að fá þingsæti. Í þingkosningum sem fram fóru hinn 3. nóvember 2002 voru kærendur frambjóðendur fyrir Lýðræðisflokk fólksins, DEHAB. Úrslit kosninganna voru þau að DEHAB hlaut 45,95% atkvæða í Şırnak-héraði en náði ekki 10% atkvæða á landsvísu. Þeim þremur þingsætum sem tilheyrðu héraðinu var því úthlutað til flokka sem fengu mun minna fylgi í héraðinu en DEHAB.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að með því að setja slíkar skorður við því hverjir fengu sæti á landsþinginu væri brotið gegn 3. gr. 1. samningsviðauka við sáttmálann.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að lagaákvæðið um að flokkur þyrfti 10% atkvæða á landsvísu hefði verið kynnt frambjóðendum nokkuð löngu fyrir kosningarnar. Þeim hefði því átt að vera ljóst að næði flokkur þeirra ekki því marki gildi einu hve stóran hluta atkvæða þeir fengu í kjördæmi sínu. Þá féllst dómstóllinn á það að markmið reglunnar væri að koma í veg fyrir að of margir flokkar ættu sæti á þingi og að styrkja stöðu ríkisstjórnarinnar en óstöðugleiki hefði verið í Tyrklandi á 8. áratugnum. Tekið var fram að þessi 10% þröskuldur væri hár og án nokkurra reglna sem væru til þess fallnar að leiðrétta stöðuna. Eftir kosningarnar 2002 væru raunar 45,3% kjósenda án fulltrúa á þingi. Hins vegar sýndi skoðun á úrslitum kosninga frá því 10% lágmarksreglan var tekin upp, að reglan ein og sér kæmi ekki í veg fyrir stofnun og framgang nýrra stjórnmálaafli. Þá voru tekin til skoðunar þau rök tyrkneska ríkisins að markmið reglunnar væri í raun að gefa minni flokkum kost á að festa sig í sessi á landsvísu. Hvað þetta varðaði viðurkenndi dómstóllinn að hann væri ekki bær til þess að koma fram með lausn sem mundi lagfæra annmarka tyrkneska kosningakerfisins. Tyrknesk yfirvöld væru best til þess fallin að meta hvaða fyrirkomulag hentaði best. Á hinn bóginn virtist 10% markið í Tyrklandi með því hæsta sem þekktist. Dómstóllinn tók fram að gott væri að lækka þetta mark, þó

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálstra kosninga

án þess að ógna stöðugleika í þinginu. Hins vegar þyrfti að gefa tyrkneska ríkinu svigrúm til að ráða fram úr þessu. Þá var tekið fram að núverandi fyrirkomulag hefði þegar sætt gagnrýni og að leiðir til úrbóta væru til skoðunar, jafnt á þingi sem utan þess. Enn fremur hefði stjórnlagadómstóll í Tyrklandi strax árið 1995 bent á að finna yrði milliveg milli þeirra tveggja hagsmuna er rákust á í málinu, þ.e. réttláts vægis atkvæða annars vegar og stöðugleika í stjórnun landsins hins vegar.

Það var því niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 3. gr. 1. samningsviðauka. Tveir dómáramar skiluðu séráliti.

2. gr. 7. viðauka. Réttur til áfrýjunar sakamáls

Jóhann Sigurður Kristjánsson og Bóas Kristinn Bóasson gegn Íslandi
Ákvörðun um meðferðarhæfi frá 10. apríl 2007

Mál nr. 24945/04

2. gr. 7. viðauka. Réttur til áfrýjunar sakamáls

Áfrýjun sektardóms. Minni háttar brot.

Málsatvik

Kærandur, Jóhann Sigurður Kristjánsson (f. 1960) og Bóas Kristinn Bóasson (f. 1961), eru íslenskir ríkisborgarar. Lögmaður þeirra fyrir dómstólnum var Friðbjörn Garðarsson, lögmaður sem starfar á Egilsstöðum.

Samkvæmt málatilbúnaði kæranda má draga atvik málsins saman á eftirfarandi hátt: Hinn 30. október 2003 sakfelldi Héraðsdómur Austfjarða þá fyrir ólöglegar veiðar, dæmdi þá til að greiða 50.000 íslenskar krónur (um 600 evrur) í sekt, svipti þá veiðileyfi í eitt ár og gerði riffla þeirra og veiðifang, 15 rjúpur, upptæk.

Hinn 18. desember 2003 hafnaði Hæstiréttur umsókn þeirra um áfrýjunarleyfi, og var sú ákvörðun tilkynnt lögmanni þeirra 9. febrúar 2004. Að því er kærandur segja eru það lög á Íslandi (18. kafli laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991), að hafi áfrýjandi ekki verið dæmdur til fangelsisvistar í undirrétti eða hafi sekt eða verðmæti upptekinna eigna ekki verið hærri en 420.000 kr (er samsvaraði hér um bil 5.250 evrum þegar kæran var lögð fram), þurfi hann, vilji hann vefengja dóm þess réttar, að fá áfrýjunarleyfi Hæstaréttar.

Kæran

Áfrýjendur bera fyrir sig 2. gr. sammingsviðauka 7 í tilefni af synjun Hæstaréttar um áfrýjunarleyfi.

Lagaatriði

Kærandur töldu sig hafa orðið fyrir broti á 2. gr. sammingsviðauka 7, sem er svohljóðandi:

- „1. Sérhver sá, sem dómstóll finnur sekan um afbrot, skal hafa rétt til að láta æðri dóm fjalla á ný um sakfellinguna eða refsinguna. Um beitingu þessa réttar skal gilda löggjöf, þar á meðal um tilefni þess að beita megi.
2. Réttur þessi getur verið háður undantekningum þegar um er að ræða minni háttar brot, eftir því sem fyrir er mælt í lögum, eða þegar fjallað var um mál viðkomandi manns á frumstigi af æðsta dómi, eða hann var sakfelldur eftir áfrýjun á sýknudómi.“

Samkvæmt greinargerð kæranda brjóta þau skilyrði, sem íslensk lög setja við því að réttar til áfrýjunar sé neytt, í bága við sjálfan kjarna þess réttar, sem kveðið er á um í 2. gr. sammingsviðauka nr. 7. Brotið sem þeir höfðu verið sakfelldir um

2. gr. 7. viðauka. Réttur til áfrýjunar sakamáls

gat ekki talist minni háttar, ef tekið væri tillit til sektarinnar, leyfissviptinganna og eignaupptökunnar. Að þeirra áliti var ekki unnt að líta svo á, að krafa um að þeir yrðu að sækja um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar væri réttlætanleg í máli þeirra. Samkvæmt þeim íslensku lögum sem við áttu varð að afla slíks leyfis ef dómstóllinn á fyrra dómstigi hafði ekki dæmt fangelsisvist, eða ef verðmæti eigna sem hann gerði upptækar fór ekki fram úr 420.000 kr (sem samsvaraði um 5.250 evrum þegar kærán var lögð fram). Að áliti kæranda sætti möguleikinn til að nýta áfrýjunarrétt til æðri dómstóls takmörkunum, sem ekki beindust að lögsmætu markmiði.

Dómstóllinn áréttar, að sammingsríkin hafa í meginatriðum mikið svigrúm til að ákvarða með hvaða hætti þess réttar skuli neytt, sem tryggður er með 2. gr. sammingsviðauka nr. 7. Þannig getur endurskoðun æðri dómstóls á sakfellingu eða refsingu lotið að bæði málsatvikum og lagaatriðum, eða verið takmörkuð við lagaatriði eingöngu. Í sumum löndum kann ákærður maður, sem áfrýja vill dómi, enn fremur að þurfa að sækja um leyfi til þess (Pesti og Frodl gegn Austurríki (ákv.), nr. 27618/95 og 27619/95, ECHR 2000-I (útdrættir)). Á sama hátt og gildir um aðgang að dómstólum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. verða takmarkanir í landslögum á rétti þeim til endurskoðunar, sem í ákvæðinu greinir, hins vegar að stefna að lögsmætu markmiði og mega ekki fara í bága við sjálfan kjarna þess réttar (sjá Krombach gegn Frakklandi, nr. 29731/96, 96. lið, ECHR 2001-II).

Svo að vikið sé að atvikum þessa máls sérstaklega, er rétt að taka fram í fyrstu að ekki er vefengt af hálfu kæranda að mælt var fyrir um þær takmarkanir, sem undan var kvartað, í löggjöf. Enn fremur lítur dómstóllinn svo á að afbrot þau, sem þeir voru sakfelldir fyrir, hafi verið „minni háttar“. Kemur þetta fram af því að hin álagða sekt var hófleg, þar sem hún samsvaraði um 600 evrum, og af fremur mildilegum viðurlögum að öðru leyti (sviptingu skotveiðileyfis í eitt ár og upptöku á rifflum þeirra og veiðifangi). Í ljósi þessa telur dómstóllinn að 2. mgr. 2. gr. sammingsviðauka 7 eigi hér við, og þá einnig undantekningin sem þar er kveðið á um frá rétti til endurskoðunar máls á æðra dómstigi.

Jafnvel þótt svo yrði litið á, að undantekningarákvæðið í 2. mgr. 2. gr. sammingsviðauka 7 ætti hér ekki við, vekur krafa um að sótt sé um áfrýjunarleyfi ekki upp álitafni varðandi brot á 1. mgr. 2. gr. Í því sambandi má benda á að í 19. lið skýringargreinargerðar um sammingsviðauka 7 segir:

„Í sumum ríkjum kemur fyrir að gerð er sú krafa, að maður, sem áfrýja vill máli til æðra dóms, sæki um áfrýjunarleyfi. Líta ber á sjálfan réttinn [samkvæmt 1. mgr. 2. gr.] til að leggja fyrir dómstól umsókn um áfrýjunarleyfi sem nýja umfjöllun í merkingu þeirrar greinar.“

Hvað sem öðru líður hafa kærndur ekki fært fram neinar málsástæður eða rök sem benda til þess að synjun Hæstaréttar um áfrýjunarleyfi hafi ekki stefnt að lögsmætu markmiði og hafi farið í bága við sjálfan kjarna réttarins til aðgangs að dómstólum (sjá Peterson Sarpborg AS o.fl. gegn Noregi (ákv.), nr. 25944/94, 27. nóvember 1996).

2. gr. 7. viðauka. Réttur til áfrýjunar sakamáls

Af þessu leiðir að vísa verður kærinni frá sem augljóslega illa grundaðri, samkvæmt 3. og 4. mgr. 35. gr. sáttmálans.

Því ákveður dómstóllinn samhljóða eftirfarandi: Kæra þessi er ótæk til meðferðar.